

SÚLUR

NORÐLENSKT TÍMARIT

LII. árg.
65. HEFTI 2026

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
JÓN HJALTASON

Eigandi og útgefandi
SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA
<https://www.sogufelageyfirdinga.is/>

Stjórn Sögufélags Eyfirðinga skipa:

Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir formaður (jonasigurlaug@gmail.com)

Þorsteinn Hjaltason varaformaður (th@alhf.is)

Jón Hlynur Sigurðsson gjaldkeri (jonhlynur2959@gmail.com)

Arnór Bliki Hallmundsson ritari

Aðalheiður Steingrimsdóttir

Varamenn:

Jakob Tryggvason

Sigfús Ólafur Biering Helgason

Skoðunarmenn:

Þorsteinn E. Arnórsson

og Karl Gunnlaugsson til vara

Ritnefnd Súlna skipa:

Björn Teitsson (banna@simnet.is)

Jón Hjaltason (jonhjalta@simnet.is)

Kristín Aðalsteinsdóttir (adalsteinsdottir@gmail.com)

Kristín Margrét Jóhannsdóttir <kristinj@unak.is>

Sögufélag Eyfirðinga þakkar Minjasafninu á Akureyri
fyrir greiðvikni við úrvegun ljósmynda.

Sögufélag Eyfirðinga

Óseyri 2

600 Akureyri

Sími / símsvari: 462-4024

ISSN 1670-3170

Umbrot: Ásdís Ívarsdóttir

Prentun og bókband: Prentmiðlun, Svansvottuð framleiðsla í Lettlandi

Akureyri 2026

Bernharð Haraldsson

Minning

Genginn er góður félagi og vinur, Bernharð Sigursteinn Haraldsson, sem lést 20. maí á liðnu ári. Við áttum margt saman að sælda. Fyrst sem kennari og nemandi. Meðal annars tókst Benna á einhvern óskiljanlegan hátt að berja inn í hausinn á mér röð reikistjarna talið frá sólu sem situr enn. Seinna lágu leiðir okkar saman í Gagnfræðaskóla Akureyrar, hann skólastjóri, ég kennari. Enn síðar tók Benni sæti formanns í ritstjórn Sögu Akureyrar og fylgdi mér þar á leiðarenda söguritunar.

Sögufélagið naut hans líka í ríkum mæli en hann átti stóran þátt í því að félaginu auðnaðist að gefa út hið mikla ritverk Stefáns Aðalsteinssonar, Eyfirðingar framán Glerár og Varðgjár. Þar sat hann í ritnefnd ásamt félögum sínum Birgi Þórðarsyni, Hauki Ágústssyni og Kristjáni Sigfússyni. Allt eljumenn sem lyftu sannkölluðu Grettistaki við að koma Eyfirðingum á prent.

Sjálfur var Benni með á þrjónum mikið verk um Skriðuhrepp hinn forna sem kom út 2021 í tveimur þykkum bindum. Þar fer Benni á kostum og gerir það sem honum var svo lagið, að blanda saman fróðleik og ríkri skemmtun enda sögumaður af guðs náð. Við í stjórn Sögufélags nutum þessa heldur betur en þar sat Benni lengi sem varamaður – með mætingarskyldu á stjórnarfundum – og um skeið sem ritari félagsins. Þetta voru skemmtilegir fundir, ekki síst vegna Benna frænda – já tímabært að nefna það að við vorum frændur en Benni var ættfróður með afbrigðum og minnið óbrigðult svo vakti furðu mína og aðdáun.



Skólamaðurinn Bernharð Sigursteinn Haraldsson lét ekki aðeins til sín taka sem kennari, skólastjóri og skólameistari, hann ritaði líka fjölmargt um skólamál og eftir hann liggja bækurnar: Um verkmenntun við Eyjafjörð og Verkmenntaskólann á Akureyri og Gagnfræðaskóli Akureyrar: Saga skóla í sextíu og sjö ár.

Ekki síst skein þó kennarinn í gegn þegar Benni færði skrif mín til betri vegar, alltaf á sinn hægláta hátt, kíminn, en aldrei úr neinum hæðum eða með vandlætingasemi. Það var gott að eiga hann að. Ég mun sakna frænda míns. Og símtala okkar sem urðu nánast að vikulegri venju eftir að hann fluttist suður yfir heiðar. Sögufélag Eyfirðinga hefur misst góðan liðsmann.

Jón Hjaltason

INGIBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR

„Þar fannst mér ég eiga heima ...“

Eyjafjörður í (staðar)vitund Ingibjargar Steinsdóttur leikkonu

Ingibjörg Sigurðardóttir fæddist í Reykjavík 1966 og ólst upp í Mjólká í Arnarfirði, Mosfellssveit og á Hellu. Hún varð stúdent frá Fjölbrautaskólanum á Suðurlandi og lærði síðan fatabönnun í Kaupmannahöfn. Hún fékkst við fatabönnun og verslunarstörf í Reykjavík, m.a. sem verslunarstjóri Habitat. Síðar tók hún BA-próf í bókmenntum og íslensku og MA-próf í bókmenntafræði frá HÍ. Hún hefur kennt við Háskólann á Akureyri frá 2005.



Heimkynni

Orðið *heim* hefur í hugum flestra sterk hugrenningatengsl við athvarf og vellíðan en um þetta vitnar einnig málshátturinn *heima er best*. Töfrar þessa orðs, *heim*, eru einmitt fólgnir í misvísandi merkingu þegar við bætist einhver ending, viðskeyti eða annar orðstofn.¹ Gott dæmi um þetta eru orðin *heim-a* og *heim-ur* en viðernið milli merkinga þessara orða er nánast óendanlegt og ekki er ósennilegt að Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur hafi haft rétt fyrir sér þegar hún staðhæfði að íslenska væri eina tungumálið í heiminum sem hefði sama orðstofn fyrir *heimili* og *veröldina*.² Til viðbótar er rétt að minnast orðtaksins að *fara að heim-an*, sem vel mætti hugsa sem einhvers konar brú á milli þessara orða. Þar að auki getur þessi skyldleiki gefið byr undir þann skilning að heimkynni þurfi ekki endilega að vera bundin einum stað heldur geti þau spannað samband mannsins við rýmið í heild – frá hinu nánasta til hins víðasta. Í þessum skilningi er heimili ekki einungis staður sem viðkomandi dvelur á heldur einnig hugarfylgsni sem geymir minningar, drauma og ímyndanir.

Í þessu samhengi verður fjallað um lífshlaup Ingibjargar Steinsdóttur leikkonu (1903–1965) sem einkenndist af tíðum búferlaflutningum milli lands-

¹ Sem dæmi mætti nefna *heimaalinn*, *heimsborgari*, *heimþrá* og *heimsókn*.

² Auður Ava Ólafsdóttir. Viðtal við nokkra íslenska rithöfunda um bókmenntir. Iceland Naturally 2000. <https://youtu.be/1MvRi34fye4?si=peGkHO66eGiLqILq>



Ingibjörg Steinsdóttir.

Mynd: Jón Kaldal

hluta, fyrst með foreldrum sínum en síðar ásamt eiginmönnum sínum eða vegna starfa hennar sjálfar og að lokum ein síns liðs á efri árum. Með Ingibjörgu togaðist á þrá sem beindist í ólíkar áttir eins og til dæmis að leiklist, ritlist, viðskiptum, stjórnmálum og búskap. Grundvallarstefið tengdist þó fyrst og fremst leiklistargyðjunni sem var hennar hjartans mál. Leiklistin gaf þó sjaldan mikið í aðra hönd og því þurfti hún oft að skapa eigin verkefni eða sinna líkamlega krefjandi störfum, til að mynda sem ráðskona eða við fiskverkun.

Ingibjörg sleit barnsskónum í Eyjafirði og á fullorðinsárum átti hún eftir að flytja þangað aftur – raunar ítrekað. Í ljósi tíðra búferlaflutninga þá vaknar sú spurning hvort hún hafi átt sér varanleg heimkynni – allavega í huganum. Hvernig þróuðust tengsl hennar við svæðið og hvernig tjáði hún sig um þau?³

Barnæska í Eyjafirði

Ingibjörg Steinsdóttir fæddist 26. júlí 1903 að Hvammi í Grýtubakka-hreppi. Hún var annað barn foreldra sinna en fyrir áttu þau tveggja ára gamlan dreng, Jónas. Foreldrar hennar voru Steinn Jónsson (1869–1952) skútuskipstjóri og Þorbjörg Þorbjarnardóttir (1876–1961) húsfreyja. Haustið 1900 gengu þau í hjónaband og fluttu árið eftir að Hvammi sem var æskuheimili Steins. Vorið 1903, nokkrum mánuðum áður en Ingibjörg fæddist, lenti Steinn í sjávarháska. Blessunarlega komst áhöfnin öll í land en fjárhagslegt tjón varð mikið, sérstaklega fyrir Stein skipstjóra en slysið markaði upphafið að fjárhagsvandræðum fjölskyldunnar.⁴

³ Um ævi og störf Ingibjargar, sjá: Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi. Ingibjörg Steinsdóttir leikkona (1903–1965) og sjálfsmýndasafni hennar*. (Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 25). Háskólaútgáfan 2020.

⁴ Um lífsferil Steins Jónssonar, sjá: Ingibjörg Sigurðardóttir og Páll Björnsson, „Hafstraumar örlaga. Greining á lífsferli Steins Jónssonar skútuskipstjóra“, *Súlur* 62 (2023), bls. 81–98.

Ári seinna fluttu hjónin í Þurrabúð við Ytri–Skjaldarvík í Glæsibæjarhreppi og þar fæddist Steinþór, þriðja barn þeirra hjóna. Fjölskyldan flutti síðan til Akureyrar 1906 þar sem hún bjó um fjögurra ára skeið en á þeim árum skiptu þau þrisvar sinnum um leiguhúsnaði. Fáar heimildir eru til um lífið á Akureyri en ef marka má barnasögur sem Ingibjörg skrifaði síðar á ævinni og byggja á æskuárum hennar á Akureyri, má ætla að fjölskyldunni hafi líðið vel þrátt fyrir versnandi hag. Að lokum fór það svo að fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur, einkum vegna veikinda sem Þorbjörg átti við að stríða og þurfti því að leita sér sérhæfðra lækninga.

Baslað í Reykjavík

Steinn hafði lært að stýra þilskipum en sú kunnátta mátti sín lítills á vélvæddum fiskiskipum sem þá voru að ryðja sér rúms. Í stað þess vann hann að mestu í landi og oftast í tímabundnum verkamannastörfum. Þorbjörg vann einnig ýmiskonar störf, einkum við þvotta fyrir heldri borgara. Sem fyrr flutti fjölskyldan oft milli lítilla leiguíbúða í miðbænum og var vistin oft á tíðum ansi bágborin. Um þetta skrifaði Ingibjörg til dæmis í bréfi til föður síns sem þá var staddur í Grundarfirði við fiskveiðar.⁵

Þorbjörg og Steinn lögðu hart að sér til þess að börn þeirra fengju einhverja menntun svo þeim farnaðist betur í lífinu. Jónas lærði húsgagnasmíði, Steinþór símverkjun og Ingibjörg fór í Kvinnaskólann. Henni líkaði þar mjög vel en ákvað samt að hætta eftir tvö ár og þiggja vinnu á Landsímanum þar sem faðir hennar hafði verið atvinnulaus í langan tíma og með þessu gat hún stutt við fjárhag foreldra sinna.

Á unglingsárum var Ingibjörg virkur þátttakandi í bindindishreyfingunni. Hún var félagi í stúkunni Verðandi númer 9 sem meðal annars stóð fyrir ýmsum viðburðum eins og leiksýningum og dansleikjum. Þar fékk hún tækifæri til að spreyta sig á sviði og var auk þess kosin flokksforingi. Áhugamálin voru þó ekki það eina sem fangaði huga ungrar stúlku því þar kynntist hún Ingólfi Jónssyni (1892–1982) frá Stóra-Eyjarlandi. Ingólfur var blaðamaður og setjari á *Alþýðublaðinu* auk þess sem hann sinnti stjórnarstörfum hjá Alþýðuflokknunum og Alþýðusambandinu.⁶ Þessar hugsjónir áttu vel við Ingibjörgu sem þekkti vel af eigin raun aðstæður fátæks verkafólks. Þar að auki var Ingólfur

⁵ *Einkaskjöl*. Ingibjörg Steinsdóttir, bréf til Steins Jónssonar, 14. og 19. maí 1920; Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 144–45.

⁶ Um pólitíska sýn og þátttöku Ingibjargar og Ingólfs, sjá: Ingibjörg Sigurðardóttir og Páll Björnsson, „Hjónaband í flokksböndum: Pólitísk þátttaka Ingibjargar Steinsdóttur og Ingólfs Jónssonar á árunum milli stríða“, *Saga* 54:1 (2016), bls. 55–102.

áhugamaður um listir og bókmenntir og þar mættust hugir þeirra. Að auki lagði hann stund á nám í lögfræði við Háskóla Íslands.

Heimahagar á ný

Ingibjörg og Ingólfur giftu sig árið 1922 og fluttu sama ár til Akureyrar þar sem Ingólfur hafði eignast helmingshlut í prentsmiðju Odds Björnssonar á móti Sigurði Oddssyni. Ingibjörg lét einnig til sín taka í atvinnumálum og bauð upp á námskeið í sníðagerð og hannyrðum nokkrum mánuðum eftir að þau fluttu í bæinn. Ári síðar opnaði hún Hannyrðaverzlun Akureyrar sem hún rak til ársins 1926 þegar þau Ingólfur fluttu úr bænum.⁷ Framtakssemi Ingibjargar er athyglisverð í ljósi þess að hún var einungis um tvítugt og fátítt að konur stæðu fyrir verslunarrekstri en menntun hennar í Kvennaskólanum hefur eflaust nýst henni vel í starfinu. Að öllum líkindum hefur Ingólfur einnig staðið þétt við bakið á konu sinni en svo virðist sem nokkurt jafnræði hafi ríkt í hjónabandi þeirra þrátt fyrir aldursmuninn. Þau skiptu reyndar nokkrum sinnum um leiguhúsnaði í bænum en ástæðan fyrir því kann að vera vankandi hagur þeirra og barneignir.

Fyrstu búskaparár ungu hjónanna reyndust erfið. Í apríl 1923 lést Jónas, bróðir Ingibjargar, rétt rúmlega tvítugur, eftir langvinn veikindi. Skömmu síðar eignuðust hjónin dreng sem þau nefndu einmitt Jónas en hann lést aðeins nokkurra vikna. Um haustið hélt Ingólfur áfram í námi sínu í lögfræði við Háskóla Íslands, jafnframt því að stýra prentsmiðjunni á Akureyri. Í mars 1925 eignuðust þau stúlkubarn sem komst á legg, Ingu Sigrúnu (d. 1986), og um sumarið sama ár lauk Ingólfur embættisprófi í lögfræði.⁸

Leiklist og stjórn má

Straumhvörf urðu í lífi Ingibjargar haustið 1925 þegar hún steig í fyrsta sinn á svið hjá Leikfélagi Akureyrar. Það var í leikritinu *Kinnarhvolssystur*. Hún fékk almennt góða dóma í blöðum fyrir leik sinn en var þó sögð helst til of ungleg fyrir hlutverkið en hún var þá 22 ára gömul. Væntanlega hafa þessi ummæli orðið henni hvatning til að halda áfram á þeirri braut sem átti eftir að marka líf hennar upp frá þessu.

Næsta ár, 1926, lék Ingibjörg með LA í *Heimkomunni* og kom einnig fram á góðgeraðarsamkomum með ljóðaupplestri. Þá sótti hún einnig tíma í framsögn hjá Davíð Stefánssyni skáldi sem var bekkjarbróðir Ingólfs úr

⁷ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 145–146.

⁸ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 147–148.

MR. Góður vinskapur tókst með Ingibjörgu og skáldinu og flutti hún jafnan ljóð hans á samkomum og í Ríkisútvarpinu enda hafði hún fengið sérstakt leyfi frá honum til þess.⁹



Ingibjörg og Ingólfur nýgift árið 1922.

Ingibjörg og Ingólfur voru virk í stjórn málum á þessum árum. Þannig var

til dæmis Jafnaðarmannafélagið á Akureyri stofnað á heimili þeirra í Túngötu 1 sumarið 1924 þar sem nú eru bílastæði. Fyrsti formaður og aðalhvatamaður að stofnun þess var Einar Olgeirsson, síðar einn helsti leiðtogi sósíalista á landsvísi.¹⁰ Náinn vinskapur var með Ingólfi og Einari sem hélst til æviloka.¹¹ Ingibjörg varð á þessum árum sífellt pólitískari en hún fann til þess að hafa ekki nægilega þekkingu á hugmyndafræðinni. Í bréfi til Einars Olgeirssonar kvartar hún undan þessu og segir: „Mér veitist mjög létt að tala um það sem ég ber skinbragð á, en ég er altófl grátlega illa að mér í sósíalísmus.“¹²

Heimaslóðir í huganum

Vorið 1926 urðu umskipti í lífi hjónanna. Ingólfur seldi hlut sinn í prentsmiðjunni á Akureyri og þau fluttu búferlum til Ísafjarðar þar sem hann tók við starfi bæjarstjóra. Ætla mætti að það hefði átt vel við þau að flytja í þetta helsta vígi jafnaðarstefnunnar á Íslandi en í áðurnefndu bréfi til Einars Olgeirssonar kemur fram tregi við fyrirhuguðum flutningum:

⁹ Haraldur Sigurðsson, *Saga leiklistar á Akureyri 1880–1992*, Leikfélag Akureyrar 1992, bls. 68, 85–86; Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 44–47. Sjá einnig Friðrik G. Olgeirsson, *Kormáksedli þjóðskáldsins. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, vinkonur hans og ástkonur*. Skrudda, 2025, bls. 45–46.

¹⁰ *Jafnaðarmannafélagið á Akureyri. Fundargerðabók 1924–1932. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 27*. Ritsstj. Jón Guðnason. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 1990.

¹¹ Haraldur Jóhannsson, „Nyrðra, syðra, vestra. Viðtal við Ingólf Jónsson hrl.“, *Tímarit Máls og menningar* 35:3–4 (1974), bls. 180–193, hér bls. 184.

¹² Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 86.



Ingibjörg hóf leiklistarferil sinn í Samkomuhúsinu á Akureyri.

Mynd: Hallgrímur Einarsson/Minjasafnið á Akureyri

Maður skyldi nú halda að við værum glöð yfir að Ingólfur er búin að fá þessa atvinnu, en það er eins og við munum ekki eftir því, heldur bara hinu að við eigum að fara héðan frá Akureyri. Á meðan ég var telpukrakki syðra, þráði ég altaf Akureyri. Þar fanst mér ég eiga heima, og þangað þráði ég að fara. Og nú þegar ég er búin að búa hér í fjögur ár er mér farið að þykja svo vænt um Akureyri að ég vil helst ekki fara héðan.

Síðan heldur hún áfram með stórbrotinni lýsingu á landslaginu:

Ég get stundum orðið svo snortin af náttúrufrögurð, að mér finst sem ég búi að því alla æfina. Ó! að sjá þegar sólin er að setjast á sumrin hér á Eyjafirði, fyrst byrjar að koma svolitill roði, og svo smásaman verður hann meiri og meiri þangað til hann er komin yfir alt norðurloftið og orðin eins og eitt eldhaf ... Það er stórfeingleg sjón, þá verð ég gagntekin af guðdómlegum tilfinningum.¹³

Textinn sýnir greinilega djúpstæða ástúð á staðháttum sem kallast á við hennar eigin tilfinningar en jafnframt söknuð eftir fortíðinni. Þess má einnig geta að þegar Ingibjörg tók upp á því að skrifa barnasögur fyrir Ríkisútvarpið á fjórða áratugnum, var Eyjafjörður tíðum sögusviðið.¹⁴

Vestur, norður og út í heim

Ingólfur og Ingibjörg létu strax til sín taka á hinu pólitíska sviði á Ísafirði, meðal annars með því að stofna þar jafnaðarmannafélag haustið 1926. Ingibjörg tók einnig virkan þátt í leiklistarlífinu á staðnum en þrátt fyrir þennan

¹³ Lbs. Bréfasafn Einars Olgeirssonar. Ingibjörg Steinsdóttir til Einars frá Akureyri 22. apríl 1925, bls. 1.

¹⁴ Sjá heildarsafn sagnanna: Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálfi í sviðsljósi*, bls. 235–288.



Ingibjörg, Ingólfur og Ása dóttir þeirra. Myndin er tekin á Ísafirði.

flutning vestur á firði hélt hún áfram að rækta tengslin við Leikfélag Akureyrar. Í ársbyrjun 1927 eignuðust hjónin annað stúlkubarn, Ásu Kristínu (d. 2006) en strax um haustið þetta sama ár hóf hún að æfa eitt aðalhlutverk-ið, Agnesi, í leikritinu *Dauði Natans Ketilssonar* eftir Eline Hoffman á Akureyri sem var frumsýnt undir lok janúar 1928. Sýningin markaði tíma-mót á leikferli Ingibjargar vegna þess að hlutverkið var krefjandi og reyndi mikið á skapgerðarleik leikarans. Miðað við umsagnir í blöðunum virðist sem sýningunni hafi verið afar vel tekið og leikdómar voru lofsamlegir, einnig frammistaða Ingibjargar sem þá var tiltölulega óreynd leikkona.¹⁵

Eftir velgengni sýningarinnar á Akureyri ákvað leikstjórinn, Haraldur Björnsson, að setja upp sýninguna hjá Leikfélagi Reykjavíkur sem þá var frekar illa statt vegna bágs fjárhags og ýmiskonar deilna því viðkomandi. Viðtökurnar í höfuðstaðnum voru með allt öðru móti en á Akureyri. Leik-dómarnir voru æði misjafnir, sumir harðir og jafnvel rætnir í einhverjum tilvikum. Þar var ýmislegt talið til eins og óskammfeilni leikstjórans, samansafn óhæfra leikenda utan af landi og einnig það að höfundur leik-ritsins var danskur.¹⁶

¹⁵ Haraldur Sigurðsson, *Saga leiklistar á Akureyri 1880–1992*, bls. 391; Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 48–50.

¹⁶ Sjá nánar, Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 39–45.

Mitt í öllum darraðardansinum kom fréttin um að Alþingi hefði samþykkt að veita Ingibjörgu eins árs styrk til leiklistarnáms erlendis eins og himnasending. Í ágúst hélt Ingibjörg ein síns liðs til náms í Berlín þar sem hún dvaldi um veturinn. Ferðabraín leitaði samt enn lengra. Í febrúar 1930 fór Ingibjörg til Moskvu til að kynna sér leikhúslífið en einnig þær pólitísku hræringar sem þar áttu sér stað. Ferðin olli straumhvörfum í lífi hennar og hún varð það heilluð af hinni sovésku þjóðfélagstilraun að þegar heim var komið vorið 1930 hellti hún sér tímabundið út í starf í þágu hreyfingar kommúnista. Starf hennar fólst einkum í því að flytja fyrirlestra um ágæti Rússlands víðs vegar um landið, með það að markmiði að safna fyrir dráttarvél handa þarlendu samyrkjubúi.¹⁷ Þarna gat Ingibjörg talað af reynslu og nokkurri þekkingu á sósíalisma sem hún áður þróaði. Þess utan er framtak þetta athyglisvert í ljósi þess að vélvæðing íslensks landbúnaðar hófst ekki fyrir alvöru fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld.

Árið 1934 fluttist fjölskyldan frá Ísafirði þegar Ingólfur lét af störfum sem bæjarstjóri. Ingibjörg flutti aftur til Akureyrar með börnin en Ingólfur fór til Reykjavíkur að vinna. Ætlunin var að hann kæmi norður og þau Ingibjörg tækju við búi foreldra Ingólfs á Stóra-Eyrrarlandi. Til þess kom þó ekki og á endanum sameinaðist fjölskyldan í höfuðstaðnum ári síðar.

Á Akureyri var Ingibjörg á heimavelli. Hún hafði nóg að gera í leiklistinni auk þess að koma fram á skemmtunum á vegum verkalyðsfélaganna og Alþjóðasambands verkalyðsins, sem hún hafði stofnað árið 1930 ásamt Ingólfi og fleirum. Haustið 1934 tók hún þátt í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á verkinu *Maður og kona* sem var frumsýnt í október og var henni mjög vel tekið og í byrjun næsta árs lék hún í verkinu *Á útleið*.¹⁸ Í þessu samhengi er athyglisvert að í desember eignaðist Ingibjörg sitt fimmta barn, dreng sem nefndur var Magni (d. 2008) og hefur því verið kasólétt eða nýbúið að eiga barnið þegar hún lék í þessum uppfærslum.

Eftir að suður var komið fjaraði smám saman undan hjónabandinu og þar kom að þau Ingólfur skildu árið 1939. Sambúð þeirra hjóna einkenndist samt af jafnræði og frelsi beggja til að sinna hugðarefnum sínum með tilheyrandi ferðalögum. Það sem gerði þeim þetta kleift var að þau bjuggu við nokkuð góð efni og höfðu lengst af ráð á því að hafa vinnukonu á heimilinu

¹⁷ Ingibjörg Sigurðardóttir, „Draumur um menntun, ást og sorg. Konan sem safnaði fyrir traktor handa rússnesku þjóðinni.“ *Íslensk menning* II. Til heiðurs Sigurði Gylfa Magnússyni á fimmtugsafmæli hans 29. ágúst 2007. Einsögustofnun, 2007, bls. 86–96.

¹⁸ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálfi í sviðsljósi*, bls. 62–63.

sem sinni börnunum þegar húsmóðirin var að heiman. Þar að auki var heimili þeirra afar gestkvæmt og stóð ávallt opið listamönnum og rithöfundum til dvalar.

Búskapur og brostnar vonir

Skömmu eftir skilnaðinn við Ingólf tók Ingibjörg saman við sér tólf árum yngri mann, Einar Magnússon (1915–1975), járnsmið, vélstjóra og síðar verksmiðjustjóra. Ári síðar flutti hún norður á ný, festi kaup á jörðinni Karlsá, rétt norðan Dalvíkur, og hóf þar búskap með nýja manningum og tveimur börnum hennar af fyrra hjónabandi, Ásu Kristínu og Magna. Sambúðin var þó með allt öðrum hætti en Ingibjörg hafði vonast til því Einar var bæði drykkfelldur og ofbeldishneigður. Verst lenti þetta á börnunum sem gátu lítið gert sér til varnar en Ingibjörg var líka ráðalaus því yfirvöld skiptu sér lítið af heimilisofbeldinu. Vorið 1941 fæddist þeim Einari dóttir, Ragnhildur (d. 2023), en hún er eina barnið þau áttu saman. Síðar þetta sama ár var Ása Kristín send til vinafólks Ingibjargar á Ísafirði eftir að Einar hafði gengið í skrokk á henni. Bréf sem Ingibjörg skrifaði síðar á ævinni vitna líka um miklar barsmiðar sem Einar beitti Magna son hennar.¹⁹



*Einar Magnússon og Ingibjörg.
Myndin er tekin 1939*

Þrátt fyrir ástandið á heimilinu virðist Ingibjörg hafa haft stórhuga áform um búskapinn á Karlsá. Í bréfi sem hún skrifaði til Ásu Kristínar á Ísafirði í byrjun árs 1942 sagðist hún ætla að byggja upp stórt svínabú því þá sé von um góðan hagnað.²⁰ Hugmyndir Ingibjargar um stórfellda svínarækt urðu þó aldrei að veruleika. Þær sýna þó hve nýjungagiörn hún var en búskapur með svín var þá enn lítill í landinu.²¹ Hún kom sér þó upp nokkrum svínum en fyrir hafði hún kýr, kindur og hænsn. Sá búrekstur varð þó ekki stór í sniðum. Þrátt fyrir erfiðleikana þá var það fegurð Eyjafjarðar sem hélt henni gangandi eins og hún rifjaði upp í bréfi árið 1961:

¹⁹ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 155–157.

²⁰ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 157.

²¹ Friðrik G. Olgeirsson, *Saga svínaræktar á Íslandi frá landnámi til okkar daga*. Svínaræktarfélag Íslands 2005, einkum bls. 101–102.



Ingibjörg hafði í hyggju að byggja upp stórt svinabú á Karlsá. Myndin er tekin þar. Brosandi stúlkan er óþekkt en dætur Ingibjargar og Ingólfs, Inga Sigrún og Ása Kristín, eru henni á vinstri hönd.

Karlsá er ysti bær í byggð á Upsaströnd við Eyjafjörð. Þar er unaðslega fagurt. Hrísey beint á móti, Hrólfssker utar og yzt sér til Grímseyjar. Inn Eyjafjörð sést að Svalbarðseyri og Svarvaðardalur, þessi fagra sveit blasir við á hægri hönd. Í öllu því andstreymi sem ég lifði þarna á Karlsá, hefur aldrei liðið úr minni mér þessi dásamlega fegurð náttúrunnar. Engan dag hafði hún sama lit. Litir náttúrunnar voru óendanlega margbreytilegir. Ég minnst þess, að stundum þegar ég í morgunkyrðinni á leið í fjósið, stanzaði á hlaðinu og horfði á alla þessa fegurð, það var eins og græðandi smyrsl á sál mína.²²

Enn á ný kemur vel fram hversu sterkar tilfinningar Ingibjörg bar til æskuslóðanna sem þó voru ekki einungis bundnar við Akureyri heldur frekar Eyjafjörð í heild sinni. Samkvæmt bréfinu má ætla að þær hafi verið henni allt í senn, uppspretta gleði og fögnuðar en jafnframt sefun í andstreymi lífsins.

Í sambúðinni með Einari fékkst Ingibjörg lítið við leiklist eða menningarvafstur en um vorið 1943 lék hún þó hlutverk Höllu í *Fjalla-Eyvindi* með LA. Aðsókn var mikil og gagnrýnendur lofsömuðu leik hennar.²³ Um sumarið flutti fjölskyldan til Reykjavíkur og fram til ársins 1950 lék Ingi-

²² *Eimkaskjöl*. Bréf Ingibjargar Steinsdóttur til stjórnar Kaupfélags Árnesinga, 7. febr. 1961.

²³ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálfi í sviðsljósi*, bls. 66–67.



Nýslegin tún við bæinn Karlsá en árið 1940 festi Ingibjörg kaup á jörðinni.

björg töluvert í leikritum hjá Ríkisútvarpinu, einu sinni hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar og nokkur aukahlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Fjalakettinum. Þá lék hún einnig í tveimur kvikmyndum Lofts Guðmundssonar, *Milli fjalls og fjöru* og *Niðursetningnum*. Við víslu Þjóðleikhússins 1950 lék hún einnig lítið hlutverk í *Íslandsklukkunni* en um haustið ákvað hún að færa sig um set.

Aftur á heimaslóðum

Ingibjörg flutti enn á ný til Akureyrar og starfaði á næstu árum einkum sem leikstjóri í nærsveitum. Eins og fram hefur komið þá steig hún fyrst á svið hjá LA árið 1925, og nú, rúmum aldarfjórðungi síðar, lék hún þar sitt síðasta hlutverk á sviði í gamanleiknum *Gift eða ógift*. Viðtökurnar voru með besta móti og var Ingibjörg sögð bera af í leikhópnum. Heiti leikritsins hafði líka ákveðna táknræna merkingu því einmitt á þessu ári var hún að skilja við síðari eiginmann sinn, Einar Magnússon.²⁴ Þegar farið er yfir leiklistargagnrýni sem Ingibjörg fékk kemur í ljós skýr munur á þeim sem hún fékk á Akureyri og í höfuðborginni. Í Reykjavík var samkeppni um leikhlutverk hörd og ekki auðvelt fyrir utanaðkomandi að öðlast þar sess. Aftur á móti virðist sem hún hafi tilheyrt samfélaginu á Akureyri, verið þar á heimavelli.

²⁴ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 72.



Til vinstri er Böðvar Jónsson frá Gautlöndum en hægra megin við Ingibjörgu situr Steingrímur Jóhannsson frá Grímsstöðum. Myndin er frá afmælishátíð Kaupfélags Þingeyinga í Mývatnssveit árið 1952.

Fram á mitt ár 1953 bjó Ingibjörg lengst af í Möðruvallastræti, en á Akureyri rak hún leiklistarskóla um eins árs skeið með tilstyrk bæjaryfirvalda. Ingibjörg dvaldi einnig á Húsavík, Siglufirði og í Þingeyjarsýslum þar sem hún kenndi leiklist og framsögn og setti upp leiksýningar með ýmsum félagasamtökum. Leiklistaráhugi íbúanna var mikill. Í viðtali við Ingibjörgu sem birtist í *Þjóðviljanum* árið 1959 minnst hún þess að nokkrir sjómenn á Húsavík hafi kvöld eftir kvöld komið að landi klukkan sjö og verið á æfingum hjá henni til klukkan ellefu en þurft þá að fara aftur út á sjó.²⁵ Og ekki var áhuginn minni til sveita. Í Mývatnssveit störfuðu til að mynda margir í kórum og tóku stundum lagið á æfingum hjá Ingibjörgu:

Fólkið kom á æfingar 5–7 km. vegalengd, allir á skíðum, í ískalt samkomuhús, leiksviðslaut, sem ekkert hafði upp á að bjóða. Ég hefi þó sjaldan verið á skemmtilegri leikæfingum. Þegar fólkinu varð kalt eða það var orðið þreytt á æfingunum, þá söng það með blönduðum röddum sér til hita og byrjaði síðan æfingar á ný af fullum krafti.²⁶

²⁵ „Dalía er tignuð út á landsbyggðinni“, *Þjóðviljinn* 27. maí 1959, bls. 6 og 9; „Leiðrétting“, *Þjóðviljinn* 27. maí 1959, bls. 6.

²⁶ „Hefi hvergi rekist á jafn þroskaðan söngsmekk og í Þingeyjarsýslu“, *Íslendingur*, 7. maí 1952, bls. 1.

Sé litið yfir leikritin sem Ingibjörg setti upp með áhugaleikfélögum um landið sést að þau eru langflest annað hvort gamanleikir eða söngleikir. Leikritavalið er skiljanlegt í ljósi þess að flestir leikararnir voru byrjendur og einnig hafa slíkar sýningar verið líklegri til vinsælda. Á þessu var þó ein undantekning því að í Mývatnssveit setti Ingibjörg upp *Mann og konu* eftir Emil og Jón Thoroddsen. Í viðtali við *Íslending* kvaðst hún fyrir fram ekki hafa látið sig dreyma um að setja upp þetta leikverk „uppi undir öræfum, í nær samfelldum stórhriðum, við þau skilyrði sem þar voru fyrir hendi“. Hótelhaldarinn í Reynihlíð lánaði leikhópnum hótelið til leiksýninga og búninga varð fólk sér úti um í sveitinni – voru leikendur í fatnaði af forfeðrum sínum.²⁷

Um mitt ár 1953 flutti Ingibjörg suður yfir heiðar og settist að í Reykjavík. Á næstu árum átti hún eftir að sinna tímabundnum störfum, til dæmis sem ráðskona víða um land þar sem vinnudagurinn var að jafnaði tíu til ellefu klukkustundir. Samhliða því gerði hún það sem hugur hennar stóð til, að leikstýra leikhópum og efla menningarlíf á smærri stöðum hringinn í kringum landið.²⁸ Það nýja líf sem Ingibjörg hóf í kjölfar síðari skilnaðar síns sýnir konu sem leitaðist við að stýra eigin örlögum.²⁹



Ingibjörg les kvæði sem hún gerði iðulega á skemmtunum enda einlægur ljóðaunnandi. Gjarnan voru það ljóð Davíðs Stefánssonar en þau voru góðir vinir og veitti Davíð henni sérstakt leyfi til að lesa upp ljóð sín opinberlega.

²⁷ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 77–78.

²⁸ Til að mynda setti hún upp leikrit í Borgarnesi, á Eskifirði, Ísafirði, Hvolsvelli, Höfn í Hornafirði, í Keflavík, Kópavogi, á Neskaupstað, Ólafsfirði, Reyðarfirði og Seyðisfirði.

²⁹ Um uppreisn Ingibjargar gegn kvenlegum gildum sjá: Ingibjörg Sigurðardóttir, „Á eigin vegum. Ingibjörg Steinsdóttir leikkona (1903–1965).“ Í Irma Erlingsdóttir o.fl. (ritstj.), *Margar myndir ömmu. Konur og mótun íslensks samfélags á 20. öld*, Háskólaútgáfan, 2016, bls. 189–213.



Ingibjörg ferðbúin.

Far vel, Eyjafjörður minn

Saga Ingibjargar Steinsdóttur hófst í Hvammi í Eyjafirði austanverðum. Sögulok má rekja til óhapps í mynni fjarðarins vestanverðum. Haustið 1962 var Ingibjörg ráðskona hjá bormönnum sem leituðu að heitu vatni á Skeggyjabrekkudal í Ólafsfirði. Hún brenndist illa í andliti og á höndum í sprengingu sem varð þegar hún kveikti upp í gaseldavél í vinnuskúr.³⁰ Ingibjörg glímdi við veikindi í mörg ár en eftir slysið var hún að mestu á sjúkrahúsi þar til hún lést vorið 1965. Þrátt fyrir að Ingibjörg hafi lifað flökkulífi og starfað að leiklist í flestum sýslum og kaupstöðum

landsins þá sést samt að hugur hennar og hjarta bar síns heimalandsmót eins og skáldið Stephan G. Stephansson kvað. Þangað leitaði hún ítrekað þótt ekki staldraði hún lengi við í hvert sinn en það skýrist að miklu leyti af störfum hennar. Að lokum er rétt að geta þess að Ingibjörg hafði mikið dálæti á ljóðum og var oft á tíðum með ljóðalestur á skemmtunum. Þess vegna er við hæfi að ljúka þessum skrifum á eftirfarandi vísukorni eftir Vatnsenda-Rósu sem ætla má að Ingibjörg hafi lesið og fundið til samlíðunar:

Beztan veit eg blóma þinn,
blíðu innst í reitum.
Far vel, Eyjafjörður minn,
fegri öllum sveitum.³¹

³⁰ Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, bls. 162.

³¹ Rósa Guðmundsdóttir. *Skáld-Rósa – heildarsafn kveðskapar*. Ragnar Ingi Aðalsteinsson ritstýrði. Sæmundur útgáfa 2022, bls. 29.

„Heldurðu að þú getir spilað þig í gegnum lífið, ungi maður?“

Hljómsveitarferill minn

Það má rekja áhuga minn á tónlist langt aftur. Ungur hafði ég strax áhuga á alls konar tónlist. Faðir minn var í Karlakór Akureyrar og söng mikið heima en hann og félagar hans létu sér ekki nægja söngæfingar hjá kórnum.

Að loknum æfingum komu þeir stundum heim og héldu áfram að syngja með löggi í glasi og gilti þá einu hvað klukkan var. Þetta orsakaði það að ég lærði mörg af þessum lögum og man sum enn.

Ég var í sveit að Ytra Laugalandi í Eyjafjarðarsveit. Þá var þar til harmonikka og gítar og á góðviðriskvöldum átti fólk það til að fara suður fyrir bæ og syngja og spila. Þarna var ég á hverju sumri frá 5 ára aldri og fram að fermingu. Ég er þessu fólki sem að þarna bjó afar þakklátur fyrir þennan tíma af æfi minni. Ég hefði ekki getað lent á betri stað.

Ég söng gjarnan fyrir kýrnar en þær virtust ekki hafa mikinn áhuga. Um gamla dráttarklárinn Jarp gegndi hins vegar allt öðru máli. Hann var hafður í hólfi fyrir ofan veg og þangað fór ég oft að ná í hann. Og vitaskuld söng ég fyrir hann líka en öndvert við kýrnar lagði hann við eyrun en oft hristi hann hausinn – en hann hlustaði þó.

Ég var alltaf að reyna að syngja eins og Guðmundur Jónsson óperusöngvari og þá helst lagið Hraustir menn þar sem Guðmundur syngur einn mjög langan tón. Ég var búinn að telja það í huganum hversu langur þessi tónn var en náði honum aldrei. Þetta virtist Jarpur vita því að hann hristi gjarnan hausinn



Rafn með Simbalinn sem nú er orðinn að veggljósi á heimili hans á Akureyri.

Þegar ég reyndi að ná langa tóninum. Mig grunaði ekki þá að þarna fyrir ofan veg ætti hólfíð hans Jarps eftir að hverfa endanlega undir félagsheimilið Freyvang, hvað þá að þar ætti ég eftir að spila og syngja á ótal böllum.

„Kannt þú að spila vals og tangó?“

Ég varð snemma áhugasamur um trommuleik. Af hverju veit ég ekki, þetta bara gerðist. Þegar ég var sendill á skrifstofum KEA vann þar maður að nafni Rögnvaldur Gíslason. Hann hafði verið trommari en var hættur að spila. Ég greip því tækifærið og keypti af honum eitthvað af gamla trommudótinu hans. Þar á meðal nýjan Símbal (disk) sem hann hafði fengið vöruinnkaupadeild KEA til að panta fyrir sig frá Bandaríkjunum. Hann var af gerðinni Zildtian og þótti mjög góður. Ég notaði hann alla mína spilatíð og á hann enn, að vísu núna sem veggljós sem einn sona minn bjó til.

Á þessum tíma komu gjarnan tónlistarmenn að sunnan og spiluðu á Hótel KEA yfir sumarmánuðina en þeir héldu æfingar eftir hádegi. Ég var oft að sniglast á hótelinu, var þá sendill á skrifstofu KEA og tíðum sendur á hótelið með eitt og annað. Þar var maður að nafni Reynir Sigurðsson – hann spilaði seinna með Sinfóníuhljómsveit Íslands – sem leyfði mér oft að taka í trommurnar og kenndi mér undirstöðu æfingar en það var eina til sögnin sem ég hef fengið í trommuleik.

Áður nefndur Rögnvaldur, sem seldi mér fyrsta trommudótið mitt, hafði spilað með Kidda Palla eða Kristni S. Kristjánssyni. Hann sagði Kidda Palla frá mér en hjá Kidda leigði herbergi strákur, ný fluttur í bæinn framan úr sveit, að nafni Gunnar H. Tryggvason. Gunnar spilaði á gítar og nú fékk Kiddi okkur til að spila með sér á balli í Vaglaskógi og í Sólgarði. Þetta er 1960. Áður hafði ég spilað nokkrum sinnum með Hauki og Kalla sem voru harmonikkuleikarar. Og gamlárskvöldið 1959 spilaði ég með Árna Ingimundarsyni og Ingva Rafni Jóhannssyni í Frímúrarahúsinu frá kl. 12 til 3 um nóttina.

Árni hafði spurtt mig: Kannt þú að spila vals og tangó og begin musik? – sem var svona suðrænn taktur.

Ég játti því og var samstundis ráðinn án nokkurrar æfingar.

En aftur að Gunnari H. Tryggvasyni. Á milli okkar tókst traust vinátta sem haldist hefur alla tíð síðan. Gunni sagði mér frá strák sem væri líka fluttur í bæinn utan af Árskógsströnd. Hann væri góður hljóðfæraleikari og hétu Pálmi Stefánsson. Við þrír fórum nú að hittast og spila saman. Pálmi segir okkur að frændi hans væri að koma úr Samvinnuskólanum að Bifröst

og hefði verið þar með hljómsveit og hétu Birgir Marinósson. Birgi langaði til að halda áfram að spila. Við fórum svo að hittast og æfa saman nokkur lög. Þetta samstarf endaði svo í hljómsveit Birgis Marinóssonar sem spilaði sitt fyrsta ball 28. október 1961 í Víðihlíð í Húnavatnssýslu. En að sjálf-sögðu fórum við ekki af stað fyrr en við höfðum látið sauma á okkur ljós-gráa jakka hjá JMJ en það var tíðarandinn þá að hljómsveitir urðu að eiga sér einkennisklæðnað, sérstök hljómsveitarföt.

Birgir spilaði á vibrafón en það hljóðfæri er ekki mjög algengt í hljómsveitum. En þarna hófst spilamennskan fyrir alvöru hjá okkur öllum og við bundumst vináttuböndum sem áttu eftir að halda ævilangt þótt leiðir skildu í hljómsveitarbransanum. En allir héldum við áfram að spila það sem eftir lifði ævi.

Við fengum nóg að gera eftir októberballið í Víðihlíð.

Næstu mánuði vorum við á faraldsfæti. Næsta ball okkar var í Árskógi 4. nóvember, svo 11. nóvember á Húsavík, 18. nóvember í Lóni á Akureyri og 26. desember í Árskógi, 27. desember í Héðinsminni í Skagafirði, 28. desember í Árskógi og 31. desember aftur í Árskógi. Áður en yfir lauk höfðum við spilað á samtals sextíu og einu balli, síðast á Hótel Höfn á Siglufirði þann 29. september 1962. En þá ákvað Birgir að taka sér smá frí frá spilamennsku. Við hinir héldum áfram og fengum til liðs við okkur Sveinbjörn Vigfússon sem spilaði á gítar. Við vorum þá komnir með tvo gítarleikara því að Gunnar spilaði líka á gítar. Þetta var tímanna tákn. Shadows voru þá afar vinsælir en þeir voru mjög gítarsinnaðir. Við tókum það upp og spil-uðum bara gítartónlist. Gunnar og Sveinbjörn voru á gítar, Pálmi spilaði á bassa og harmonikku og ég á trommur. Fyrsta ballið okkar var í Laugarborg 6. október 1962 en alls spil-uðum við á 88 böllum undir nafninu Hljómsveit Pálma Stefánssonar.

„Nei, hér færð þú ekki neitt“

Í janúar 1963 kaupi ég nýtt trommuset, PREMIER, í hljóðfæraverslun Poul Bernburg í Reykjavík á 37,000 krónur. Þetta var mikill peningur á þeim tíma því að hljóðfæri voru í lúxustolli. Til viðmiðunar má nefna að þá vorum við að fá 600 krónur á mann fyrir böll í Freyvangi og Laugarborg.

Ég hafði farið á fund Jóns Sólnes, bankastjóra Landsbankans, og falast eftir láni.

Hann hafði spurt: „Og hvað ætlar þú að gera við svona mikla peninga ungi maður?“



Trommusettið dýra sem bankastjórinn Jón Sólnes taldi hin verstu kaup.

Ég svaraði sem var að ég ætlaði að kaupa trommusett.

Hann endurtók hneykslaður og með töluverðri áherslu: „Trommusett, heldurðu að þú getir spilað þig í gegnum lífið ungi maður? Nei, hér færð þú ekki neitt.“

Ég fór svo suður, með Gunnari, og náði að semja við verslun Poul Bernburgs um að borga vissa upphæð á mánuði og þannig gat ég klofið kaupin á nýja trommusettinu. Gunnar hins vegar keypti gítar.



Fyrsta alvöru hljómsveit Rafns, hljómsveit Birgis Marinóssonar. Frá vinstri, Pálmi Stefánsson, Gunnar H. Tryggvason, Rafn og Birgir Marinósson og víbrafónninn sem Birgir spilaði á. Og allir í einkennisklæðnaði, saumudum hjá JMJ.

Með nýja settið var svo haldið til Hríseyjar og spilað þar á sjómannadegi. En þegar leið á kvöldið og fram á nóttina gerði svo mikla þoku að báturinn sem átti að fara með okkur í land fór hvergi. Okkur var þá boðið í næsta hús í partý upp á mat og drykk. Og þar vorum við fram á morgun en þá birti og við komumst í land aftur. Um verslunarmannahelgina spiluðum við á Fáskrúðs-firði, bæði laugardag og sunnudag, en síðasta ball Hljómsveitar Pálma Stefánssonar var 22. september 1963 í Alþýðuhúsinu Akureyri. Samtals urðu þetta 88 dansleikir þetta ár sem sveitin lifði, eða um sjö í mánuði hverjum.

Húsband Alþýðuhússins

Enn verða breytingar. Pálmi hættir og Sveinbjörn líka en til liðs við okkur Gunna koma Reynir Schiöth, sem spilaði á píanó, Þorsteinn Kjartansson, sem spilaði á saxófón og klarínett, og Hjalti Arnarson söngvari. Þarna höfðu aftur orðið vatnaskil í tónlistarsögunni. Shadows voru ekki lengur vinsælasta hljómsveitin. Nú var runninn upp tími Bítlana og Bítlaæðis. Eftir þetta voru öll lög sungin.



Hljómveit Pálma Stefánssonar. Frá vinstri, Sveinbjörn Vigfússon, Rafn, Gunnar H. Tryggvason og Pálmi Stefánsson.

Fyrsta ball sveitarinnar, sem við kölluðum Comet, var 11. október 1963 í Alþýðuhúsinu á Akureyri.

Á þessum árum hlustaði ég mikið á Radio Luxemburg. Ég var búinn að koma fyrir miklu loftneti til að ná útsendingunni betur sem var áriðandi því að stöðin spilaði alltaf nýjustu lögin. Maður lá yfir þessu og tók allt upp á segulband til að ná textunum betur. Þeir voru svo hripaðir niður, að vísu ekki alltaf hárréttir því að þrátt fyrir loftnetið góða voru hlustunarskilyrðin misjöfn. Og svo skildi maður nú ekki allt svo að við bættum stundum inn í textana frá eigin brjósti. En það var allt í lagi því að ballgestir vissu ekkert betur en við og lögin komust til skila og það var aðalmálið.

Það má segja að við höfum verið húsbænd Alþýðuhússins á þessum tíma. Það er skondið að segja frá því að áður en við tókum þarna við var aðeins einn hátalari í salnum og honum stjórnað úr eldhúsinu. Þar var takkinn til að hækka og lækka í þessum eina hátalara hússins. Við komum með okkar eigið hljómkerfi.

Það var nóg að gera, böll nánast á hverju kvöldi. Því til sanninda get ég nefnt að böllin í Alþýðuhúsinu þetta fyrsta haust okkar og til áramóta 1963 urðu alls 37. Þá tíðkaðist að spila í syrpu, þrjú lög í einu og síðan var gert smá hlé og leiddu menn þá dömuna til sætis. Síðan hófst ný syrpa með nýrri dömu. Fyrst var oftast spilað eitthvert dansvænt lag, síðan fjórugt lag og í lokin rólegt lag.

Síðasta ball Comet var þó ekki haldið í Alþýðuhúsinu heldur á Hótel KEA sunnudaginn 31. maí 1964. Comet spilaði á alls 95 böllum

Freistingarnar voru stórar

Enn verða breytingar. Sveinbjörn kemur aftur til liðs við okkur Reyni og Þorsteinn, svo og Axel Clausen gítarleikari en Hjalti hættir. Ég tek því að mestu við söngnum með trommuleiknum. Þá kaupir Reynir nýtt hljóðfæri, Cembalett, sem var nokkurs konar rafmagnspíanó og mjög vinsælt í hljóm-sveitum á þessum tíma.

Þetta nýja band kallaðist Astro. Við hefjum leik 2. júní 1964 í Alþýðuhúsinu og spiluðum mikið hér austur undan og um verslunarmannahelgina í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Þann 17. september spiluðum við á Hótel KEA með danskri hljóm-sveit, The Telstars, sem var hér á tónleikaferð. Síðasta ball Astro með þessari liðsskipan var 28. september í Alþýðuhúsinu en samtals urðu þau 48.

Næsta breyting er sú að Þorstein Kjartansson hættir en til okkar kemur Kristinn S. Kristjánsson (Kiddi Palli) og söngvarinn Óðinn Valdimarsson sem þá var orðinn landsfrægur. Hann hafði verið fyrir sunnan en var nú kominn norður aftur. Bakkus gerði honum lífið erfitt og hann átti það til að lalla fram í sal á miðju balli og koma ekki aftur. Þegar við ávittum Óða svaraði hann: „Ég er að safna vinsældum.“

Óði var indælisdrengur og sjálfum sér verstur. Og freistingarnar voru sannarlega miklar. Það var alltaf verið að bjóða okkur í eftirpartí, sem ég þáði aldrei. Já og gjarnan borið í okkur vín á meðan við vorum að spila. Ég man að á Sjómannadagsballi í Hrísey var komin löng glasaröð hjá einum félaganum okkar. Ég vissi að hann var veikur fyrir og hafði sagt við hann fyrir ballið að drykkja yrði ekki liðin á meðan við værum að spila.

„Við erum að vinna og megum ekki verða fullir,“ sagði ég. Hann stóðst prófið að þessu sinni en um leið og ballinu lauk hvolfdi hann í sig úr öllum glösunum sem varð til þess að við urðum að bera hann í land meðvitundarlítinn.

Öðru sinni vorum við að spila í Neskaupstað. Morguninn eftir þegar við vorum að tína dótið okkar í bílinn kom í ljós að einn félagann vantaði. Daginn áður hafði verið varðskip á höfninni og áhöfnin á ballinu en skipið siglt snemma um morguninn. Þegar við erum þarna búnir að hlaða bílinn og í þann veginn að leggja í hann sjáum við hvar varðskipið kemur brunandi og í land stekkur okkar maður, heldur framlágur eftir drykkju næturinnar.

Samt var slegist

Þrátt fyrir mannskriptin héldum við Astro-nafninu áfram. Fyrsta ballið var í Skjólbrekku 3. október 1964. En Astro entist stutt eða til áramóta, síðasta ballið var á Hótel KEA 31. desember 1964. Samtals urðu böllin 13 á þessum seinni líftíma sveitarinnar.

Nú fækkar í hljómsveitinni. Óðinn hættir og Sveinbjörn líka en eftir verða Kiddi Palli á harmonikku og bassa, Reynir Schiöth á semball, Axel Clausen á gítar og ég á trommur og söng. Við hefjum leik 6. febrúar 1965 í Frímúrarahúsinu, sveitin heitir sem fyrr Astro og spilar á 25 böllum, því síðasta 30. desember í þinghúsinu á Svalbarðsströnd.

Þá kemur til sögunnar hljómsveitin Laxar og nýr liðsmaður, Grétar Ingvarsson, gítar og söngur, og við hinir Kiddi Palli á harmonikku og bassa, Reynir Schiöth á semball og ég.

Laxar hófu leik 6. janúar 1966 í gamla þinghúsinu á Svalbarðsströnd. Dansinn dunaði á efri hæðinni. Stiginn var vondur og ég í vandræðum með að koma trommusettinu upp. Gólfíð var líka farið að láta á sjá og dúaði þegar við spiluðum mazurka. Niðri var kaffisalan og hefur varla verið skemmtilegt að sitja þar og drekka kaffi á meðan við spiluðum og gólfíð svignaði.

Laxar spiluðu á 70 böllum. Meðal annars í Hrísey en í Sæborg var ekki mikið pláss þannig að líka var setið á bak við hljómsveitina. Og mátti heita að ég sæti nánast við borðið þar hjá fólkinu. Þar var kona nokkur sem í hvert sinn sem hún fór út á dansgólfíð neyddist til að troða sér fram hjá mér og greip þá gjarnan utan um mig þannig að ég hrökk við og var næstum dottinn af stólnum.

Svo var mikið hestamannaball á Grund í Svarfaðardal sem varð dálítið sérstakt því að lögreglan kom til okkar og bað okkur vinsamlega að fara ekki í pásu því að þá yrði allt vitlaust sem að við gerðum að sjálfsgöðu. Samt brutust út slagsmál.

Fyrsta ball okkar 1968 var 1. janúar á Hótel KEA. Þá var komin til sögunnar söngkonan Sæbjörg Jónsdóttir. Reynir Schiöth hafði þá líka fjárfest í Farfisa orgeli en þau voru nýkomin til landsins og allar alvöru hljómsveitir urðu að eiga.

Við þvældumst víða. Þann 29. apríl vorum við til dæmis í Skíðahótelinu, 4. maí í Egilsbúð á Neskaupstað, 11. maí, í Miðgarði í Skagafirði, næstu tvær helgar, á Hótel KEA, svo í Árskógi og Hrísey og 17. júní á Ráðhústorginu á Akureyri. Svona voru flestar helgar, flandur eitthvert út á land



Astro. Rafn, Þorbjörg Ingvadóttir og Grétar Ingvarsson. Fyrir framan Rafn er Kristinn Sigurpáll Kristjánsson (Kiddi Palli) og hægna megin Reynir Schiöth.

Hægt að dansa öll kvöld vikunnar

Þarna ákveðum við í hljómsveitinni Löxum og Hljómsveitin Pólo, sem Pálmi Stefánsson var með, að taka Alþýðuhúsið á leigu yfir sumarið. Þá var opið í Sjallanum öll kvöld til kl. 11.30 en togarasjómönnum fannst það ekki nóg. Þeir höfðu samband og vildu hafa böll þegar þeir væru í landi en þá kom Svalbakur inn á mánudegi, Kaldbakur á þriðjudegi og Harðbakur á miðvikudegi og svo framvegis. Þannig að við höfðum opið frá klukkan tvö til eitt um nóttina en notuðum tímann frá kl. 21 til æfinga. Við skiptumst á um að spila, Laxar kannski á mánudögum og þriðjudögum og Pólo á miðvikudögum og fimmtudögum. Þetta gerðum við tvö sumur í röð.

Á þessum tíma gat fólk farið út að dansa öll kvöld vikunnar. Við höfðum nú kannski ekki mikið út úr þessu en það var gaman. Við spiluðum á 79 böllum, síðasta ballið var 2. apríl á Hótel KEA. Þá hætti Sæbjörg.

Sama bandið hélt áfram nema að nú kom ný söngkona, Þorbjörg Ingvadóttir. Hún hóf að syngja með okkur 19. apríl 1969 á Hótel KEA. Áfram var sami þvælingur á okkur. Við spiluðum tvö kvöld í röð á Stöðvarfirði 30. og 31. ágúst og fórum svo vestur í Búðardal 7. september.

Þann 20. september spiluðum við í Hlégarði í Mosfellsbæ. Daginn eftir

fórum við í upptöku hjá Ríkisútvarpinu og helgina þar á eftir aftur tvö kvöld á Stöðvarfirði. Þar höfðum við með okkur svefnpoka og sváfum á senunni innan um hljóðfærin en það var eini staðurinn sem var með teppi á gólfinu. En loftið var ekki gott, mettað reykt og ryki eftir ballið. En þetta lét maður sig hafa.

Svona gekk þetta allt sumarið hjá okkur. Gamlárskvöldið spiluðum við á Dalvík. Um nóttina varð allt ófært en við í hljómsveitinni vorum búnir að bjóða konum okkar út að borða í Sjallanum á nýárskvöldinu. Reynt var að fá snjóbil til að fara með okkur inn eftir en að lokum vorum við settir um borð í bát. Við urðum sem von var heldur seinir. Konurnar voru farnar á ballið en við náðum í afganginn af matnum.

Síðasta ballið var 22. apríl 1970 en þá urðu enn breytingar. Grétar Ingvarsson hættir og inn kemur Gunnar Tryggvason á gítar en við héldum Laxa-nafninu áfram. Fyrsta ballið okkar með þessu breytta liði var 6. maí 1970 á Hótel KEA.

Þá erum við beðnir um að spila undir hjá kór MA félagi undir stjórn Sigurðar Demetz. Kórinn og við förum síðan í tónleikaferð til Færeyja. Við spilum undir á tónleikum kórsins og síðan er ball á eftir. Við spiluðum í Sörvogi, Sandö, Vestmanna og á þremur böllum í Þórshöfn. Þetta var frá-bærlega gaman. Þorbjörg hættir eftir þessa ferð. Síðasta ballið var í Þórs-höfn 23. júní 1970. Samtals náði þessi sveit því tólf dansleikjum.

Áfram er haldið, nafnið er óbreytt en nú erum við bara fjórir í hljómsveitinni, Kiddi Palli, Reynir, Gunni og ég. Fyrsta ballið okkar var í Alþýðuhúsinu 20. júlí, síðan 23., 28. og 30. Síðan 1. og 2. ágúst í Vaglaskógi og á útiskemmtun í Stórarjódri á laugardeginum.

Þann 26. september vorum við ráðin til að spila á Ísafirði og áttum við að fljúga þangað. Hljómsveitin BG og Ingibjörg ætluðu að nota sömu vél og spila á Blönduósi. Við vorum komnir inn á flugvöll um hádegi en þá var ófært til Ísafjarðar og hélt það allan daginn. Þetta endaði með því að við flugum til Blönduóss og spiluðum þar en BG spilaði á Ísafirði. Næstu helgi fórum við svo til Fáskrúðsfjarðar.

Samantektin sýnir að fá frá 20. júlí 1970 til 27. mars 1971 spiluðum við á 58 böllum. Það síðasta var á Hótel KEA.

Flogið fyrir Tryggva

Enn er stofnuð ný hljómsveit, Úthljóð. Þar innanborðs eru Gunnar Tryggvason bassi, Grétar Ingvarsson gítar, Örvar Kristjánsson, harmo-

nikka, hljómborð og söngur. Fyrsta ballið okkar var 2. apríl 1971 í Alþýðuhúsinu. Þarna var svo komið að við vorum þrír sem skiptum með okkur söngnum. Síðasta ball okkar fjórmenninganna var 6. júní í Árskógi. Samtals 14 böll.

Nú gengur til liðs við okkur söngkonan Erla Stefánsdóttir sem búin var að syngja inn á nokkrar plötur og orðin mjög vinsæl. Við héldum sama nafninu, Úthljóð, og okkar fyrsta ball með Erlu var 17. júní á Dalvík. Síðan leystum við hljómsveit Ingimars Eydals af í Sjallanum í smá tíma og fengum sendingu frá Hótel Loftleiðum, söngkonu sem átti að skemmta í Sjallanum eina helgi. Við vorum heila nótt að æfa með henni en hún var engin söngkona og vorum við þeirri stund fegnastir þegar hún fór suður aftur.

Um verslunarmannahelgina spiluðum við á tveimur böllum í Vagla-skógi og á útiskemmtun á sunnudeginum. Þann 31. ágúst fórum við suður og tókum upp sjónvarpsþátt sem hefur því miður glatast.

Þann 11. september flugum við með Tryggva Helgasyni sem rak hér flugfélag og átti tveggja hreyfla Beechcraft vél sem passaði vel fyrir heila hljómsveit. Við flugum til Hornafjarðar þar sem átti að slá upp balli. Þegar við erum að fara heim aftur á sunnudeginum kemur maður til Tryggva og spyr hvort hann geti ekki sett sig niður á Vopnafjörð í leiðinni.

„Ég ræð engu,“ svarar Tryggvi. Maðurinn snýr sér þá til mín en ég var þá lengi búinn að standa fyrir hljómsveitum, sá um ráðningar og uppgjör og það annað sem þurfti til að halda öllu gangandi. Ég svara manningum um hæl að það sé í stakasta lagi að skutlast með hann. En þegar við komum yfir Vopnafjörð er ansi lágskýjað. Tryggvi fer þá í einhverja takka og segir: „Ætli við förum ekki bara hérna niður.“

Þegar við komum niður úr skýjunum blasir flugvöllurinn við í beinni stefnu. Lendingin gengur eins og í sögu. Maðurinn stekkur frá borði og við í loftið aftur. Ég sat fram í hjá Tryggva og titlaði mig vitaskuld aðstoðarflugstjóra. Þetta tók Tryggvi bókstaflega og sagði við mig: „Þetta er stefnan og þetta er hæðin, nú tekur þú við, ég ætla að sofna aðeins.“

Hann hafði verið á ballinu kvöldið áður sem sat í honum. Ég tók nú við, hélt stefnunni þar til við komum yfir Vaðlaheiði en þá tók Tryggvi við aftur og lenti.

Það var afar gott að eiga við Tryggva og lítið dýrara að fljúga með honum en að leigja bíl undir okkur og græjurnar. Hann var fáorður en ábyggilegur og alltaf sanngjarn.

Helgina eftir þessa flugferð vorum við í Skúlagarði og á Melum, svo á Siglufirði og helgina þar á eftir á Rauфарhöfn og 2. og 9. október á Húsavík.



KEA-bandíð. Þórarinn Magnússon hljómborð, Rafn ber trommurnar og Grétar Ingvarsson spilar á gítar og syngur.

Og svo aftur á Hornafirði. Það var mikill þvælingur á okkur. Við spiludum á sextíu og einum dansleik en síðasta ballið var í Alþýðuhúsinu 31. desember 1971.

„Hvað kostar einn hálf tími í viðbót?“

Nú tekur við Hótel KEA bandið, Þórarinn Magnússon hljómborð, Kiddi Palli, harmonikka og bassi, Grétar Ingvarsson gítar og ég. Við spiludum þarna á nýársdag 1972. Þá varð enn breytingin, Grétar hættir en Örn Bjarnason kemur í staðinn á gítar. Svona vorum við á einu balli þann 15. janúar 1972. Þá kemur Erla Stefánsdóttir inn sem söngkona. Svona spilum við á fimm böllum, fyrsta 29. janúar og síðasta þann 19. febrúar. Þá hættir Örn en í hans stað kemur Friðrik Bjarnason á gítar. Þessi útgáfa er frá 26. febrúar en síðasta ballið er 13. maí. Alls 12 dansleikir. Svo spila ég með harmonikkuspilurunum, Hauki og Kalla, á Grenivík 4. júní í gamla samkomuhúsinu.

Þarna verða kaflaskil, Þórarinn Magnússon á hljómborð, Grétar Ingvarsson, gítar og söngur, og ég á trommur og tók líka lagið. Við réðum okkur sem hljómsveit fast á Hótel KEA en kölluðum okkur sem fyrr, Astró tríó. Fyrsta ballið okkar var 16. júní 1972. Við spiludum mest á hótelinu en skrúppum samt á Raufarhöfn, Vopnafjörð og út í Hrísey og til Grenivíkur.



Haustið 1979 hætti Þórarinn í KEA-bandinu. Í hans stað kom Ingimar Eydal (næstur á mynd). Sem fyrir spilaði Grétar á gítar og söng og Rafn barði trommurnar.

Á Grenivík bar þetta til tíðinda. Þegar ballið var að verða búið kemur skipstjóri einn til mín og spyr: „Hvað kostar einn hálf tími í viðbót?“ Ég segi honum það og við spilum áfram en þegar ég ætla að fara að kveðja kemur annar og með sömu spurningu. Og aftur er borgað á staðnum og við spilum áfram. Sem betur fór kom ekki þriðji skipstjórinn.

Við spiluum eitt og eitt ball hér í nágrenninu. Astró tríó spilaði á 304 böllum en síðasta ballið var á Hótel KEA 1. júní 1979. Þá ákveður Þórarinn að hætta og við Grétar að taka okkur frí frá spilamennsku þetta sumar. Um haustið kemur til liðs við okkur Ingimar Eydal á hljómborð og okkar fyrsta ball með Ingimari var 22. september 1979 á Hótel KEA. Við vorum mest á hótelinu en fórum samt út í Grímsey, austur í Skúlagarð og á Blönduós.

Þann 17. júní 1980 spilum við á Ráðhústorginu á Akureyri og 27. febr-

úar árið eftir á Skagaströnd. Síðasta ball okkar þriggja var á Hótel KEA 28. febrúar 1981. Samtals urðu þetta 80 dansleikir hjá okkur.

Skömmu síðar breytist tríóið í kvartett þegar dóttir Ingimars, söngkonan Inga Eydal, kemur til liðs við okkur þrjá. Fyrsta ballið er 4. mars 1981 í Sjallanum en síðan vorum við aðallega á Hótel KEA. Fórum samt á Hvammstanga, út í Grímsey, á Blönduós og 16. og 17. október spiluðum við á Hótel Loftleiðum á norðlenskri hátíð. Þessi sveit okkar fjögurra spilaði á 89 böllum. Það síðasta var 27. júní 1982.

Einkennileg atburðarás – sem hefur ekkert með tónlistarferilinn að gera

Nú var komið að tímamótum hjá mér. Það hafði lengi blundað með mér að flytjast til Danmerkur en þar hafði ég verið við nám ungur maður á vegum herradeildar Kaupfélags Eyfirðinga og lært til útstillinga og skiltagerðar. Og einhvers staðar á ég skjal því til sönnunar að ég er diploma í decorator. Ég hafði leigt hjá elskulegum hjónum sem höfðu eiginlega tekið mig sér í sonarstað og sambandið aldrei rofnað síðan. Þau gengu nú í að útvega mér vinnu en þegar til kom brást sú atvinna. Þá sá ég auglýsingu frá Magasin du Nord, sótti um og fékk. Þar var ég svo á neðstu hæðinni og seldi úr og klukkur. Um haustið var beint flug frá Akureyri til Kaupmannahafnar og landar mínir ráku heldur betur upp stór augu þegar þeir flyktust í stórverslunina og sáu mig þar á bak við búðarborðið. En það var bara gaman.

Þetta sumar, áður en fjölskyldan fluttist til Danmerkur, átti Kristín kona mín afmæli sem var föstudagur 28. maí. Við vorum að spila um kvöldið en eftir ball segi ég við strákana: „Nú býð ég ykkur heim í afmælisveislu Stínu.“

Þegar Ingimar fer heim um nóttina segir hann: „Þetta var flott veisla hjá þér Stína mín, ég kem örugglega næst þegar þú átt afmæli.“

En að ári vorum við flutt til Danmerkur. Á afmælisdeginum er hringt. Það er þá Ingimar sem spyr: „Er ekki veisla?“ – en þau hjón Ingimar og Ásta voru einmitt stödd í Köben þann dag. Hann að spila undir hjá Karalakór Akureyrar sem var á söngferð um Norðurlönd. Og að sjálfsögðu mættu þau í veisluna og svo fórum við saman á tónleika í Tívoli kvöldið eftir.

Það freistar mín að segja hér frá einkennilegri atburðarás sem ég upplifði tengdri Danmerkurdvölinni. Ég læt flakka þótt sé á skjön við hljómsveitarferilinn.

Dag einn kemur til mín maður í stórmagasínið og leitar að úri til að heiðra með eldri starfsmann sinn. Hann er afskaplega elskulegur og

rólegur í alla staði enda finnur hann strax að ekki er við innfæddan Dana að eiga.

Við bjuggum þá í Farum, litlum bæ nokkru utan við Kaupmannahöfn. Þar var verslunardeðjan Matas með stóran vörulager. Svo er það dag einn að auglýst er eftir starfsmanni á þennan lager Matas. Ég sækí um og fer til viðtal. Er þá leiddur á fund forstjórans sem kannast við mig enda hafði ég aðeins tíu dögum áður afgreitt hann um úrið góða.

Hann spyr mig hvað ég hafi í laun hjá Magasin du Nord. Ég svara því og hann býður mér óðar á móti launahækkun um 3000 krónur sem ég þigg. Þarna var ég svo í ár en við fluttum heim aftur í ágúst 1983 og ég réði mig til Búnaðarbankans. Líða svo fjögur eða fimm ár og ég er orðinn trúnaðarmaður. Þá er efnt til trúnaðarmannanámsskeiðs í Finnlandi. Þangað fer ég og Stína með. Til baka fórum við síðan um Kaupmannahöfn og þá dettur í mig að fara til Farum og svipast þar um. Þar sem við erum að sniglast í kringum Matas-vöruhúsið sjáum við hvar tveir menn standa á hljóðskrafi. Þarna var þá kominn gamli forstjórinn minn sem rekur upp stór augu þegar hann sér mig.

„Ég er löngu hættur og hef ekki komið hér í ein fjögur ár,“ segir hann. „En svo fannst mér í morgun að ég yrði að líta við og eiginlega ætlaði ég að vera farinn aftur en lenti þá á spjalli.“

Þetta hefur mér alltaf fundist einkennileg atburðarás og nánast eins og fyrir fram stýrð.

Casablanca

Ég er varla fyrr kominn heim aftur þegar tónlistarbransinn gleypir mig enn á ný. Þann 10. september 1983 er ég kominn með hljómsveit sem fékk nafnið Casablanca. Í henni voru þeir Gunnar Tryggvason á hljómborð og feðgarnir Grétar Ingvarsson á gítar og Ingvar Grétarsson á bassa og ég á trommur. Við vorum mest á Hótel KEA. Okkar fyrsta ball þar var 10. september 1983. Stöku sinnum fórum við þó á flakk.

Þann 17. febrúar spiluðum við á þorablóti hjá Íslendingafélaginu í Luxemburg á stað sem að heitir Muttoforter. Það var skemmtileg tilbreyting að fara á svona flakk. Síðasta ballið okkar var 16. júní 1984 á Hótel KEA. Samtals urðu þetta 39 böll en þá hætti Ingvar Grétarsson. Í hans stað kom Reynir Schiöth á hljómborð og Gunni fer á bassann en við Grétar erum áfram og við höldum sama nafninu. Fyrsta ballið okkar var í Laugarborg 27 október 1984 og það síðasta í Golfskálanum 20. ágúst 1985. Samtals 19 böll.



Casablanca. Rafn, Árni Þorvaldsson, Grétar Ingvarsson og Ólafur Héðinsson.

Á sama tíma spilum við Gunnar Tryggvason í Kjallaranum í Sjallanum frá 6. ágúst 1985 til 6. desember, samtals 93 kvöld.

Um haustið hættir Reynir Schiöth í Casablanca en Árni Þorvaldsson kemur inn á bassa og Gunni fer á hljómborð. Við Grétar erum áfram. Fyrsta ball þessarar breyttu Casablanca-sveitar er í Gefjunarsal 5. október 1985. Að venju vorum við mikið á þvælingi hér í bæ og um nágrennið. Þann 31. maí förum við Gunni og spilum í afmælisveislu tengdaföður hans sem haldin var í Félagsgarði í Kjós.

Þetta band spilaði á 48 dansleikjum, síðast í Oddfellow húsinu 2. maí 1987. Þá verða enn breytingar á Casablanca. Gunnar hættir og inn kemur Ólafur Héðinsson á hljómborð, Árni á bassa, Grétar á gítar og ég. Fyrsta ballið okkar er í Frímúrarahúsinu 24. október 1987. Og þá var komið að því að ég keypti mér nýtt trommusett, PEARL á krónur 58000. Það gamla var bara búið eftir áralanga barsmið. Um þetta leyti vorum við að fá kr 8,000 fyrir ballið.

Við spiludum um allt Norðurland eða alls 47 böll. Botninn var sleginn í Frímúrarahúsinu þann 28. apríl 1990. Þá hættir Grétar Ingvarsson og Casablanca er úr sögunni.

Með Þuríði

Nú erum við þrír eftir og köllum okkur Trío Rabba Sveins, Árni á bassa, Ólafur á hljómborð og ég syngjandi og berjandi trommurnar. Okkar fyrsta ball var í Þórsheimilínu 12. janúar 1991. Tríoíð spilaði á samtals 183 böllum, síðast í Sveinbjarnargerði 14. desember 2002.

Enn fækkar í bandinu. Nú vorum við bara orðnir tveir, Ólafur Héðinsson sem spilaði á hljómborð og ég söng. Þarna var ég að mestu búinn að leggja trommusettinu. Ólafur var kominn með svo gott hljómborð með innbyggðum trommuheila. Ég gaf því trommurnar upp á bátinn, að minnsta kosti í okkar kompaní, en einbeitti mér að söngnum þess í stað. Reyndar sungum við báðir okkar fyrsta ball sem var í Sveinbjarnargerði 4. janúar 2003.

Á sama tíma spila ég – á trommur – undir hjá Karllakór Eyjafjarðar ásamt þremur öðrum. Mest voru það Birgir Karlsson á gítar, Eiríkur Bóasson á bassa og Daníel Þorsteinsson á píanó. Þetta var með þessum hætti í nokkur ár en 2004 var farið í söngferð til Danmerkur og sungið í Horsens, Álalborg og Kaupmannahöfn. Þetta var skemmtileg tilbreyting frá ballmenskunni. Ég spilaði með þessum kór í um 10 ár en við Óli spiludum okkar síðasta ball í Íþróttahöllinni 1. desember 2006. Samtals náðum við 91 dansleik.

Eftir að við Óli hættum hóf ég að syngja með með ýmsum mönnum á alls konar uppákomum, býsna mikið með Gunna Tryggva, þá bara við tveir. Einnig var ég í hljómsveit sem hét Þuríður formaður og hásetarnir. Við spiludum í mörg ár í röð á fullveldishátíð eða 1. desember hjá Menntaskólanum, oftast í Íþróttahöllinni.

Í sveitinni voru Þuríður Schiöth á harmonikku og Reynir Schiöth á hljómborð, Eiríkur Bóasson á bassa og Einar Guðmundsson á harmonikku. Þessi hópur, ásamt Aðalbirni Tryggvasyni og Einari Thorlacius, fór til Vestmannaeyja og spilaði þar á nokkrum uppákomum. Þessu stjórnaði Guðjón Pálsson en hann hafði verið að kenna þessum hópi á harmonikku. Ég, Eiríkur og Reynir vorum fengnir til þess að spila með þeim.

Árin 2007 til 2009 spilaði ég á samtals á þrjátíu og einni uppákomu og með ýmsum mönnum. Árið 2010 er ég enn með Karllakór Eyjafjarðar á nokkrum tónleikum. Svo vorum við Gunni Tryggva að spila dálítið saman, meðal annars á bryggjunni í gámi á sjómannaðeginum.



Rafn tekur lagið í hálftrar aldar afmæli sínu sem fagnað var í Sunnublið.

Til minningar um Óðin Valdimarsson

Um þetta leyti vorum við Brynleifur Hallsson, Billi, að setja saman tónleika til minningar um Óðin Valdimarsson. Billi sá um tónlistina en ég um sögu Óðins. Studdist ég þar við blaðaviðtöl og sögusagnir en ég var sögumaður á tónleikunum sem hófust á Græna hattinum 19. nóvember 2010. Við vorum smá hræddir um að aðsóknin yrði dræm og að við þyrftum kannski að borga með okkur en eftir sýninguna sagði Billi: „Ætli við séum ekki bara með gott efni í höndunum.“

Og það reyndist svo. Við héldum fjórtán tónleika víðs vegar um landið og alltaf fullt hús. Hópurinn sem tók þátt í þessu með okkur var afar samstilltur, þar þekktu allir alla og samheldnin mikil. Þarna voru Helena Eyjólfsdóttir, Óskar Pétursson, Hermann Arason, Snorri Guðvarðarson, Björn Þórarinnsson, Stefán Gunnarsson, Friðjón Jóhannsson, Þorleifur Jóhannsson, Finnur Finnsson, Valgarður Óli Ómarsson, Einar Bragi Bragason og Benedikt Brynleifsson.

Þetta er ein af eftirminnilegustu uppákomum sem ég hef tekið þátt í. Sem betur fer voru Óðins-tónleikarnir í Austurbæjarbíó þann 9 nóvember 2012 teknir upp. Billi lagfærði og setti inn á tvo diska og það er svo gaman að upplifa þessa tónleika aftur og aftur.

Hápunkturinn á söngferlinum

Það er svo árið 2013 sem að Pálmi Stefánsson hringir í mig og segist vera að stofna hljómsveit og ég eigi að vera þar innan borðs. Ég segi honum eins og er að ég sé hættur að spila.

„Þú þarft ekkert að spila, bara að syngja,“ svarar Pálmi. Og þá gat ég ekki neitað gömlum vini og þar með vorum við komnir aftur saman í hljómsveit en við höfðum verið síðast saman í hljómsveit árið 1963. Með okkur í þessu bandi voru Friðrik Bjarnason á gítar, Sigurður Albertsson á bassa, Árni Ketill á trommur og Pálmi spilaði á harmonikku og hljómborð. Og ég söng.

Svo var fullt af varamönnum sem komu inn á eftir þörfum. Við spil- uðum fast einu sinni í mánuði á dvalarheimilinu Lögmannshlíð, alveg frá opnun þess og þar til allt riðlaðist út af covid.

Við settum saman prógramm til flutnings í safnaðarheimili Akureyrar- kirkju, ætlað eldri borgurum. Þetta var í samvinnu við kvenfélag kirkjunnar sem var með kaffihlaðborð samhliða. Við tókum fyrir ýmsa söngvara, einn í hvert skipti og fengum til liðs við okkur unga söngkonu sem heitir María Björk Jónsdóttir. Þetta varð mjög vinsælt og alltaf fullt hús. Við tókum fyrir Ragga Bjarna, Björgvin Halldórs og Ellý Vilhjálms og fleiri. Þegar röðin kom að Geirmundi Valtýssyni mætti hann sjálfur á staðinn og söng lögin sín.

Síðan tókum við lögin hans Fúsa og Hauks Mortens og fleiri og fleiri. Við fórum með þetta bæði á Dalvík og Ólafsfjörð. Þessi hljómsveit var beðin að koma og spila á Hafnarfestivali í Odense í Danmörku þann 26. maí 2018 en þá var Pálmi veikur svo að við fengum Ingólf Jóhannsson með okkur á hljómborð. Við fórum út á föstudegi, spiluðum á laugardegi og heim á sunnudegi.

Spilamennskan fór fram utandyra við Nordenshús í Odense en það er í eigu Grænlinga, Færeyinga og Íslendinga. Úti var 25 gráðu hiti og glampanði sól. Við spiluðum frá kl. 13 til 15 en þá var gert hlé til kl. 16. Þá hófum við spilamenskuna aftur og spiluðum til kl. 18. Við vorum beðnir um að spila sem mest af íslenskum lögum eða lögum með íslenskum texta. Þetta var býsna erfitt í þessum hita og sól.

Eins og nafn hátíðarinnar gefur til kynna var hátíðin haldin við höfnina. Mikill mannfjöldi var á staðnum og mikið af Íslendingum sem vildu spjalla við okkur og lýsa ánægju sinni með uppákomuna. Og auðvitað tók landinn lagið með okkur þannig að þetta varð mjög skemmtilegt í alla staði.

Það má segja að ég hafi sungið mjög víða því að í utanlandsferðum eldri borgara hef ég gjarnan verið beðinn að koma fram og oft með Núma



Rafn hefur víða spilað og sungið. Hann hefur baldið nákvæmt bókhald yfir öll þau böll sem hann hefur spilað á, hvar þau baldin, laun og hverjir spilað. Alls á Rafn um 2000 dansleiki á ferilskránni, fyrir utan uppákomur af margvíslegu tagi þar sem hann hefur bæði spilað og sungið. Hér eru þeir félagarnir í Mývatnssveit, Rafn á bongó-trommur og Númi Adolffson þenur nikkuna.

Adolffssyni vini mínum. Hann er þá gjarnan með gítar eða harmonikku. Við vorum oft í sambandi við fararstjóra og þá sérstaklega Önnu Leu og Bróa sem voru oft fararstjóra hjá eldri borgurum í beinu flugi frá Akureyri.

Einu sinni var svona hópur staddur á Costa del Sol. Það var búið að auglýsa útiskemmtun um kvöldið. Þá kemur til mín kona sem var skemmtanastjóri á hótelinu og spyr mig hvort við getum bjargað sér, það hafði klikkað eitthvert atriði sem átti að vera um kvöldið. Hún hafði heyrt okkur syngja kvöldinu áður og vildi nú að við endurtækjum leikinn.

Það varð úr og um kvöldið tók The great dúó from Iceland lagið fyrir hóp af Dönum, Englendingum og Ítölum. Þarna voru líka Íslendingar og við hefjum sönginn fyrir þá. Síðan söng ég eitt lag á dönsku við mikinn fögnuð Dana og annað lag á ensku. Þá var komið að Ítölunum. Ég kann svo sem ekkert í ítölsku annað en lagið O sole mio. Við hefjum sönginn og þetta lag fer nú dálítið hátt í lokin og ég tók á öllu mínu en þá verður allt svart. Ég hélt að ég hefði misst meðvitund en það var nú ekki aldeilis. Það var rafmagnið sem hafði gefið sig. Við sprengdum sem sagt rafmagnskerfið á hótelinu og í rúman hálf tíma spilaði Númi á nikkuna. En það dugði lítið



Vinirnir Gunnar H. Tryggvason og Rafn. Myndin er tekin í júlí 2009 en þá var í Sunnublið opnuð sögu- tengd hljóðfærasyning.

Því að þarna varð dálítill hávaði í fólki og garðurinn stór en þjónar komu með kerti á hvert borð.

Ég held svei mér þá að þetta hafi verið hápunkturinn á mínum söngferli. Ég er viss um að það er ekki hægt að fá miklu meira út úr nokkrum hljóðfæraleikara en trommara sem syngur og notar jafnframt báðar hendur og báða fætur, geri aðrir betur.

Ferillinn í hnotskurn

Það er gaman að líta til baka að loknu dagsverki og rifja upp í hvaða húsum ég hef spilað hér á Akureyri. Byrjum efst í bænum, þar er Skiðahótelíð, svo Lón, þá Frímúrarahúsið og KA heimilið, Græni hatturinn, Vélsmiðjan, Pollurinn, Þórsheimilið, Gefjunarsalurinn, Oddfellowhúsið, Alþýðuhúsið, Hótel KEA, Lionssalurinn, gamla Lón og báðar kirkjurnar, safnaðarheimilin og dvalarheimilin Hlíð og Lögmannshlíð.

Þá er það landsbyggðin allt frá Búðardal í vestri og austur í Höfn á Hornafirði, í nánast öllum bæjum á þessu svæði og öllum félagsheimilum.

Á þessum þvælingi hefur maður hitt fullt af góðu og skemmtilegu fólki og tekist góður kunningskapur við allmarga.

Allri þessari spilamennsku fylgdi að ég var mikið að heiman. Það voru böll annan í jólum, annan í páskum, um verslunarmannahelgar, um áramótin, bæði á gamlársdag og nýársdag, og svona mætti lengi telja. Það sem bjargaði mér var þolinmæði og skapgerð konu minnar, Kristínar Jónsdóttur. Við gátum til dæmis nánast aldrei farið á árshátíðir með vinnufélögum. Ég sagði gjarnan að við færum þegar við yrðum eldri en ég hélt alltaf áfram að spila og syngja þar til við vorum bæði hætt að vinna. Við fórum reyndar einu sinni á árshátíð Búnaðarbankans á Hótel Íslandi í Reykjavík en það var vegna þess að ég var að skemmta þar.

Mér er efst í huga þakklæti til allra þeirra góðu hljómsveitarmanna sem ég hef spilað með í gegnum öll þessi mörgu ár sem ég hef verið í þessum bransa. En nú er mál að linni enda engin böll lengur og ég á ekkert trommsett. Ég er ánægður að hafa lifað þessa tíð þar sem fólk dansaði heilu kvöldin en sat ekki bara á rassinum og drakk bjór við undirleik tónlistarmanna eins og nú er á tónleikum. Allt er sannarlega breytingum undirorpið en ég geng gláður frá borði og er ánægður að hafa fengið að vera svona lengi að en sár er söknuðurinn eftir þeim mörgu vinum sem horfnir eru. Þeir eru bara að spila á hörpu, sitjandi á skýi en það vantar trommara í bandið. Hann kemur, það megið þið bóka.

Takk fyrir mig.

Árið 1968 kom út plata með söngkonunni Erlu Stefánsdóttur. Þar söng hún lagið, Mín æskuást. Lagið á Grétar Ingvarsson en Rafn textann. Þetta varð til þess að Rafn tók að semja texta við erlend lög sem ýmsir hafa sungið, einsöngvarar og kórar. Hér eru fáein sýnishorn:

Mín æskuást

Grétar Ingvarsson / Rafn Sveinsson

Mín æskuást mér aldrei gleymist
Svo undur fögur um þig minning hjá mér geymist
Svo heitt ég þráði þig þótt ei þú vildir mig
Og örlög tækju þig í burt frá mér

Þér einum gaf ég hönd og hjarta
Í huga mínum lýsir æskumyndin bjarta
Ég æ mun bíða þín þótt ei þú vitjir mín
Allt það sem best ég á er helgað þér

Vonleysis ástarmál
Hefur lamað allt mitt hjartabál
Síðan hvarf mér þetta æskuár
Allt er saknaðar tár.

Gefið út á fjögurra laga plötu hjá Tónauðgáfunni 1968.

Haustið

Gunnar Tryggvason / Rafn Sveinsson

Haustið kom yfir hafið	Það haustar í hjarta mínu
Haustið kom heim í dag	Það haustar í hjarta þér
Haustið er húmi vafið	Það haustar í húsinu þínu
Haustið er fölnað blað.	Það haustar hjá mér og þér.

Litirnir lögun breyta	Haustið er helgur tími
Litirnir fölva fá	Haustið er heilög stund
Litirnir ljóma veita	Haustið er hula úr líni
Litina enginn á.	Haustið ber gull í mund

Húm yfir himininn líður
Húmið leggst yfir sæ
Húm eftir haustinu bíður
Húm í borg og bæ.

Ég hef búið á bæ mínum

Harry Harts / Rafn Sveinsson

Ég hef búið á bæ mínum býsna mörg ár
Og séð lífshlaupið líða þar hjá
Ég sá barnanna leiki og bernskunnar þrár
Og breytingar allar þar á
Ég sá ungdómsins fjör, ég sá ellinnar kör
Ég sá ástarheit tár, ég sá fölnandi brár
Ég hef búið á bæ mínum býsna mörg ár
Og séð lífshlaupið líða þar hjá

Ég hef búið á bæ mínum býsna mörg ár
Og séð árstíðir arka þar hjá
Ég sá vetrarkvöld löng, ég heyrði vorfugla söng
Og ég hef vaknað með viðkvæma brá
Ég sá hríðarkóf kalt, ég sá húmkvöldið svalt
Ég sá sumarsins sælu er hún sindraði um allt
Ég hef búið á bæ mínum býsna mörg ár
Og séð árstíðir arka þar hjá

HELGI HALLGRÍMSSON

Fornir haugar og féstaðir í Eyjafirði

*Helgi Hallgrímsson er náttúrufræðingur.
Hann var kennari við M.A. með hléum
1959-1969, og safnvörður/forstöðumaður við
Náttúrugripasafnið 1964-1987.*



Því hefur lengi verið trúað að fornmennt þeir sem lifðu og dóu fyrir kristni-töku hér á landi hafi verið jarðsettir í haugum, heygðir sem kallað er, enda er þess allvíða getið í fornsögum og viðkomandi haugar nafngreindir. Um allt land er fjöldi hóla, hæða og mela, sem menn álíta eða hafa fyrir satt að fornmennt séu heygðir í, með öllum sínum búnaði, jafnvel í bátum eða skipum. Þeir eru jafnan í nágrenni bæja. Bera hólarnir oftast nafn þess sem þar á að vera heygður, en það er gjarnan landnámsmaður viðkomandi jarðar eða fyrsti nafnkunni ábúandi. Þá eru nokkur dæmi um hauga manna sem eiga að hafa fallið í bardögum fjarri bæjum. Stundum eiga erlendir vígamenn í hlut sem voru drepnir og dysjaðir á staðnum. Ekki er þjóðtrúin nákvæm að því leyti að oft eru menn frá miðöldum og síðari öldum Íslandssögunnar taldir vera haugsettir, eins og t.d. Grundar-Helga, sem uppi var á 14. öld, löngu eftir að kristni var lögtekin. Þessi fyrirbæri eru í þessum pistli kölluð *fornhaugar*. Auk þess verður hér getið um staði þar sem fjármunir eiga að vera faldir og verða hér nefndir *féstaðir*. Þeir eru náskyldir fornhaugum, enda var því trúað að margir fornhaugar geymdu fjársjóði.

Langt fram á 19. öld var það almenn skoðun, að fornmannahaugar væru helstu og jafnvel einu merkilegu fornminjar hérlendis. Það kemur skýrt fram í handriti Jóns Ólafssonar frá Grunnavík: *Um fornmannanna hauga nokkra, kumla og dysjar á Íslandi og í Norvegi*, árssett 1753, útgefin á dönsku í *Antiquariske Annaler* 1815. Sama er uppi á teningnum í skýrslum sem prestar rituðu um fornminjar, að tilhlutan „Commissionen for Oldsagers Opbevaring“, hver í sínu umdæmi á fyrsta fjórðungi 19. aldar, og voru gefn-

ar út í bókinni *Frásagnir um fornaldarleifar 1817-1823*, I-II. bindi, sem Sveinbjörn Björnsson bjó til prentunar (Stofnun Árna Magnússonar, 1983). Árið 1817 sendi nefndin spurningalista í 300 eintökum um fornminjar til biskups, sem dreifði þeim til presta og sýslumanna. Í fyrstu grein er spurt um fornhauga:

„*Haugar edr Fornmanna-leidi*, sér í lagi þeir er hafa það sköpulag er sýnir berlega, að þeir séu af mönnum giördir – edr að lík hafi verid í þeim skiplögð, ellegar þeir sem eru, edr hafa verid umkríngdir með settum steinum – svo og manna grafir edur stein-þró, er finnast kynnu á víðavangi.“

Í sömu grein er tekinn vari við því að grafa ofan í koll hauga „þar stórar hellur optastnær liggja yfir byrginu síálfu“, heldur ætti að grafa inn í hliðar þeirra. Sýnir þetta ótvírætt hversu fornir haugar voru mikilsmetnir sem fornleifar á þeirri tíð, enda spöruðu margir prestar ekki að geta þeirra og björguðu þannig mikilvægum sögnum sem annars væru týndar. Í Eyjafjarðarsýslu eru 36 haugar nafngreindir í bókinni og flestum nokkuð lýst. Vísað er í Íslendingasögur þar sem þær eru fyrir hendi, annars eru munnmæli látin fylgja. Viða er þess getið að grafið hafi verid í haugana og virðist spurningalistinn hafa stuðlað að því að sumir fóru að forvitnast um þá.

Einn þáttur haugatrúar var sá, að ýmsir verðmætir gripir væru í haugunum. Þar áttu ekki einungis að vera vopn og verjur haugbúans, heldur og stundum miklir fjármunir, gull og gersemar, peningasjóðir o.s.frv. Í sumra augum voru haugar því ígildi fjárgróða, sem líkja má við happdrætti nútímans. Þessi hjátrú á rætur að rekja til fornsagna okkar, þar sem iðulega er getið um að vopn voru lögð í hauga, og um haugbrot Íslendinga erlendis og rán á vopnum og ýmsum dýrgripum úr þeim. Má þar nefna Leif, fóstbróður Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns, sem sagt er að bryti haug á Írlandi og fyndi þar forlára sverð, en af því fékk hann nafnið Hjörleifur. Margir fornhaugar hér á land bera merki þessarar trúar, því að holur og geilur eru oft í kollum þeirra eða hliðum, svo ljóst er að í þá var grafið, enda fylgja þeim oft sögur í þá veru, sumar jafnvel ekki eldri en frá aldamótum 1900.

Það var sjálfsagt mál, að haugbúar hefðu einhverjar varnir gegn slíkum haugbrotum. Í fornsögum eru margar sagnir af viðureign manna við afturgöngur haugbúa, enda virðast margir fornmennt hafa talið að hinir látnu byggju áfram í haugunum. Nægir þar að minna á haug Gunnars á Hlíðar-enda, en þaðan heyrðist hann kveða vísu, segir í Njálu. Heimsókn Sigrúnar Högnadóttur í haug Helga Hundingsbana og ástarfund með honum dauðum er fræg í sögum og kvæðum, m.a. í kvæði eftir Bjarna Thorarensen.

Slíkar sagnir eru fágætar frá seinni öldum, en í þess stað er algengt að þau álög hvíli á haugum, að haugbrjótar verði fyrir ofsjónum eða skrípum, eins og það var stundum orðað. Gjarnan sýnist þeim heimabærinn eða sóknarkirkjan standa í ljósum loga, svo þeir hlaupa frá hálfnuðu verki við haugrofið. Þetta reynist þó vera villusjón þegar heim kemur, en verður á tíðum til þess að menn hætta við haugbrotið, enda vill sama sagan endurtaka sig ef áfram er haldið. Stundum fylgir haugnum sú saga, að þetta eigi að gerast á meðan jaxlar haugbúans eru órotnaðir, en eftir það sé saklaust að grafa í hauginn. Líklega er enginn haugur svo gamall héraendis.

Spyrja má hvort hér sé um einbera trú að ræða, hvort ekki séu til raunverulegir grafhaugar úr heiðnum sið á Íslandi. Vissulega eru þess mörg dæmi að fornmennt hafi verið heygðir hér á landi sem annars staðar, jafnvel í bátum sínum, og eru haugarnir eða kumlin sem fundust við Dalvík um aldamótin 1900 þar gott dæmi. Hinsvegar er athyglisvert, að engar sagnir þekktust um þá hauga, og þeir voru ekki rismeiri en svo, að engan hefði grunað að þeir væru annað en stórar þúfur, ef bein hefðu ekki fundist þar af tilviljun. Raunin er sú að héraendis hafa kuml langoftast fundist við jarðrask af völdum náttúru eða manna, t. d. uppblástur, vatnsrof eða vegagerð.

Um þetta efni hefur Kristján Eldjárn fjallað ýtarlega í hinu merka ritverki sínu: *Kuml og haugfé* (Rvík 1956). Niðurstaða hans um fornhaugana er þessi í sem fæstum orðum: „Það virðist leyfilegt að álykta að stórir haugar hafi verið fátíðir eða óþekktir á Íslandi. Haugar hafa að vísu verið [hér], en mjög lágir, líklega sjaldan meira en 1 m á hæð og um 5 m í þvermál, oft minni. Þeir hafa verið þústir úr mold og grjóti...“ Á öðrum stað í sama riti (bls. 197) ritar Kristján: „En yfirleitt er ekki hægt að ganga að kumlunum til að rannsaka þau, og munnmæli og sögur, þar með taldar Íslendingasögur, endast áreiðanlega ekki til að vísa á kuml sem neinu nemur.“

Þetta er niðurstaða þess manns sem mest hefur kannað fornar grafir og kuml úr heiðnum sið á Íslandi. Virðist því mega slá því föstu að fornhaugarnir svonefndu eru í langflestum tilvikum ekki annað en náttúrlegir hólur, melar og hæðir í landslaginu, oftast myndaðir af hopandi jöklum síðasta ísaldarskeiðs, og innihalda vanalega blöndu af jökulleir, mól og grjóti, en stundum eru það melhólur sem ár hafa grafið úr malarhjöllum og gert topp- eða hryggлага, þannig að þeir líkjast stundum bát á hvolfi og bera oft nafn af því. Eru nokkrir slíkir í Eyjafirði, t. d. *Skipihóll* við Skípalón. Þess þarf naumast að geta að fornhaugarnir eru yfirleitt miklu stærri en mál þau sem Kristján gefur upp á íslenskum grafhaugum, og oftast stærri en svo að nokkur möguleiki sé á því að þeir séu mannaverki.



Álfhól ber í Siglufjarðarkaupstað. Þar getur að líta útsýnisskífu efst á hólnum.

Mynd: Sigurður Ægisson

Hitt er svo annað mál, að vel getur hugsast að uppi á sumum þessara hóla hafi menn verið heygðir til forna, enda verður að gera ráð fyrir að þeir hafi þá verið þaktir jarðvegi. Hafa þeir snemma blásið upp, þegar skógar skýldu þeim ekki lengur, og þar með hinir raunverulegu haugar eða kuml sem þar kunna að hafa verið. Til þess geta bent steinahrúgur sem stundum getur að líta uppi á toppi fornhauga. Þær geta þó eins verið leifar af hrundum vörðum. Reyndar eru þess nokkur dæmi að kuml eða kumlateigar hafi fundist uppi á holtum eða melhryggjum, svo sem á *Arnarholti* við Ytra-Garðshorn í Svarfaðardal (*Kuml og haugfé*, bls. 117).

Nánari fræðslu um hauga og grafsíði fornanna má finna í bók Ólafs Briem: *Heiðinn síður á Íslandi*. Rvík 1945.

Þá er til fjöldi staða, þar sem fjársjóðir eiga að vera faldir eða grafnir, þótt ekki sjái þar nein merki hauga. Oftast fylgir þeim sögn um auðugan mann eða vætt sem á að hafa komið sjóðnum þar fyrir, jafnvel í veglegri hirslu, og lagt á hann álög. Það hef ég kallað „féstaði“. Þar er oft um að ræða stóra steina sem sjóðurinn á að vera falinn undir, og verður að velta um steininum til að komast að fénu, sem engum manni er fært. Stundum eru slíkir staðir uppi á háfjöllum, þar sem erfitt er aðgöngu eða jafnvel ókleyft, stundum í fossum. Fyrir kemur að þeim fylgja leiðbeiningar um það hvernig ná megi fénu, en það eru sjaldan einfaldar reglur, enda heppnast það aldrei. Til er



Völvuhóll í Héðinsfirði.

Mynd: Sigurður Ægisson

loks, að haugar séu orpnir yfir fjármuni, t.d. *Peningahóll* í Saurbæ í Eyjafirði. Oft fylgja féstöðum svipuð álög og fornhaugum, þ.e. að menn sem í þá grafa verða fyrir sjónhverfingum. Ýmsar sögur fara af hrævareldum yfir peninga-gröfum.

Vissulega eru þess dæmi frá ýmsum tímum að auðmenn hafi grafið fjár-sjóði sína og peninga í jörð, og stöku sinnum hafa þeir fundist. Allþekkt dæmi er silfursjóðurinn sem fannst 1980 í hlaðinu á Miðhúsum á Fljóts-dalshéraði, sem vó 700 grömm, og er talinn vera frá Landnámsöld (*Eiríkur Sigurðsson. Glettingur 2. tbl. 1996*).

Eins og þegar var getið eru langflestir fornhaugar og féstaðir til komn-ir vegna hjátrúar, og þótt þeir hafi lítið fornleifagildi, hafa þeir mikið þjóð-trúarlegt og menningarsögulegt gildi. Þeir eru leifar af menningarheimi heiðinnar, eins og flest eða öll þjóðtrú. Þeir eru sambærilegir við álfatrúna og þá staði sem álfar eða huldufólk er talið búa á. Meira að segja eru fornhaugar stundum nefndir Álfhólar, sbr. *Álfhól* í Siglufirði.

Þess eru mörg dæmi í þjóðsögum og sögnum, að haugbúar reynast holl-vættir, ef þess er gætt að gera ekki á hlut þeirra, t. d. með haugrofi. Haugar landnámsmanna eða fyrstu ábúenda, sem oft eru nálægt bæjum, gegna oft-ast verndarhlutverki gagnvart bænum og jörðinni, sem fram kemur m. a. í villusjónum haugbrjóta. Stundum hvíla þau álög á fornhaugum að þeim megi ekki raska og jafnvel að ekki megi slá gras á þeim. Þeir eru þá jafnramt álagablettir.



Tjarnargerði við samnefnt vatn var sumarbústaður félagsmanna í Bilstjórafélagi Akureyrar. Spilduna keypti félagið út úr jörðinni Leyningi. Í þessu sumarlandi bilstjóranna á völvun að vera grafin. Mynd: Ragnar Skjöldal



Völvuleiðið er í þessum lundi við Tjarnargerðisvatn.

Mynd: Sigurður Ægisson



Dórgunnur Snædal hefur rýnt í grásteininn á leiði völunnar. Strikin á steininum er jú gerð af mannahöndum, segir hún, en eru þó ekki rúnir.

Mynd: Sigurður Ægisson

Það er varla tilviljun hve margir fornhaugar bera heiti sem geta verið trúarlegs eðlis, svo sem Arnarhólar, Bjarnarhólar og Helga- og Helguhólar. Nægir að minna á *Helguhól* á Grund í Eyjafirði og *Helguhól* við Nes í Höfðahverfi, sem eru stórir og áberandi, með fagurt útsýni. Vel má ætla að þar hafi farið fram guðsdýrkun í heidni. Björn og örn voru ríkur þáttur í trúarkerfi margra fornþjóða. Arnarhólar eru margir á Íslandi, og oft taldir vera fornir grafhaugar, svo sem *Arnarhóll* við Fellshlíð (Öxnafellskot) í Eyjafirði fram, sem er getið í Landnámu, og markaði landnám tveggja sona Helga magra.

Þá eru *Völvuhólar* og *Völvuleiði* jafnan tengd ákveðinni trú á vernd og hjálpssemi völunnar, sem þar á að hvíla. Fylgir þeim oft sú kvöð að halda leiðinu við, og getur farið illa ef út af því er brugðið. Þessi tegund fornhauga er langtíðust á Suðaustur- og Austurlandi, og þar rækja nokkrir ábúendur enn þessa kvöð. Getið er um fáein völvuleiði í Eyjafirði og er *Völvuleiðið* í Leyningshólum langfrægast, einkum vegna „rúnasteins“ sem þar liggur. Sigurður Ægisson prestur á Siglufirði hefur nýlega samið bók um *Völvur á Íslandi*, þar sem þessum fyrirbærum eru gerð ýtarleg skil (Hólar, Rvík 2023).

Niðurstaða þessara hugleiðinga verður sú, að fornir haugar og féstaðir hafi gegnt sérstöku hlutverki, ekki aðeins í grárri fornneskju heidninnar,

heldur um allar aldir, fram á okkar daga. Þeir eru hinar merkustu fornminjar, sem fyrir alla muni ber að vernda og varðveita fyrir þeirri miklu sléttunar- og útjöfnunaröldu sem riðið hefur yfir landið undanfarna áratugi.

Meginefni þessa inngangs var birt í vikublaðinu Degi, Akureyri, 27. des. 1985, ásamt skrá yfir 90 fornhauga og féstaði í Eyjafirði, og korti þar sem þeir eru merktir inn. Skráin sem fer hér á eftir var endursamin og mikið aukin, eftir vélrituðu handriti höfundar frá 1984-85. Helstu heimildir um fornhauga og skyld fyrirbæri í Eyjafirði, er að finna í fornleifaskýrslum presta, sem fyrr var getið, og birtar eru í bókinni Frásagnir um fornaldarleifar 1817-1823, 2. bindi, Rvík 1983. Er vísað til þeirra með skammstöfuninni (FF II). Önnur heimildarit eru ritsafnið Örnefni í Eyjafjarðarsýslu, sem Jóhannes Óli Sæmundsson safnaði og ritaði fyrir hvern hinna gömlu hreppa í sýslunni. Það var gefið út fjölrítað í nokkrum heftum á Akureyri um 1960. Vísað er til þess með skst. (JÓŠ Örn. Eyyf.). Áður höfðu þeir Anganrtýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson kennarar safnað örnefnum í Saurbæjarhreppi og gefið út árið 1957, með bæjamyndum (230 bls.).

Skrá yfir „fornhauga“ og „féstaði“ í Eyjafirði

(Linn)

1. Áskóli, A. Hósi, (Fornir og Féstaði)
2. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
3. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
4. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
5. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
6. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
7. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
8. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
9. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
10. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
11. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
12. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
13. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
14. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
15. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
16. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
17. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
18. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
19. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
20. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
21. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
22. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
23. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
24. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
25. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
26. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
27. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
28. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
29. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
30. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
31. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
32. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
33. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
34. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
35. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
36. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
37. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
38. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
39. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
40. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
41. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
42. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
43. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
44. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
45. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
46. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
47. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
48. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
49. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
50. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
51. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
52. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
53. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
54. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
55. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
56. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)
57. Áskóli, Áskóli, (Fornir og Féstaði)

A þessa list er birtur í Eyjafirði og er hann byggður á listum frá 1880-1900. Hann er byggður á listum frá 1880-1900. Hann er byggður á listum frá 1880-1900.

Skrá yfir fornhauga og féstaði í Eyjafirði

Grímsey

Stórhóll, Básam. Þar eiga tveir útlendir herra menn að vera grafnir. (*Jón Nordmann: Grímseyjarlýsing. Menn og minjar, 3. bindi, Rvík 1946*).

Skiphóll, Sandvík. Kvað vera haugur Gríms þess er eyjan heitir eftir og skips hans. Þaðan eiga að vera komnir gripir í Grímseyjarkirkju. (*Jón Nordmann: Grímseyjarlýsing. Menn og minjar, 3. bindi, Rvík 1946*).

Engelskadys, Sandvík. Þar eiga að vera dysjaðir enskir sjóræningjar (*Pétur Sigurgeirsson: Grímsey, Rvík 1971*).

Siglufjörður

Þormóðsleiði, Hvanneyri, Siglufjarðarkaupstað. Leiði Þormóðs landnámsmanns. Líklega týnt. (*FF II, 529*).

Finnhólar, Hóli, Siglufirði. Þrír samfastir hólar. Fornkonan Finna á að vera þar grafín. (*FF II, 529*). Í *Grímu hinnu nýju I*, bls. 15-17, er sagan „Álfur í Saurbæ og Finna á Hóli“, eftir handriti Jóns Jóhannessonar, Siglufirði.

Álfhóll, Saurbæ, Siglufirði. Þar er sagt að Álfur formaður sé heygður í skipi sínu. Grafið var í hólinn 1817, og fundust engar fornminjar. (*FF II, 529*). Sagt er frá hólnum í fyrrnefndri grein í *Grímu*. „Þegar Álfur gerðist gamall, lét hann gera haug mikinn á nesi litlu, sem skerst út í sjóinn austan við Fjarðará. Þar lét hann setja í róðrarferju mikla... Lét hann síðan refta yfir og búa um mjög traustlega. En er hann fann dauða sinn nálgast, gekk hann í hauginn með offjár af gulli, silfri og gerselum. Lét Álfur síðan byrgja hauginn og lét svo um mælt, að engum skyldi hlíða að rjúfa haug hans... meðan jaxlar hans væru ófúnir.“ Síðast var grafið í hólinn 1922, og fannst ekkert fémætt í honum.

Styrbjörnsdys á Dalaleið, milli Siglufjarðar og Úlfsdala. (Ingólfur Kristjánsson: Siglufjörður 150 ára. Bækl. útg. á Siglufirði).

Úlfshaugur, Dalabæ, Úlfsdölum. Meintur haugur Úlfs landnámsmanns, sem dalirnir eru kenndir við. Hans er getið í Landnámabók. Hann bað heygja sig þar sem hann sæi öll skip fara meðfram Dalalandi. (*Jón Nordmann: Allrahanda, Rvík 1946, bls. 152*). Maður á Siglufirði ætlaði að byggja sumarhús við hauginn, en það f auk, hann reyndi aftur en sá bústaður f auk og liðaðist sundur. Í bæði skiptin virtist vera um staðbundinn hvirfillbyl að ræða. (*Sigurjón Sigtryggsson: Bréf til höf. 1984*).

Héðinsfjörður og Ólafsfjörður

Völvuhóll / Völvuhaugur, Vík, Héðinsfirði. Þar eru fleiri Völvu-örnefni, og talið að þar hafi eitt sinn verið bær að nafni *Valva*. Þar er *Völvutótt* sem er álagablettur, má þar hvorki byggja eða slá gras. (*Sigurður Ægisson: Völvur á Íslandi, 2023, bls. 95-102*).

Einbúi, Þóroddsstað. Þar á forn höfðingi að vera grafinn með fjármunum. Álög eru á Einbúa. (*JÓ.S. Örn. Eyf., 1960*).

Bjarnaleiði, Kvíabekk. Þar á Bjarni nokkur að vera jarðaður. Sláttubann er á leiðinu. (*Oddur Björnsson: Þjóðtrú og þjóðsagnir. 2. útg., Ak. 1977*).

Vémundi, Vémundarstöðum. Vémundur bóndi á að vera þar heygður. Hans er getið í Svarfdælasögu. (*FF II, 531*).

Skipból, Vémundarstöðum. Skip Vémundar var þar jarðsett. (*JÓ.S. Örn. Eyf.*).

Karl, Karlsstöðum. Á að vera haugur Karls hins unga eða ómálga, sem getið er í Svarfdælasögu. (*FF II, 531*).

Ausuhóll, Vatnsenda. Þar á formaður að vera grafinn í skipi sínu. (*FF II, 531*).

Dalvík

Gullþúfa (Gullhúfa), Ólafsfjarðarmúla á merkjum við Ólafsfjörð. Þar á fjársjóður að vera falinn. (*JÓ.S. Örn. Eyf.*).

Peningasteinn, Sauðanesi. Þorvaldur Rögnvaldsson skáld á 17. öld á að hafa falið þar fé sitt. (*JÓ.S. Örn. Eyf.*).

Bygghóll (Bikhóll), Karlsá. Haugur Karls hins rauða og félaga hans, ásamt skipi þeirra. Karl rauði er söguhetja í Svarfdælasögu. Þar segir að hann hafi verið lagður í skip á Karlsá, með miklu fé. (*FF II, 534 / Árbók Fornleifafél. 1941-42 og 1975*).

Rauðhóll, Karlsá. Skammt frá þeim fyrrnefnda. Um hann eru svipaðar sagnir, og e.t.v. er þetta aðeins annað nafn á Bygghóli. (*Árbók Fornleifafél. 1975*).

Svarfaðardalur

Arnarholt, Ytra-Garðshorni. Þar fannst raunverulegur kumlateggur, sem óljósar sagnir gengu um. Kristján Eldjárn rannsakaði staðinn 1954-1958 og fundust þar 9 kuml með ýmsum gripum. Um það ritaði hann grein í

Árbók Fornleifafélagsins 1965, og bók sína *Kuml og haugfé* (1956). Telur Kristján að þetta sé „einn myndarlegasti sögualdargrafreitur, sem kunnur er hér á landi.“ Nú stendur minnisvarði á holtinu.

Guðmundarhóll (Guðmundarleiði), Syðra-Garðshorni. Álagablettur, sem ekki má slá. Munnmæli telja að Guðmundur einsetumaður hafi hengt sig þar í fjárhúskofa. (*JÓS. Örn. Eyf.*)

Kumlateigur (Kumlahóll), Bakka. Þar eiga að vera haugar manna sem féllu í bardaga, og getið er í Svarfdælasögu. Skv. *örnefnaskrá JÓS* er þetta örnefni nú týnt.

Draughóll, Hreiðarsstaðakoti. Þar segja munnmæli að Hreiðar heimski sé heygður. Af honum er sérstakur þáttur í Íslendingasögum (*JÓS. Örn. Eyf.*).

Klaufasteinn, Klaufabrekkum. Klaufi Snækollsson er ein helsta söguhetja *Svarfdæla sögu*. Hann var illur viðureignar, en þó var afturganga hans hálfu verri. Karl á Karlsá „fór til haugs hans“, lét grafa hann upp og brenna til ösku á steininum, setja öskuna í blýstokk og sökkva henni í Klaufapoll. Tók þá fyrir afturgöngu Klaufa.

Dysjar, Urðum. Smáhólar í landi Urða sunnan Svarfaðardalsár, getið í *örnefnaskrá JÓS*, án skýringa.

Kvíhóll, Dæli. Talinn haugur ónefnds fornmanns, sem á að geyma fjársjóð. Bóndi nokkur á Dæli reyndi að grafa í hann, en varð fyrir álögum og hætti við gröftinn. (*Gríma hin nýja I, bls. 24*). Enn sést greinileg dæld í hólinn, um 1 m djúp og vel gróin.

Klængshóll, Klængshóli. Meintur haugur Klængs fornþónnda. Um hann er annars ekkert vitað (*JÓS. Örn. Eyf.*).

Réttarhóll, Klængshóli. Þar á kona Klængs þónnda að vera heygð (*Sama heimild*).

Elínarleiði, Syðra-Hvarfi. Þar er sagt að Elín í Elínargerði sé jarðsett.

Baðhólar, Hofi. Í öðrum þeirra á Ljótólfur fornmaður að vera heygður, sbr. Svarfdælasögu.

Ingólfshöfði (Ingólfshaugur), Sökku. Þar á fornmaðurinn Ingólfur að vera grafinn í skipi sínu, og eiga þar að hafa fundist skírnarfat og hurðarhringur sem gefin voru Vallakirkju. Fleiri gripir eiga þar að hafa fundist, við vatnsrof. Um Ingólfshöfða hefur margt verið ritað. Þetta er eini fornhaugur sem Jón Ólafsson nefnir í Eyjafirði í riti sínu um hauga á Íslandi og í Noregi (1753), og kallar hann *Skiphól*, sem fyrr var á minnst. Hans er getið í Ferða-

bókum Eggerts og Bjarna (1772), og Olaviusar (1780). Stefán Þorsteins-son pr. á Völlum ritar langt mál um hann í fornleifaskýrslu sinni (*FF II*, bls. 538-540). Þorsteinn Þorkelsson á Syðra-Hvarfi skráði þjóðsögu af Ingólfi (*Gríma hin nýja I*, bls. 7-9). Kristján Eldjárn birti grein um Ingólfshöfða í *Súlum*, 7. árg. (1), 1977, þar sem raktar eru eldri heimildir. Hann telur ekki sannað að neinar fornleifar hafi fundist í hólnum. Loks má nefna grein höfundar: Ingólfshöfði í Svarfaðardal. *Norðurlóð* 40. árg (6), 2016.

Haushóll (Húshóll, Hausi), Sökku. Hann var skammt frá Ingólfshöfða, og tvinnast sagnir af þeim saman. Olavius (1780) segir þar hafa fundist bein og gripir. Skv. því hefur þar verið kuml, og skráir Kristján Eldjárn það sem slíkt. Hóllinn er nú líklega eyddur.

Beinir (Beinhóll), Hrísum. Þar eiga að hafa fundist mannabein. Talinn þrælady.

Árskógsströnd

Ýtarlega er sagt frá fornaugum og féstöðum í grein minni: *Dulheimur Árskógsstrandar*, *Súlur* 41. árg., 54. hefti 2015.

Gyðingsleiði, Brimnesi. Stór og aflöng þúfa við gamla bæjarstæðið. Ekki er vitað um tilefni nafnsins (*Örnefnaskrá JÓS*, 1978).

Purkhóll, Stærra-Árskógi. Hefur lengi verið talinn fornmannshaugur, en ekkert er vitað um nafngjafa hans. Jón Jónsson prestur lýsir honum ýtarlega, og segir líkjast þeim haugum, „þar sem menn hafa verið skiplagðir“ (*FF II*, bls. 442). Hann segist þó ekki hafa reynt að grafa í hólinn. Jóhannes Óli getur sér til að hólinn sé kenndur við svín (sbr. *pork* á ensku), og hafi haft trúarlegt hlutverk í heiðni. Hann er nú eyddur af malarnámi (*Örnefnaskrá JÓS*, 1978).

Hrærekshóll (Hrærekshaugur), Kálfskinni/Hátúni. Þar er sagt að Hrærekur Dagsson smákóngur af Heiðmörk í Noregi sé heygður. Hann hafði barist gegn Ólafi konungi Haraldssyni, sem lét blinda hann og senda í útlegð til Grænlands, þangað komst hann ekki, en lenti að lokum til Guðmundar ríka á Möðruvöllum fram, sem kom honum fyrir í Kálfskinni. Þar líkaði Hræreki vel, því að þar var hann mest metinn. Þar endaði hann ævi sína og var heygður utan við túnið, nálægt afbýlinu Hátúni. (*Saga Ólafs helga. Heimskringla, Rvík* 1948, bls. 98). Jón Jónsson prestur segir í fornleifaskýrslu 1821, að nýlega hafi verið grafið í hólinn, „frá toppi hans niður að hellunni, komust þeir er grófu ekki lengra og hættu við svo búíð.“ Í hól-

um er djúþ dæld, og neðst í henni mótar fyrir steinaröðum. Jóhannes Óli ólst upp í Kálfskinni, og gróf í hólinn þegar hann var unglingur. Hann kom niður á grjóthleðslu, sem virtist greinilegt mannaverk. „Greip mig þá sektarkennd og hræðsla, ég hætti greftrinum, og bjó um aftur sem best ég kunní.“ Hefur þar ekki verið grafið síðan svo um sé kunnugt, enda var hóllinn friðlýstur 1930. Davíð Stefánsson orti um Hrærek magnað kvæði, og Lionsklúbburinn Hrærekur á Árskógsströnd lét setja þar upp minningarstein með viðeigandi áletrun. 1976. (*Erlingur Davíðsson: Konungsgröfin í Kálfskinni. Dagur, jótlaði 1969. / Jóhannes Óli Sæmundsson: Horft um öxl. Sérpr. úr bókinni Aldnir hafa orðið, Ak. 1978*).

Kötluhóll, Kálfskinni. Þar á Þórkatla galdrakona að vera dysjuð. *Svarfæla saga* (Rvík. 1966, bls. 25), segir að „Helgi hinn magri deyddi hana þar, og kól hana í hel, svo hann sat henni þar mat, þar til hún dó.“ Þar er *Kötluþjall* sagt við hana kennt. Ekki kemur skýrt fram í sögunni hvað lá til grundvallar þessari hrottalegu meðferð á Kötlu. Séra Jón Jónsson í Stærra-Árskógi ritar í fornleifaskýrslu 1821, að þar „tjáist kerling nokkur, nafnkunnug að töfrum og forneskju... að vera heygð. Gamlar sagnir segja að hún hafi átt hellir stór-an í fjallinu, með steinhurð að sunnan, þar sem fjallið endar við Reystrarárskarð.“ Sveinn Jónsson bóndi í Kálfskinni hefur sínar skýringu á sögnum um Kötlu, sem fram kemur í ævisögu hans. (*Björn Ingólfsson: Vasast í öllu. Endurminningar Sveins í Kálfskinni. Ak. 2007, bls. 14-15*). Rannsóknastöð á Víkurbæjum, Árskógsströnd var nefnd *Katla*. Hún starfaði þar á árunum 1969-1978, og stóð höfundur fyrir stofnun og rekstri hennar.

Arnarneshreppur

Í grein höfundar: „Huldufólksstaðir og aðrir átrúnadaðarstaðir í Arnarneshreppi, Eyjafirði“, *Heimaslóð 13-15. árg.*, 1994-1996, er gerð ýtarlegri grein fyrir fornhaugum og féstöðum í hreppnum.

Arnarhóll, Arnarnesi. Meintur haugur Arnar, sem getið er í Landnámu, að byggt hafi fyrstur á Arnarnesi. Árni Halldórsson ritar í fornleifaskýrslu 1821: „Er frá gamalli tíð alræmt, að Arnar, sem fyrstur nam Arnarnes, hafi verið niðursettur í þennan áminnsta hól og sje þar heygður.“ (FF II, bls. 548). Séra Jón Jónsson lærði nefnir hann í sóknarlýsingu Möðruvalla 1841. (*Eyfirsk fræði II, Ak. 1972, bls. 108*). Annars eru engar heimildir um hól-inn, en hann gæti verið trúarstaður úr heiðni, sbr. aðra Arnarhóla. Hóllinn er líklega eyddur.

Bjarnarhóll, Syðri-Bakka. Haugur Bjarna nokkurs, sem Árni prestur (1821) segist ekki hafa frétt neitt nánar um. (FF II, bls. 548). Jóhannes Óli ritar: „Þar á að vera heygður fornmaður í skipi sínu. Hefur oftsinnis verið reynt að grafa í hól þenna, en aldrei tekizt, því að einhver af bæjum nágrennisins hefur jafnan virzt standa í ljósum loga, jafnskjótt og einhver hefur hafizt handa um að kanna hólinn.“ (JÓŠ, Örn. Eyf., 1960). Bjarnarhóll er stór og áberandi, hæst á Bakkaásum, 94 m y.s., og er þaðan vítt og fagurt útsýni um byggðir Eyjafjarðar. Nafnið gæti átt trúarlegar rætur, eins og það fyrrnefnda.

Arnbjargarhóll, Syðra-Brekkukoti. Árni prestur getur hans í fornleifaskýrslu (1821), á svipaðan hátt og hinna tveggja. Þar eigi Arnbjörg nokkur að vera heygð, sem hann veit ekki um frekar. Jóhannes Óli bætir þar nokkru við og ritar: „Um Arnbjargarhól ríkti fyrrum sú trú, að ekki mætti grafa í hann, því að þá gæti kviknað í Möðruvallakirkju, og sýndist þeim er hófu það vera jafnan svo. Annars var það trú margra, að gullkvartil hefði verið lagt í hólinn með Arnbjörgu, sem þar á að vera grafín.“ (JÓŠ, Örn. Eyf. bls. 90).

Brenna (Brennulág) og **Svarfdælagróf**, Hofi. Meintar dysjar Svarfdæla er þar féllu í bardaga við Hörgdæli forðum. Þar nærri heitir *Beinalág*, eiga þar að hafa fundist mannabein (*Brynjölfur Jónsson: Skýrsla 1905. Árb. Fornleifafél. 1906, bls. 21*). Nokkur óvissa er um staðsetningu þessara örnefna. Margar þjóðsögur eru til um bardaga milli nágrennasveita í fornöld, sem hvergi er getið í fornsögum, og eru vísast allar tilbúningur.

Kerlingarhóll, Möðruvöllum. „Munnmæli segja þar heygða kerlingu nokkra“, segir Jóhannes Óli (*JÓŠ, Örn. Eyf., 1960, bls. 87*). Engar nánari heimildir finnast um hana.

Skriðuhreppur (Hörgárdal)

Mannhóll, Þríhyrningi. „Þar á að vera fornmaður heygður í skipi sínu. Möl hefur verið tekin úr hól þessum, en ekkert skip fundizt.“ (*JÓŠ, Örn. Eyf. bls. 78*).

Sigríðarþúfa, Auðbrekku. Henni fylgir sú saga að Sigríður stórráða Magnúsdóttir (d. 1694) hafi falið þar gripi sína. Þegar reynt var að grafa í þúfuna sýndist Auðbrekkubær standa í logum. Þúfan er nú löngu horfin við túnsléttun. (*JÓŠ. Örn. Eyf. bls. 78*).

Bæjarhóll, Auðbrekku. Árni Halldórsson prestur, getur þess í fornleifaskýrslu (1821), að Gunnar nokkur, bóndi í Auðbrekku, „skuli þar í Bæjar-

Hólinn hafa verið niðursettur“, en efast um að það sé sá hóll sem bærinn stendur á. Í Auðbrekku var kirkja í kaþólskum sið og grafreitir. Fundust þar mannabein er grafið var fyrir hlöðu (*Steindór Steindórsson: Lýs. Eyf., bls. 140*).

Glúmshóll, á Glúmsholti, Fornhaga. Þar er sagt að Víga-Glúmur sé heygður. Af Glúmi er til sérstök *Víga-Glúms saga*, en þar segir að hann hafi verið grafinn „að kirkju“ í Fornhaga. Brynjólfur Jónsson þekkir enga sögn um tilefni nafnsins á hólnum (*Árb. Fornf.él. 1906, bls. 20*).

Víghóll, Lönguhlíð. Þar segja munnmæli að sé dysjaður fornmaður (*JÓS. Örn. Eyf., bls. 69*), en ekki þekkja menn deili á honum.

Slembisteinn á Slembimúla, sem er um 850 m hátt fjall milli Barkárdals og Hörgárdalsörgárdals. „Á klettabrún yst á múlanum að sunnan, er stórt bjarg, sem *Slembisteinn* heitir. Á Slembir sá, sem múlinn ber nafn af, að hvíla undir steininum.“ (*JÓS. Örn, Eyf., bls. 58*). Um hann er ekki nánar vitað.

Rústir eða **Dysjar**, Hörgárdalsheiði. Munnmæli eru um dysjar manna er féllu þar í fornöld í bardaga milli Hörgdæla og Skagfirðinga, um beitarafnot á heiðinni, þar sem Hörgdælir höfðu sigur. Eiga sagnir um þann atburð að hafa verið í týndri fornsögu, sem „Hörgdæla“ nefndist. Gamalíel Þorleifsson pr. á Myrká, getur um þessar dysjar í fornleifaskýrslu sinni 1821. Ýtarlegust er frásögn Stefáns Sigurðssonar: *Dysjar á Hörgárdalsheiði*, í vesturíslenska tímaritinu *Sögu*, 2. árg, bls. 250-252, endurprentuð í safnritinu *Að vestan*, 1. bindi, Ak., 1949. Þarna er líklega um að ræða myndanir af völdum frosta, sem víða má sjá í mýrum á hálendi, og kallast rústir eða dysjar.

Flöguhóll, Einhamri, beint á móti bænum Flögu. Meintur haugur bónda frá Staðartungu, sem Þórólfur sterki Skólmsson í Flögu á að hafa kálað þarna (*JÓS. Örn. Eyf. 46*). Gamalíel prestur getur um *Víghól* við Flögu, og hefur aðra sögn um hann. Virðist það þó vera sami hóllinn (*FF II, bls. 550*).

Skiphóll, Búðarnesi. „Munnmælasagnir eru um að þar sé heygður fornmaður í skipi sínu“, segir Jóhannes Óli (*JÓS. Örn. Eyf., 43*). Skammt þar frá eru tóttarbrott sem kallast *Búðir*, og bærinn sagður við kenndur.

Porfinnshaugur, Staðartungu ? Um hann segir Sigfús Sigfússon í Þjóðsögum sínum: „Porfinnur er sá maður nefndur er fyrst byggði Tungu í Hörgárdal. Hann átti kvartil fullt af peningum, og var að sínu fyrirlagi heygður, þegar hann var dauður, með það undir knésbótunum.“ Að sjálf-

sögðu var reynt að ræna hauginn, en það mistókst eins og jafnan. Sigfús telur sögn þessa vera ættaða úr hinni týndu Hörgdælu (*Ísl. Þjóðsögur og sagnir, IX. bindi, bls. 67*). Ekki er getið um hólinn í örnefnaskrá Jóh. Óla, og ábúendur í Staðartungu þekkja það ekki.

Öxnadalur

Um fornhauga og féstaði í Öxnadal er fjallað í grein minni: „Huldufólksstaðir og aðrir þjóðtrúarstaðir í Öxnadal“, Heimaslóð 4-6. árg., 1985-1987, bls. 25-33.

Kristínarþúfa, Skjaldarstöðum. *Kristínargrund* nefnist sléttur flötur innst í landinu, á honum er *Kristínarsteinn*, allstór og burstmyndaður, og við hann aflöng þúfa sem *Kristínarþúfa* kallast. Munnmæli herma að Kristín hafi eignast barn með bróður sínum og verið höggvin þarna, eða fyrirfarið sér. Á þúfunni er sláttubann. (*JÓS. Örn. Eyf. 121*), *einnig í grein hans Bannhelgir staðir í Súlum 5. árg.(1), 1975*). Líklega var þetta huldukona sem átti heima í steininum.

Hofgerði/Hofgerðishóll, Bakka. Hofgerði er gamalt eyðibýli í Bakkalandi. Síðasti bóndi þar var Bólu-Hjálmar, 1822-24. Nafnið bendir til að þar hafi verið hof í heidnum sið. Þar má engu raska, nema eiga á hættu að Bakka-kirkja brenni. Skammt þar frá er *Hofgerðishóll*, álagablettur, sem ekki má slá. (*JÓS. Örn. Eyf. 118*).

Skiphóll, Hálsi. Gríðarstór hóll í túninu, sem líkist skipi á hvolfi. Talinn haugur formanns í skipi sínu. Engar frekari sagnir finnast um hann (*JÓS. Örn. Eyf. 121*).

Vighólar, Gloppu. Þrettán hólar í Gloppunesi, beggja megin við Öxnaldalsá. Sigurður Sigurðsson pr. á Bægisá ritar um þá í fornleifaskýrslu sinni 1820. Hann segir þá líkjast dýsjum, en þó sé torvelt að þekkja þá frá skriðuhólum sem þarna eru víðsvegar. Hann segir þar hafa fundist „digurt mannsbein“, og tilfærir sögu um bardaga Skagfirðinga við Kálf bónda í Kálfskinni og Össur í Arnarnesi, frænda hans, sem endaði með drápi Skagfirðinga. Líklega er þetta úr hinni týndu Hörgdælu.

Vaskdys í Vaskárhólum, Vaskárdal. Ýmsar sagnir fara af útilegumanninum Vaski, sem *Vaskárdalur* er kenndur við. Einna ýtarlegast er það í þjóðsagnasafninu *Grímu*, 1. bindi, bls. 33-35, í *Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar, IX. bindi, bls. 67*. Er talið að hann hafi lagst út á Vaskárdal og jafnvel reist þar bú, en dalurinn tilheyrði þá Stóradal í Eyjafirði. Þar bjó maður að nafni

Skeggi, sem varð Vaski að bana og dysjaði hann í Vaskárhólum. Líklega sögn úr Hörgdælu, eins og sú fyrri.

Sörlhóll, Bakkaseli. Í fornsögu af Þórði hreðu, sem var landsfrægur smiður, er sagt frá bardaga Þórðar við Sörla sterka við *Lurkastein*, féll Sörli þar og var þar heygður. Þar heitir síðan *Sörlahóll*. Sigurður pr. á Bægisá getur um hólinn í fornleifaskýrslu 1820. „Þessi svonefndi haugur lítur út sem lítill grasi vaxinn hóll, og vita menn óglögg hvort haugur eður hóll er.“ (*FF II*, bls. 552). *Lurkasteinn* er skammt ofan bæjar í Bakkaseli, vel þekktur úr sögum ýmissa ferðalanga, þar var gjarnan að áður en lagt var á Öxnadalsheiði, og kannski staupað sig heldur drjúgt. Það var sagt um Jón Sigurðsson á Gautlöndum, þingmann, sem fórst á heiðinni af hesti sínum 1889.

Glæsibæjarhreppur og Akureyri

Mannhóll, Djúpárbakka. Meintur haugur óþekktks formanns. Var raskað á stríðsárunum (*JÓS. Örn. Eyf. 145*).

Skipihóll, Skipalóni. Talinn vera haugur forns höfðingja í skipi sínu, því að hóllinn líkist skipi á hvolfi. „Ekki er talið fýsilegt að grafa í hólinn, því að þá telja munnmælin að Hörgá flæði fljótlega yfir hólmana og engin og eyðileggi það að meira eða minna leyti“ (*JÓS. Örn. Eyf. 154*). Skipihóll er fast við Hörgá, um 200 m vestur frá bænum, hann er úr mól og sandi, eins og aðrir hólur við ósa Hörgár, leifar af framburði hennar þegar sjávarmál var hærra en nú.

Gunnsteinsþúfa, Skipalóni. „Munnmælin telja, að landnámsmaðurinn Gunnsteinn Eysteinnsson, sé heygður þarna, ásamt hest sínum, með öllum tygjum. Ekki má hrófla við þúfunni, því að þá stendur kirkjan að Möðruvallaklaustri jafnan í ljósum loga.“ (*JÓS. Örn. Eyf., bls. 154*). Í *Landnámu* er Eysteinn, faðir Gunnsteins, talinn landnámsmaður og bjó að Lóni.

Einhóll, Moldhaugum. Fornmannshaugur. Jón Reykjalin pr. í Glæsibæ getur hans í fornleifalýsingu sinni 1817, „en engin líkindi sjást nú til manna verka á hönum.“ Jóhannes Óli getur hans ekki í örnefnaskrá, en minnst á *Dysjarhól*, sunnan við túnið, þar fannst beinagrind úr manni 1912. (*JÓS. Örn. Eyf., bls. 154*).

Dauðsmannshóll, Lögmanshlíð. Þessi hóll er í svon. Reithólum á Glerárdal, skammt fyrir sunnan og neðan skíðasvæðið í Hlíðarfjalli. Sr. Kristinn Þorsteinsson í Glæsibæ lýsir honum í fornleifaskýrslu 1820. Hann segist ekki vita til að grafið hafi verið í hólinn, „en gamalla manna mál er það, að þar hafi til forna, átt að finnast partur af sverði.“ (*FF II, bls. 554*).

Hrafnagilshreppur

Helguhóll á Grund, er frægasti fornhaugur í Eyjafirði. Þetta er stór melhóll, skammt fyrir ofan tún á Grund, rétt ofan vegar, dálítið aflangur eða kjöllaga. Hann er gróinn grasi og mosa, nema kollurinn að sunnanverðu og uppi á honum eru nokkrir stakir steinar, allstórir. Um aldamót 1900 var girtur reitur til skógræktar ofan við hólinn og umhverfis hann, sem nú er þakinn skógi, þar á meðal er lundur af blæösp frá Danmörku.

Það eru almenn munnmæli, að í hólnum sé grafin sú nafnkunna *Grundar-Helga*, sem uppi var á 14. öld, og sagt var að staðið hafi fyrir Grundarbardaga 1361, þar sem Smiður Andrésón hirðstjóri Jón skráveifa Guttormsson o.fl. voru vegnir. Það þótti mikil landhreinsun, varð Helga fræg fyrir og komst í sögubækur.

Jón Jónsson prestur í Möðrufelli, Eyf., sem kallaður var hinn lærði, ritaði langa sögu um Helguhól á latínu í fornleifaskýrslu 1817, sem birt er líka í íslenskri þýðingu í *Frásögnum um fornaldarleifar* II. bindi, bls. 563-575, með ýtarlegum skýringum útgefanda. Jón telur hólinn náttúrumyndun, en þó ekki ólíklegt að þar hafi verið grafhaugur, og til þess bendi dæld í toppi hans, sem almennarómur segi merki þess að grafið hafi verið í hann í leit að fjármunum. Gerðist þá sama sagan og jafnan, að Grundarkirkja virtist standa í báli „og grófin fyllti sig að nýju af sjálfsdáðum.“ Þó segja sumir að þar hafi fundist járnhringur og skírnarfontur, sem er í Grundarkirkju.

Lítið er vitað um Helgu þessa, utan það sem segir í þættinum „Grundar-Helga, Örn og Eyvindur“ í *þjóðsögum Jóns Árnasonar*, II. bindi, bls. 114-115, sem talinn er handarverk Eggerts Ólafssonar Briem (1840-1893), sem var alinn upp á Grund. Skv. þeim átti Helga tvo bræður: Örn bónda í Öxnafellu og Eyvind á Eyvindarstöðum, sem báðir voru heygðir eftir dauða sinn. Hér kemur „þríhólasögnin“ fyrir, sem er þekkt víða á Íslandi. Auk þess eru þar margar furðulegar sagnir af þeim systkinum. Segir þar m.a.:

„Eitt sinn voru þeir bræður að heimboði á Grund. Ræðir þá Helga við þá, að hún vill láta grafa sig í hól þeim er stæði upp undan bænum á Grund, með öllu lausafé sínu, og kvaðst hún vilja, að þeir létu einnig heygja sig, þar er hún gæti séð til þeirra ef hún færi upp á hólinn. Þetta binda þau fastmælum. Helga lifði lengst þeirra systkina; lét hún heygja Örn í Arnarhól og Eyvind í Eyvindarhól, sem svo hafa síðan heitið. Og er Helga tók að eldast, lét hún hola innan hól þann, er hún hafði um rætt og skreyta innan á ýmsan hátt. Hún lét búa þar stofu mikla og setja stól í. Síðan andaðist hún og var sett í stólinn, sem hún hafði fyrir mælt, og var haugurinn síðan byrgður.“

Þetta er eitt örfárna dæma um slíkan útfararsíð á Íslandi, en fyrst er hans getið í Njálu, þegar Gunnar á Hlíðarenda var heygður, sjá einnig Álfhól í Siglufirði. Svipuðum umbúnaði bregður fyrir í haugum á erlendri grund í fornsögum okkar. Leifar af grafhýsum hafa fundist í Norður-Noregi, einkum á svæðum Sama. Um þetta ritaði Povl Simonsen greinina: „Grundar-Helga og gravskik, ad fornum sid“ í *Minjar og menntir*, afmælisbók Kristjáns Eldjárn, 1976. Margt hefur verið ritað um Helguhól, og þar lagði höfundur einnig orð í belg með greininni: „Helguhóll á Grund í Eyjafirði“ í *Árbók Hins íslenska Fornleifafélags* 1987. Vísast til hennar um frekari fræðslu og heimildir.

Danskihóll (Danskihaugur), Grund. Misjöfnum sögum fer af þessum hól. Jón lærði pr. í Möðrufelli kveðst hafa heyrt að Þórunn Jónsdóttir, Arasonar biskups, sem þar bjó um skeið, hafi látið dysja þar nokkra Dani, sem hún lét drepa til að hefna föður síns. (*FF II*, 564). Aðrir halda að fylgdarmenn Smíðs og Jóns skráveifu, sem féllu í Grundarbardaga, hafi verið huslaðir þar, en þeir voru reyndar norskir. Jón Espólin segir í *Árbókum sínum*, I, bls. 94, að þeir hafi verið dysjaðir í Helguhól. Jóhannes Óli segir Danskahól hafi verið „sundrað“ og sé eyddur (*JOS. Örn. Eyf.*, bls. 180).

Spjaldhagi, Grund. Forn þingstaður þriggja hreppa sunnan við tún. Jón lærði kallar hann haug, og skýrir nafnið sem Spjallhagi (þar sem menn spjalla saman). Þar áttu sakamenn, sem dæmdir voru til dauða á þinginu, að vera dysjaðir, en þess sjást nú engin merki, enda voru tveir aftökustaðir nærlendis sem líklegri eru.

Saurbæjarhreppur

Dúfa á Hvassafellsfjalli, lágur hnjúkur á fjallsbrún. „Þar er sagt að sé grafið peningakvartil.“ (*Örn. Saurbæjarhr.*, bls. 205).

Skeggjadys, Stóradal. Sögð vera dys Skeggja bónda, sem sagt er frá í *Grímu himni nýju*, I bls. 33-35. Hann drap Vask á Vaskárdal í Öxnadal, sem fyrr var getið, en féll þá í ónáð Hólábiskups, sem lét drepa hann og dysja „utan og framan við bæinn“.

Bræður í Sneis, Strjúgsárdal. Það eru tveir litlir hólar. Sagt er að bræður tveir hafi deilt um ástir stúlku, barist þarna, báðir látið lífið, og verið heygðir á staðnum (*Örn. Saurbhr.*, bls. 180).

Peningahóll, Saurbæ. „Svo sem 20 m vestur frá bæjarhlaðinu hét fyrrum Peningahóll. Þar á að vera grafin kista full af peningum. Enginn skal voga

sér að grafa eftir kistunni, því að hinum sama er þá búin óhamingja. Hefur því enginn, svo sögur færu af, reynt að grafa í hólinn.“ (JÓŠ: *Bannhelgir staðir, Sútur 5 (1), 1975*). Hannes Jónsson í Hleiðargarði, segir svipaða sögu af hól einum í Saurbæjarhaga. Þar átti maurapúki í Melgerði að hafa grafið peninga sína. „Hefur löngum þótt reynt í kringum hólinn, og málmlogar hafa sést þar á nóttum, jafnvel til skamms tíma.“ (*Gríma hin nýja, 4. bindi, bls. 313-314*). Enn er til svipuð saga um Rauðhól á jörðinni Rauðhúsum (*Örn. í Saurbæjarhr, bls. 176*).

Helguhóll, Gullbrekku, er sunnan við Gilsárgil, utan og ofan við bæinn. „Þar er sagt að kona, er Helga hét, hafi verið grafin, og dregur hóllinn nafn af því.“ (*Örn. í Saurbhr., bls. 141*). Líklega er hóllinn forn helgistaður, eins og fleiri með því nafni.

Bjarnahall, Gullbrekku. „Er sagt að maður er Bjarni hét, hafi grafið þar peninga sína.“ (*Örn. Saurbhr., bls. 141*).

Völvuleiði, Nesi. Svo kallast „blettur lítill, yst við túnið“ en engar sagnir finnast um hann (*Örn. Saurbr., bls. 150*). Sjá Völvuleiði í Leyningshólum.

Jórunnarhóll, Jórunnarstöðum. „Engin sögn fylgir honum, en ætla má að hann sé tengdur bæjarnafninu, og hafi því verið trúað að hann væri haugur Jórunnar.“ (*Örn. Saurbhr., bls. 132*).

Völvuleiði, Leyningshólum, Leyningi. Kennt við völvu sem þar á að vera grafin. Það er frægt í sögum. Þar hefur verið „rúnasteinn“ frá fornu fari, og því hefur það algera sérstöðu. Engin sögn fylgir því, en á því virðast hvíla einhver álög. Leiðið er í litlum hvammi milli mela við tjörnina *Tjarnargerðisvatn*, skammt frá sumarhúsi Bílstjórufélags Akureyrar. Það var hlaðið upp á seinni hluta 20. aldar og snyrt á ýmsan hátt, eins og skylt er með völvuleiði.

Jónas Hallgrímsson kom í Leyningshóla 26. júní 1839 og skoðaði leiðið og teiknaði rúnasteininn og krotið á honum. Um það ritaði hann í dagbók sína. Fyrst lýsir hann addáun sinni á fegurð þessa staðar, og slær því föstu að grafarbrú hafi valið sér þennan legstað í lifanda lífi. Hann vísar í *Tidsskr. for nordisk Oldkyndighed*, Aarg. II, 3. heft, bls. 312-313, sem heimild. Síðar ritar hann:

„Legstaðurinn sjálfur er nú spilltur og nær því eyðilagður. Á honum lá fyrrum fimmstrendur stuðlabergsdrangi, þriggja álna langur, og reyndust fletirnir er mældir voru 16, 17, 8, 13 og 8 þumlungar á breidd. Nú er hann oltinn til hliðar og brotinn þversum á óskiljanlegan hátt, hér um bil eina alin frá öðrum endanum. Þessi skemmd er þeim mun bagalegri, sem hún gengur þvert í gegnum grafskrift, mjög máða, og óttast ég að hún sé ólæsi-

leg. Hún er með rúnalettri og reyndar mjög stutt, var að líkindum aldrei annað og meira en fullt nafn þess sem undir hvílir. Ofan við grafskriftina er höggvið þetta tákn [láréttur kross], sem sennilega mun eiga að vera Þórs-hamar fremur en krossmark í kristnum skilningi, og er þannig vísbending um það – að minni hyggju – að rúnasteinn þessi sé frá því fyrir kristni. Sé svo, þá er hann elsti legsteinn er fram til þessa hefur fundist á Íslandi.[...] Það er um sjálfan legstaðinn að segja, að grafið hafði verið í hann og grafarþróin síðan fyllt aftur óvandlega með mold og mól. Nokkrir flatir steinar, sýnilega vel valdir, lágu á dreif umhverfis; annaðhvort voru þeir rifnir úr veggjum grafarþróarinnar eða þeir mynduðu þar eins konar kistu utan um sjálft líkið. Leiðið hefur verið steinhlaðið í aflangan ferhyrning, 6 til 8 álna á lengd og 3 til 4 álna á breidd.» [Ríssteikning fylgir]. (*Jónas Hallgrímsson: Ritverk II, Rvík. 1989, bls. 329*).

Séra Einar Thorlacius í Saurbæ sagði Jónasi að fyrir mörgum árum hefðu bræður tveir í sveitinni rofið leiðið á laun í leit að peningum eða dýrgripum, en ekki var vitað með vissu hvort þeir fundu eitthvað slíkt. Jónas getur einnig um völvuleiðið í bréfi til Finns Magnússonar, dags. 22. júlí 1839. (*Ritverk II, bls. 26*).

„Sagt er að smalamaður frá Leyningi hafi skemmt steinin og brotið hann allan. Nóttina eftir hafði hann dreymt völvuna. Var hún hin reiðasta og lagði það á hann, að upp frá þessu skyldi hann verða hinn mesti ólánsmaður, og á sömu leið skyldi fara fyrir hverjum þeim, er yrði svo djarfur að róta við dysinni. Álög þessi þóttu rætast, því að smalamaður þessi varð hinn mesti ólánsræfill og dó að lokum á vergangi. Síðan hafa engir þorað að róta við dysinni, og hefur þó marga fýst að grafa í hana og vita hvað hún hefur að geyma.“ (*Gríma. – Sögn Hannesar Jónssonar í Hleiðargarði. / tekið upp í bók Árna Óla: Álög og bannhelgi. / Einnig í Súlum, 5. árg. 1. hefti*).

Kristian Kálund getur um Völvuleiðið í Leyningshólum neðanmáls. Þar kemur ekkert nýtt fram, nema hann segir að „presturinn frá Saurbæ“ segi í bréfi til Finns Magnússonar 1833, að gröfin sé kölluð „Nunnuleiði“. Hann bendir á að eyðihjáleiga frá Jórunnarstöðum nefnist Nunnugerði. (*Kálund: Ísl. sögustadir III, bls. 88*).

Laufey Sigurðardóttir frá Torfufelli sagði frá Völvuleiðinu í útvarpsþætti 1964, og ritaði grein um “Völvuleiðið við Tjarnargerðisvatn“, í tímaritið *Heima er best* 1985, þar sem hún rekur ýmsar sagnir um leiðið og rúnasteinin. Þegar leiðið var hlaðið upp á vegum Bílstjórafélags Akureyrar, dreymdi *Hafstein Halldórsson*, Aðalstræti 46, Ak., einn þeirra sem vann það verk, að hann þóttist sjá nokkra illskulega menn í gráum kuflum, vopnaða

breddum, og foringja þeirra sem var mun betur búinn, með bláleita öxi við belti, koma inn í svefnherbergi sitt, og síðan birtist þar glæsileg og vel búin kona, sem sagði að þeir hefðu verið banamenn sínir.

„Í sömu svifum opnast svefnherbergishurðin, og inn kom kona, eftir útliti að dæma um fimmtugs aldur, frekar hávaxin, með mikið rauðgult hár, blá augu, hátt enni, beint nef, full að vöngum, og yfirleitt vel farin í andliti, björt yfirlitum, og augu hennar lýstu tígulegri ró og festu. Hún var í hvítleitum, skósiðum serk. Á herðum hafði hún brúnleitan möttul, er festur var saman á brjóstinu með silfurlitaðri sylgju. Um enni og hár hafði hún breiðan, gulan borða, og í hægri hendi hélt hún á einhverju, er ég ekki sá svo glöggst hvað var, en það líktist helst stuttum krókstaf.“ (*HEB*, 35. ár, 2. tbl. 1985, bls. 64-65).

Að sögn Laufeyjar hafa ýmsir skyggir menn orðið þessarar konu varir við leiðið. Nýjustu niðurstöður um rúnirnar eru þessar: „Í Leyningshólum, við Tjarnargerðisvatn í Eyjafirði, er grásteinn með „kistulagi“, sprunginn í tvennt, kallaður Völvuleiði, l. 180 cm, br. 43 cm, h. 25 cm. Á annarri hliðinni eru nokkur strik, klöppuð í steininn, þau eru greinilega gerð af manna höndum, en ekki rúnir, hæð þeirra er 10 til 12 cm.“ (*79 / Vísad í IR*, bls. 170-172 og *Jónas Hall.*, Rit 2, bls. 25-26. / *Þórgunnur Snædal: Rúnaristur á Íslandi. Árb. Fornleifafél. 2000-2001*, bls. 31).

Völvuleiði eru allmörg í landinu, einkum á Austur- og SA-landi, þau eru vanalega aflangar þúfur, en geta líka verið steinar eða vörður. Vanalega tengjast þeim sagnir um álög ef þeim er raskað, og mörgum fylgir sú kvöð að halda við leiðinu, og telst það gæfumerki fyrir bæinn. Því eru þau yfirleitt vernduð og víða haldið við með því að hlaða þau upp ef þau raskast.

(Sigurður Ægisson pr. og Þjóðfræðingur á Siglufirði hefur lengi safnað heimildum um völvuleiði. Hann birti greinina „Sagnir og minjar um Völvuleiði á Íslandi“ í Lesbók Morgunblaðsins 21. nóv. 1992, þar sem nokkrum þeirra er lýst og flest talin upp. Á þessu ári má vænta bókar frá honum um þessa gerð fornhauga).

Draughólar (Smáhólar) á Torfufellsdal, Villingadal. Svo nefnast allmargir hólkollar, er mynda þyrpingu utantil á dalnum. Oddur Björnsson prentari á Akureyri ritaði ýtarlega grein um þessa hóla, sem birtist í bók hans: *Þjóðtrú og þjóðsagnir*, bls. 269-272. Segir þar frá bardögum milli Eyfirðinga og Skagfirðinga út af notkun afrétta milli byggdanna, svipað og áður var sagt frá á Hörgárdalsheiði. Að sjálfsögðu var talið að Skagfirðingar hefðu tapað og flestir verið drepnir á flóttu. Er vísað til nokkurra örnefna er þykja styðja það, svo sem Sverrishaugu á Svarfdal og *Ísleifsskálar* í Torfufelli, þar

sem foringjar Skagfirðinga létu lífið og voru heygðir. „Mjög þótti reymt kringum dysjar þessar [í Smáhólum]; hafa smalamenn frá Villingadölum, og ferðamenn sem farið hafa Nýjabæjarfjall, séð þar eldglæringar á kveldum, er dimmt hefir verið, og nokkrum sinnum hafa menn þózt heyra vopnagný til dysjanna.“

Æsuhóll, Æsustöðum. Meintur haugur Æsu húsfreyju, sem bærinn heitir eftir. Hann var eyðilagður við vegagerð. (*Örn. Saurbhr., bls. 63*).

Kollshóll (Kollhóll) í Æsustaðatungum á Sölvadal. Meintur haugur Kolls bónda á Æsustöðum, er munnmæli herma að væri bróðir Grundar-Helgu. (*Þjóðsögur Jóns Árnasonar, II, bls. 115*).

Eyvindarhóll, Eyvindarstöðum, Sölvadal. Þar halda menn að Eyvindur bóndi sé heygður. Þjóðsögur segja hann vera bróður Grundar-Helgu, og hafi hún ákveðið að þau systkin skyldu láta heygja sig þar sem sæist á milli. Það er hin alkunna „Þríhólasögn“. (Sjá Helguhól á Grund).

Rindilsleiði, Möðruvöllum. Leiði Þorbjörns rindils, sem getið er í Reykdælasögu. Núpá hefur eytt dysinni. (*Örn. Saurbhr. bls. 21*).

Eyjólfshóll (Eyjólfshaugur), Möðruvöllum. Talinn haugur Eyjólfs Vilgerðarsonar, föður Guðmundar ríka. „Hóll þessi er nú friðlýstur, og má ekki í hann grafa.“ (*Örn. Saurbhr., bls. 20*).

Arnarhóll (Arnarhaugur), Öxnafellskoti/Fellshlíð. Allhár og topplaga melhóll við Eyjafjarðará, nálægt merkjum við Öxnafell. Rennur áin nær því í hálfhring utanum hann. „Í Arnarhól segja munnmæli, að Örn nokkur frá Öxnaelli, hafi verið heygður. Var hann lagður í skip. Um 1880 grófu menn í hólinn. Ekki er þess getið að þeir hafi fundið neitt.“ (*Örn. Saurbhr., bls. 6*). Aðrar sögur segja að Örn, bróðir Grundar-Helgu, sé þar heygður (Sjá Helguhól á Grund). Getið er um hólinn í Landnámabók, en þar kallast hann *Arnarhvoll*. Um hann voru landamerki þeirra Hrólfs og Ingjalds, sona Helga hins magra. Nafnið er því ævagamalt og eflaust af trúarlegum uppruna.

Öngulsstaðahreppur

Ekkjusteinn, Þverá ytri. Gömul kona á að hafa fólgið fé sitt undir honum. (*JÓ.S. Örn. Eyf., bls. 226*).

Kumlhóll, Þórustöðum. Malarhóll stutt ofan vegar. Sunnan í honum eru tættur. Allstór geil er í hólinn eftir malartöku, en nú er hólinn og umhverfi hans beitarfriðað. Óljósar sagnir eru um að þar hafi fundist bein. Brynjólfur Jónsson segir hólana tvo, fyrir neðan bæinn Gröf, og þeir líti út fyrir

að vera haugar, sem grafið hafi verið í fyrir löngu (*Árbók Fornleifafél.* 1906, bls. 16).

Arnarhóll, Kaupangi. Stór malarhóll nálægt þeim stað sem samnefnt nýbýli var byggt. Engin saga fylgir honum. Honum var eytt við malartöku á síðari hluta 20. aldar. (*Kristján Rögnvaldsson, munnl. heimild*). Helguhóll er í túni á Leifsstöðum og annar með sama nafni uppi í Bíldsárskarði, sunnanverðu. Engar sögur þekkjast af þeim, en þetta geta verið trúarlegir staðir.

Svalbarðsstrandarhreppur (S.-Þing.)

Austurströnd Eyjafjarðar tilheyrði Suður-Þingeyjarsýslu, og því nær örnefnaskrá Jóhannesar Óla ekki þangað. Þar voru fengin ljósrít af örnefnaskrám flestra jarða, sem Örnefnastofnun geymdi, og leitað að fornhaugum í þeim, en þar var fátt að finna. Einnig er merkilegt hversu lítið er getið um fornhauga í fornleifaskýrslum presta á þessu svæði. Svalbarðsstrandarbók Júlíusar Jóhannessonar (1964) bætir nokkuð úr þessari vöntun. Athyglisvert er að á Svalbarðsströnd eru þrír fornhaugar uppi á Vaðlaheiði, fjarri byggð.

Bóndaleiði við Veigastaðavatn á Vaðlaheiði. Samkvæmt gamalli þjóðsögu var mikil silungsveiði í vatninu til forna. Sagt var að hann gengi úr sjó upp um gat í vatnsbotninum. Bændur á Hallandi og Veigastöðum deildu um veiðirétt í vatninu, og þar kom að þeir börðust og drápu hvor annan. Eiga þeir að vera dysjaðir í Bóndaleiði. Eftir það var hella lögð yfir opið, svo tók fyrir alla veiði (*Svalbarðsstrandarbók, bls. 15*).

Gautur (Gautshóll / Gaukshóll), Gautsstöðum. Svo nefnist hóll austan í *Litlahnjúki* á Vaðlaheiði, á merkjum við Þórisstaði. „Á það að vera haugar Gauts bónda. (*Örnefnaskrá*).

Þórishóll (Þórir/Þórisaugur), Þórisstöðum. Hóll þessi er á vatnaskilum í *Þórisstaðaskarði* uppi á Vaðlaheiði, líklega á merkjum við Gautsstaði. Elsta heimild um báða þessa hóla er í fornleifaskýrslu Kristjáns Þorsteinssonar pr. í Miklabæ, handan fjarðar, 1820, sem kallar þann fyrrnefnda *Gaukshól*. „Í þessum hólum meinast þeir að vera heygðir, sem numið hafa áminnstar jarðir í Landnámstíð, nefnilega Þórisstaði og Gautsstaði.“ (*FF II, bls. 554*). Hólanna er einnig getið í *Örnefnaskrá* jarðanna og *Svalbarðsstrandarbók*, en ekkert fleira um þá sagt.

Þorgeirsbolaleiði, Gautsstöðum, er á Bökkum sunnan Gautsstaðagils, skammt norðan við merkin að Dálksstöðum. „Þar er há þúfa, ekki ólík því að vera upphlaðin, er hún kölluð Þorgeirsbolaleiði. Í fljótu bragði sýnist

slíkri vitleysu ekki gaumur gefandi, en verið getur að hér sé önnur saga falin.“ (*Svalbarðsstrandarbók*, bls. 82). Sagan af Þorgeirsbola, afturgengnu nauti, er alkunn um mikinn hluta landsins. Hann var kenndur við Þorgeir Stefánsson galdramann, er bjó á Svalbarðsströnd á efri árum. Um hann er fjöldi sagna, sem Sigurður Nordal safnaði í eina ritgerð í *Gráskinnu hinni meiri*, 1979, bls. 285-340.

Grýtubakkahreppur

Helguhóll, Nesi, Höfðahverfi. Svo nefnist stór, næstum hringlaga hóll, um 40 m hár, suðaustan við bæinn í Nesi. Hann er algróinn lyngi. Þaðan er mikið og fagurt útsýni. „Munnmæli segja, að Helguhóll sé haugur Helgu, sem fyrst hafi bú reist í Nesi, hvíli hún þar í skipi sínu.“ (*Jóhann Skaptason: Árbók Ferðafél. Ísl.*, 1969). Enginn haugur er sjáanlegur á Helguhól, og ekki finnast sagnir um að grafið hafi verið í hann.

Gunnar Hallgrímsson pr. í Laufási ritar í fornleifaskýrslu 1820: „Í nánd við einn bæ hér í sókninni, sem heitir Nes, finnst ein sandhæð, og ofantil á henni eftirstöðvar af grundvelli til gamallar girðingar, í röð af stórum steinum, hún er vel 4½ alin að breidd en um 60 faðmar á lengd. Innan í þessu steinlagi finnst ekkert, nema harður sandur. Rétt hjá þessari sandhæð finnst ogso tvær aðrar í sömu líkingu og sú umgetna, en nokkuð minni. Þessi monumenta eru nú öll orðin sandorpin... Í þessum umgirtu stöðum meinast fornmennt að hafa haldið sína gleðileiki, með því landareign þessarar jarðar liggur í miðri sókninni.“ (*FF II*, bls. 589).

Hér virðist Gunnar eiga við Helguhól, þó hann nefni hann ekki. Líklega er um að ræða fornan helgistað, sbr. Helguhól á Grund o.fl. með því nafni.

Skiphóll, Finnsstöðum, Höfðahverfi. „Nyrstur svonefndra Finnsstaðahóla, nú ofan við veginn, rétt sunnan Finnsstaðaár.“ (*Örnefnaskrá*). Engin sögn er nú þekkt um hólinn, en ætla má að þar hafi maður átt að vera heygður í skipi sínu, sbr. aðra hóla með sama nafni.

Heimildaskrá


- Angantýr Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson: *Örnefni í Saurbæjarhreppi*. Fjölrituð og innbundin bók, 236 bls., með skrautrituðum bæjarnöfnum og myndum allra bæja í sveitinni. Eigin útgáfa.
- Björn Ingólfsson: *Vasast í öllu. Endurminningar Sveins í Kálfskinni*. Ak. 2007.
- Brynjúlfur Jónsson: *Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905*. Árbók h. ísl. fornleifafélags 1906, bls. 3-27.
- Eggert Ólafsson Briem: *Grundar-Helga, Örn og Örlygur. Þjóðsögur Jóns Árnasonar*, 2. bindi, bls. 114-115.
- Eiríkur Sigurðsson: *Silfursjóðurinn frá Miðhúsum*. Glettingur, 6. árg. 2. tbl., bls. 28-30.
- Erlingur Davíðsson: *Konungsgröfin í Kálfskinni*. Dagur, jónablað 1969.
- Frásagnir um fornaldarleifar 1817-1823*, I-II. bindi. Sveinbjörn Björnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, 1983. [Skst: FFI og FFII]
- Gríma hin nýja*, 1.-5. bindi. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Rvík 1979.
- Helgi Hallgrímsson: *Vættastöðvar í Dalvíkurumdæmi I-VI*. Norðurslóð (Dalvík), 9. árg., 1.-6. tbl. 1985.
- Helgi Hallgrímsson: *Huldufólksstaðir og aðrir þjóðtrúarstaðir í Öxnadal*. Heimaslóð 4-6. árg., 1985-1987.
- Helgi Hallgrímsson: *Helguhöll á Grund í Eyjafirði*. Árbók hins ísl. fornleifafél, 1987, bls. 123-135.
- Helgi Hallgrímsson: *Huldufólksstaðir og aðrir átrúnadarstaðir í Arnarneshreppi*. Heimaslóð 13.-15. árg., 1994-1996.
- Helgi Hallgrímsson: *Dulheimur Árskógstrandar*. Súluur, 41. árg., 54. hefti 2015.
- Helgi Hallgrímsson: *Ingólfshöfði í Svarfaðardal*. Norðurslóð, 40. árg., 6. tbl., 2016.
- Hreiðars þáttur*. Íslendinga sögur, 8. bindi, bls. 305-325. Útgáfa Guðna Jónssonar, Rvík 1947.
- Ingólfur Kristjánsson: *Siglufljórdur 150 ára*. Bæklingur, útg. á Siglufirði.
- Jochum M. Eggertsson, 1985: *Peningar geymdir og grafnir í jörð*. Lesbók Morgunbl. 31. árg. 1935.
- Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla*. Árbók Ferðafél. Ísl. 1969.
- Jóhannes Óli Sæmundsson: *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*. Ak. um 1960. Um 250 bls. Ungmennasamband Eyjafjarðar kostaði fjölritun, og fékk hver hreppur sitt hefti, sem dreift var á bæina til endurskoðunar.
- Jóhannes Óli Sæmundsson: *Banbelgír staðir*. Súluur, 5. árg., 1. hefti, 1975.
- Jóhannes Óli Sæmundsson: *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*, I, 1 Árskóghreppur, Ak. 1978. 136 bls. [Átti að verða upphaf að prentaðri útgáfu örnefnasafnsins, sem ekki varð af.]
- Jóhannes Óli Sæmundsson: *Horft um öxl*. Sérpr. úr ritsafninu Aldnir hafa orðið, Ak. 1978.
- Jón Jónsson: *Sóknarlýsing Mæðruvallaklaustursóknar*. Eyfyrsk fræði, 2. bindi, Ak. 1972.

- Jón Norðmann: *Grimseyjarlýsing*. Menn og menntir, 3. hefti, Rvík 1946.
- Jón Norðmann: *Allrahanda*. Menn og menntir, 3. hefti, 1946.
- Jón Ólafssonar frá Grunnavík: *Um fornmannanna hauga nokkra, kumla og dysjar á Íslandi og í Norvegi (1753)*, Antiquariske Annaler. Khöfn 1815.
- Jónas Hallgrímsson: *Ritverk*, II. bindi. Rvík 1989.
- Júlíus Jóhannesson; *Svalbarðsstrandarbók*. Rvík 1964.
- Kälund, P.E. Kristian; *Íslenskir sögustaðir*, 3. bindi. Rvík 1986. [1., útg. á dönsku 1879].
- Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*. 1. útg. Rvík 1956.
- Kristján Eldjárn: *Kuml úr heiðnum síð, fundin á síðustu árum*. Árb. h. ísl. fornleifafél. 1965, bls. 5-68.
- Kristján Eldjárn: *Ingólfshöfði*. Súlur, 7. árg., 1. tbl., 1977.
- Laufey Sigurðardóttir frá Torfufelli: *Völvuleiðir við Tjarnargerðisvatn*. Heima er best, 35. árg, 2. tbl. 1985, bls. 64-65.
- Oddur Björnsson: *Þjóðtrú og þjóðsagnir*. 2. útg. Ak. 1977.
- Ólafur Briem: *Heiðinn síður á Íslandi*. 1. útg. Rvík 1945.
- Ólafur Olavius: *Ferðabók*, 1-2. bindi., Rvík 1964-65. [1. útg. á dönsku 1780].
- Ólafs saga helga. Heimskringla. Rvík 1978.
- Pétur Sigurgeirsson: *Grimsey*. Rvík 1971.
- Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, 1. útg. IX. bindi. Rvík 1950.
- Sigurður Nordal: *Þorgeirsboli*. Gráskinna hin meiri, 2. bindi. Rvík 1979, bls. 285-340.
- Sigurður Ægisson: *Sagnir og minjar um völvuleiði á Íslandi*. Lesbók Morgunbl. 21. nóv. 1992.
- Sigurður Ægisson: *Völvur á Íslandi*. Skrudda, Rvík. 2023. 420 bls.
- Simonsen, Povl: *Grundar-Helga og gravskik „ad fornum síð“*. Í Minjar og menntir, afmælisbók Kristjáns Eldjárns. Rvík 1976.
- Stefán Sigurðsson: *Dysjar á Hörgárdalsheiði*. Saga 2. hefti (Winnipeg). Endurpr. í ritsafninu Að vestan, 1. bindi. Ak. 1949.
- Steindór Steinsdórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti. (Eyfirðingar I). Ak. 1949, 250 bls.
- Svarfðæla saga*. Íslendinga sögur, 8. bindi, bls. 119-215. Útgáfa Guðna Jónssonar. Rvík 1947.
- Þorsteinn Þorsteinsson frá Upsum: *Skýringar yfir örnefni sem tilheyra best Svarfðardal*. Árbók h. ísl. fornleifafél. 1975, bls. 107-138. (Greinargerð og aths. e. Kristján Eldjárn).
- Þorsteinn Þorkelsson, Sýðra-Hvarfi: *Þáttur af Ingólfi Bjarmalandsfara*. Gríma hin nýja, I. bindi. Rvík 1978, bls. 7-9.
- Þórgunnur Snædal: *Rúmaristur á Íslandi*. Árbók h. ísl. fornleifafél. 2000-2001, bls. 31.
- Örnefnaskrár fyrir Svalbarðshrepp og Grýtubakkahrepp, frá Örnefnastofnun, Rvík.

SIGURÐUR JÓSEFSSON FRÁ TORFUFELLI

Hólsgerðislaug

Sigurður Jósefsson fæddist að Torfufelli í Eyjafirði 21. september 1927. Uppkominn tók hann við búrekstrinum og sat Torfufell í fjóra áratugi. Sigurður lét sig félagsmál miklu skipta og var meðal annars lengi breppstjóri í Saurbæjarhreppi og kennari við barnaskólann að Sólgarði. Hann var mikill áhugamaður um sögu og náttúru Íslands og nutu Sútur góðs af. Sigurður lést þann 8. september 2016.



Hólsgerðislaug er samkvæmt grófri staðsetningu í landi Hólsgerðis í Eyjafjarðarsveit og er um það bil 200 metrum austan Þjóðvegur, nálægt jarðamörkum Hólsgerðis og Torfufells eða um 20 metrum sunnan landamerkgjagirðingar þessara jarða. Laugin er 42 gr. heit á Celsíus og rennslismagn rúmlega 1 lítri á sekúndu.

Skepnur sóttu í laugarlækinn

Umfjöllun um lagina í eldri heimildum er mjög lítil, hennar er getið í sóknarlýsingum Miklagarðs- og Hólasóknar frá 1839-54. Þar segir: „Hér í þessum sóknum eru hvergi laugar, nema ein lítið merkileg í Hólasókn framarlega.“ (Skrifað í júlímánuði 1840 af J. Kröjer kapelláni (1) til Miklagarðs og Hóla í Eyjafirði).

Hvorki er laugarinnar getið í Jarðabók Árna Magnússonar, Ferðabók Eggerts og Bjarna né Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen.

Í bókinni Lýsing Eyjafjarðar (útgefin 1949) eftir Steindór Steindórsson frá Hlöðum segir svo: „Fyrir utan Hólsgerði og Tjarnir, sem nú eru fremstu bæir, gengur önnur jökulalda, nokkru minni en sú fyrri [þar er átt við Leyningshóla] yfir þveran dalinn. Norðan í henni er lítil laugavæta“. Umrædd „jökulalda“ er framhrun (berghlaup) úr norðanverðu Torfufellinu sem hefur fallið eftir að jökull hopaði og hulið þarna heita uppsprettu sem síðan hefur fundið sér leið til norðurs undan farginu en um leið dreift nokkuð úr sér, því að á um það bil 100 metra kafla, bæði austan og vestan við sjálfa aðalæðina, eru volgrur sem seytle undan hallanum.

Þykktin á framhruninu þar sem heita vatnið kemur undan mun vera nálægt 30 metrum. Þess má geta að bergtegundirnar eru líparít og basalt í bland sem hræst hefur saman í fjallinu en Torfufellið er að miklum hluta úr líparíti. Það skýrir líka þá niðurstöðu sem fæst við efnagreiningu á laugarvatninu sem hefur í sér nokkurt flúormagn en það kemur með útfellingu úr líparíti. Þetta kann að skýra það að skepnur, þó helst sauðfé, sóttu í að drekka úr laugarlæknum. Einkum mun þetta hafa verið meira áberandi áður fyrr þegar vetrararbeit var mikið stunduð. Spurningin er, voru skepnurnar að slægjast eftir snefilefnum eða að fá yl í kroppinn?

Badstaður

Umhverfi laugarinnar mun að líkindum hafa verið ósnortið allt fram að eða fram yfir aldamótin 1900. Nálægt því tímabili hefur verið hlaðin upp þró við upptök laugarinnar og er að mestu leyti óbreytt í dag. Laugin er hlaðin upp með hellugrjóti nálægt 1x3 m að innanmáli og um 60-70 cm djúp. Hún snýr norður-suður og suðurendi liggur að brekkunni þar sem innstreymið er upp úr botni hennar. Hliðarveggir og norðurgafli eru þettaðir með jarðvegi og torfi eftir þörfum. Botn er hellulagður og þakinn sandi að nokkru. Þetta er náttúrulegur baðpottur með kjörhita. Þannig hefur laugin verið notuð sem baðstaður alla 20. öldina, þó í litlum mæli framan af en fór stöðugt vaxandi. Framan af var hún einkum nýtt af fólki frá nágrennabæjum en með breyttum samgöngum hefur ásóknin vaxið og nú er eins og allur lýður hafi uppgötvað undrið. Því hefur reynst óhjákvæmilegt að hindra umferð ökutækja inn á svæðið.

Fram yfir miðja öldina sem leið eða allt þar til rafmagn kom í sveitina upp úr 1900, var allmikið stundað af nærliggjandi bæjum að fara með þvott í lagina yfir sumarið og þótti það ávinningur, einkum með sokka og grófari þvott. Einnig má nefna sem heyrði til heimilisiðnaðar og laugin kom að gagni við var að bændur gerðu nokkuð af því að smíða hagldir (við reipi) úr hrútshornum sem er hart efni og erfitt í vinnslu. Þá var þjóðráð að láta hornin liggja í lauginni nokkra daga, linuðust þau þá verulega mikið og urðu viðráðanleg í vinnslu.

Sundpollur

Svo var það á öðrum tug nýliðinnar aldar að við Hólsgerðislaug gerðist stórt ævintýri, á þess tíma vísu. Árið 1913 var stofnað í Hólasókn Ungmennafélagið Vorboðinn. Þá var margt ungt fólk í sveitinni og vakning í þjóðfélag-



Hér láta þeir fara vel um sig í Hólsgerðislaug, vinirnir Þorsteinn Hjaltason, varaformaður vor, og Snæbjörn Guðbjartsson (Krummi) sem átti ættir að rekja inn að Torfufelli.

inu. Þá gekkst Ungmennafélagið fyrir því að búinn var til „Sundpollur“ (alltaf nefndur Sundpollur).

Hann var staðsettur í lægð 60-70 metrum norð-austan við laugina, spor-öskjulagaður um það bil 8x12 m. Hlaðnir upp veggir úr sniddum og að hluta úr hellugrjóti. Þetta mannvirki var komið í gagnið um eða upp úr 1915. Heita vatnið var leitt í mjóum skurði og lagðar hellur yfir til að forðast kælingu. Þarna voru síðan haldin sundnámskeið og komust ýmsir á flot bæði unglingar og fullorðnir og haft á orði að sumir hafi orðið góðir sundmenn.

Einn aðalleiðbeinandi við sundkennsluna var Hjálmar Þorláksson þá bóndi í Hólsgerði, síðar Villingadal, Skagfirðingur að uppruna sem lærði



Bærinn Leyningur. Þar eru Leyningshólar og eru að hluta til einnig í landi Villingadal.

sund ungur. Þá munu eitthvað hafa komið við sögu bræðurnir Ólafur Magnússon, sundkennari á Akureyri, og Páll Magnússon. Ekki eru öruggar heimildir um hvað þessi starfsemi stóð mörg ár en líkur hníga að því að það hafi verið í 6 til 8 ár. Þá var Sundpollurinn farinn að grotna og spillast og aðalfyrirhleðslan gaf sig.

Það var ekki fyrr en í lok seinni heimsstyrjaldar að farið var að huga að því að byggja þarna sundlaug úr varanlegu efni. Gerð var kostnaðaráætlun og fengnir fagmenn til að meta aðstæður, þeirra á meðal Þorsteinn Einarsson



Bærinn Villingadalur í samnefndum dal. Hjálmar Þorláksson þá bóndi í Hólsgerði, síðar Villingadal, var einn aðalleiðbeinandi við sundkennsluna.

Íþróttafulltrúi en hann dáðist mjög að grasbrekkunni ofan við laugina, fyrir áhorfendur og hve skjólsælt væri þarna. Úr framkvæmdum varð þó ekki, voru fyrir því ýmsar ástæður.

Námskeið í sundkennslu voru árlega haldin við sundlaugina á Hrafna-gili og með bættum samgöngum þótti henta betur að senda unglिंगana til sundnáms þar.

Gæti miðlað miklu og heitu vatni

Hvaðan kemur vatnið sem myndar Hólsgerðislaug? Að sjálfsögðu kemur það frá hálendinu. Frá Hólsgerðislaug til jarðhitasvæðisins við Laugafell er innan við 40 km loftlína til suð-vesturs.

Við Laugafell er mikill jarðhiti. Þegar héla eða fól er á jörðu má þar sjá að hún bræðir af sé, eins og upp úr sprungu, þar sem jarðvegur er þunnur og myndar beina línu milli heitra uppspretta. Í beinni stefnu nokkra kílómetra til suðvesturs, suður af Laugafellshnjúk, er jarðhiti og stefnan er á Hofsjökul austan Miklafells. Í Hofsjökli eru jarðhitasvæði.

Er vatnið þá kannski komið frá jarðlögum undir Hofsjökli?

Með nútíma tækni, ísótópa-mælingum, er hægt að finna út hve langt er síðan eitthvað tiltekið vatn hefur fallið til jarðar sem úrkoma. En þá vaknar spurning, getur jökulís sem hefur legið í frera um aldir, ekki haft áhrif á niðurstöðu slíkra mælinga þegar hann losnar úr læðingi. Aldur vatnsins skiptir í sjálfu sér ekki máli ef það er tært og heilnæmt? Ekki er ólíklegt að hitasvæðið við Hólsgerði gæti með velheppnaðri jarðborun miðlað miklu og heitu vatni, eins og tilraunaboranir eru taldar gefa tilefni til. Staðsetningin er góð, við enda byggðar með þægilegum vatnshalla langs eftir blómlegri byggð. Slíkur orkugjafi gæti til lengri tíma boðið upp á öruggan varma og þétt byggðina.

Á árunum 1991-03 voru boraðar nokkrar tilraunaholur í grennd við Hólsgerðislaug og skiluðu sumar þeirra allgóðum árangri, með hita yfir 60 gráðum á Celsíus. Upplýsingar um þennan þátt er að finna í skýrslum frá Orkusstofnun. Að tilraunaboruninni stóð verktakafyrirtæki Friðfinns Knúts Daníelssonar.

Heimildir:

Eftir minni frá eldri sögnum og viðtölum við eldri menn, kunnugum á vettvangi. Þeir eru:

Hjalti Finnsson, f. 1919, d. 2012.

Þorlákur Hjálmarsson, Villingadal f. 1909, d. 2002.

Greinarhöfundur var staðkunnugur, fæddur og uppalinn í Torfufelli.

HERMANN ÓSKARSSON

Minningar frá menntaskólaárunum 1968 til 1972 á Akureyri

Fyrri hluti

Hermann Óskarsson er fæddur 1951 á Húsavík og ólst upp á Laugum í Reykjadal S-Þing. Hann er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1972, lauk phil cand prófi í félagsfræði, þjóðhagfræði og félagsmannfræði frá Gautaborgarháskóla 1980 og doktorsprófi frá sama skóla 1996. Hermann hóf störf við Háskólann á Akureyri við stofnun hans 1987. Hann lét af störfum sem prófessor 2018 og er nú prófessor emeritus við Háskólann á Akureyri.



Inngangur

Eftirfarandi frásögn af námsárum mínum við Menntaskólann á Akureyri byggir á minningum frá þessum tíma. Árið 2027 verða liðin 55 ár síðan ég lauk stúdentsprófi frá skólanum. Ég hef flett upp í ýmsum heimildum til staðfestingar á minningum mínum og styðst einnig við bréf sem ég sendi á umræddum tíma þáverandi vinkonu minni og núverandi eiginkonu. Svo vel vildi til að við varðveittum bréf hvors annars og þar með samtíma lýsingu á skólalífínu. Hér á eftir er meðal annars vitnað orðrétt í bréf mín skrifuð á tímabilinu 1968 til 1972. Hef ég valið kafla úr bréfunum sem lýsa þessum tíma, tíðaranda og viðburðum. Annars er hér stiklað á stóru í frásögn af náminu, kennurum, samnemendum og eftirminnilegum viðburðum á námsárunum. Til að hrista betur upp í minningunum og varpa betra ljósi á þær hef ég haft samband við nokkur skólasystkini. Vil ég einkum þakka þeim Kristjönu Guðmundsdóttur Motzfeldt, Sigurgeir Þorgeirssyni, Guðmundi Heiðari Frímannssyni, Viktori Sighvatssyni og Örnólfi Árnasyni ferðafrömuði fyrir upplýsingar og frásagnir.

Hvers vegna Menntaskólinn á Akureyri?

Veturinn 1967 til 1968 stundaði ég nám til landsprófs við Skógaskóla. Hafði ég lokið gagnfræðaprófi frá Laugaskóla vorið 1967 og hugðist láta



Steindór Steindórsson á Sal. Steindór var skólameistari þau fjögur ár sem Hermann stundaði nám við skólann.
 Mynd: Minjasafnið á Akureyri

gagnfræðaprófið nægja. Svo varð þó ekki og meðal annars fyrir áeggjan séra Sigurðar Guðmundssonar prófests á Grenjaðarstað ákvað ég að nema til landsprófs við Skógaskóla og halda áfram á menntabrautinni eftir það. Hugurinn stóð til þess að setjast í þriðja bekk (fyrsta bekk) Menntaskólans á Akureyri haustið 1968.

Að loknu landsprófi sótti ég um skólavist í MA og fékk inngöngu. Það var með mikilli eftirvæntingu sem ég hóf nám í MA. Fyrir mér var skólinn merkur, gamall og sögufrægur. Fannst mér mikil upphefð að fá skólavist þar. Hafði ég spurnir af ýmsum nemendum sem þar stunduðu nám, og kannaðist við aðra sem höfðu lokið námi við skólann og getið sér gott orð í þjóðfélaginu. Sumir þessara nemenda voru fyrrum nemendur á Lauga-skóla. Allnokkrir kennarar skólans voru landsþekktir og mikils metnir. Móðir mín horfði gjarnan með mikilli aðdáun til skólans þó hún hefði

aldrei stundað þar nám. Hún sagði mér frá nokkrum kennurum skólans sem annað hvort voru fjarskyldir henni, húnvetnskrar ættar, eins og Sigurði Guðmundssyni skólameistara, eða af skagfirskum ættum eins og hún sjálf. Hún hafði haft miklar mætur á Þórarni Björnssyni skólameistara sem var nýlátinn þegar ég hóf nám 1968. Við hafði tekið Steindór Steindórsson náttúrufræðingur frá Hlöðum. Var Steindór skólameistari þau fjögur ár sem ég stundaði nám við skólann. Þá minntist móðir mín á Brynjólf Borgfjörð Sveinsson, ættaðan úr Skagafirði. Móðurafi minn Friðrik Hallgrímsson og Brynjólfur voru fimmmenningar. Faðir minn þekkti vel einn af íþróttakennurum skólans, Hermann Stefánsson, sem var einnig fjarskyldur í móðurættina. Hermann var m.a. einn af brautryðjendum blakíþróttarinnar á Íslandi. Hermann var áhrifamikill frumkvöðull á Akureyri á sviði íþróttar og þekktur innan íþróttahreyfingarinnar. Faðir minn kenndi leikfimi og aðrar íþróttir á Laugum og var einn af forystumönnum Suður Þingeyinga á sviði frjálsra íþróttar. Hann var þátttakandi í starfsemi ungmennafélags hreyfingarinnar og m.a. formaður Héraðssambands Suður Þingeyinga í hartnær 20 ár (frá 14. apríl 1957).

Engin nákominn skyldmenni mín höfðu farið í langskólanám, hvað þá gengið menntaveginn til embættisprófs við háskóla. Því voru fyrirmyndir mínar af skornum skammti. Afafróðir minn, Árne Hallgrímsson, hafði reyndar verið í Gagnfræðaskólanum á Akureyri tvo vetur 1903 til 1905. Þriðja veturinn las hann heima fram að áramótum, en tók fullnaðarpróf frá Gagnfræðaskólanum vorið 1907. Að vera «gagnfræðingur» var hærra menntunar- og lærdómsstig þá en síðar varð. Gagnfræðaskólinn á Akureyri varð síðar Menntaskólinn á Akureyri 1927 þegar gagnfræðaskólinn fékk heimild með ráðherrabréfi til að brautskrá stúdenta.

Af Árna frænda mínum er það að segja að hann fór haustið 1911 utan til Noregs og á lýðháskólann í Voss árin 1911 til 1913. Hann stundaði líka nám á lýðháskólanum í Eidvold 1914 til 1915. Í Noregi dvaldi hann í ein 14 ár. Mér verður oft hugsað til þessarar löngu útiveru Árna frænda, en sjálfur dvaldi ég í 10 ár í Svíþjóð við nám við Háskólann í Gautaborg. Eftir heimkomu frá Noregi vann Árne ýmis skrifstofustörf í Reykjavík, en lengst af við Ríkisútværpið. Hann gerðist ritstjóri tímaritsins *Iðunnar* 1926 og eignaðist síðar *Iðunni* og hélt tímaritinu úti í um 12 ár til 1937. Árne lést 27. nóvember 1958 þá 73 ára. Árna afafróður mínum kynntist ég aldrei, enda var ég bara 7 ára þegar hann lést. Lífshlaup hans var mér þó á vissan hátt mikilvæg fyrirmynd, einkum fannst mér spennandi tilhugsunin að hann átti marga kunningja úr hópi á þeim tíma þekktra rithöfunda og



Heimavist Menntaskólans er fyrir miðri mynd. Þar fékk Hermann inni á efstu hæð.

Mynd: Íslendingur/Minjasafnið á Akureyri

skálda, svo sem Magnús Jónsson dósent, Þorstein bróður hans (Þóri Bergsson), Guðmund Kamban, Sigurð Einarsson, Guðmund Einarsson frá Miðdal, Kristín E. Andrésson, Jakob Thorarensen, Jóhannes úr Kötlum og Þórberg Þórðarson. Í sjálfsævisögu afa míns Friðriks Hallgrímssonar, *Margslungið mannlíf*, kemur fram að Jakob, Jóhannes og Þórbergur hafi verið sérlegir vinir Árna bróður hans.

Menntaskólinn hófst um mánaðamótin september – október 1968. Dagana áður en ég hélt til Akureyrar og hóf nám við MA var ég heima í foreldrahúsum á Laugum. Þar var Húsmæðraskólinn að hefja starfsemi sína og ungum kvennaskólastúlkum fjölgaði og voru á vappi á staðnum. Veður var gott þetta haust, tiltölulega hlýtt í veðri og logn. Ég brá mér ásamt æskuvini mínum niður að tjörninni fyrir framan kvennaskólann og þar hitti ég unga sextán ára stúlku sem mér leist strax vel á og urðum við

málkunnug og hittumst nokkrum sinnum næstu daga. Hún vakti forvitni mína og þegar við kvöddumst kvöldið áður en ég hélt til náms í MA ákváðum við að skrifast á og deila því sem á daga okkar dreif hverju sinni. Hér er vitnað í fyrsta bréfið sem ég sendi vinkonu minni 6. október 1968.

Þá er þessi blessuð fyrsta vika að verða búin og maður getur tekið sér pásu í dag. Þetta er nú meiri lærdómsþvælan, þýska, enska, danska og reikningurinn er á dönsku svo að það þarf að þýða hann fyrst yfir á íslensku. Þetta er fjandi gott prógramm yfir daginn, tímarnir byrja ekki fyrr en hálf tólf á daginn nema á laugardögum þá byrja þeir klukkan 8. Heimavistinni er lokað alla daga kl. hálf tólf nema á laugardögum þá er opið eitthvað lengra fram eftir.

Borðsalurinn er eins og tería og eftir matinn getur maður lallað inn í reyksalinn sem er heljar stór og lítur út eins og gömul baðstofa. Þar er seld mjólk og gos á kvöldin því ekkert fær maður í eldhúsinu eftir kvöldmat. /.../. Ég var dapur yfir að komast ekki á ball í gærkvöldi, þó var diskótek hér í reyksalnum í gærkveldi (6. okt. 1968).

Ég fékk inni á heimavist MA, herbergi 50 á efstu hæð nýju heimavistarinnar. Gamla heimavistin var undir súð á efstu hæð gamla skólahússins. Herbergisfélagi minn fyrsta veturinn var sveitungi, Ingvar Teitsson frá Brún í Reykjadal. Æskuvinur og skólabróðir úr barnaskóla. Við höfðum brallað ýmislegt á yngri árum, meðal annars lesið saman undir próf og leikið okkur saman þegar ég var nokkur sumur vikapiltur í Máskoti, næsta bæ við Brún.

Kennararnir

Þessi fjögur ár í MA komu margir kennarar við sögu, sumir eru sérstaklega eftirminnilegir aðrir ekki. Suma kennara höfðum við öll ár aðra bara í einum námsáfangi. Minnir mig að Hörður Kristinsson (líffræði, grasufræði, efnafræði, eðlisfræði) hafi kennt okkur grasufræði í þriðja. bekk. Er mér minnisstæð námskynning sem hann leiddi á náttúrugripasafnið á Akureyri sem var þá til húsa þar sem núna er viðbygging sunnan við Hótel KEA. Hörður varð síðar forstöðumaður safnsins.

Jóhann Sigurjónsson (náttúrufræði, efnafræði, eðlisfræði) er mér mjög eftirminnilegur. Hann kom til starfa 1969 og kenndi mínum bekk jarðfræði og hagræna landafræði í fjórða bekk (4. Z). Hann var nýkominn frá Noregi og man ég að landafræðibókin var á norsku. Jóhann var góður kennari, sem átti auðvelt með að ræða við nemendur á þeirra eigin forsendum, vakti áhuga, hreinskilinn og fræðandi. Jarðfræðibókin var á íslensku skrifuð

af Þorleifi Einarssyni, önnur prentun 1968 og bar titilinn *Jarðfræði. Saga bergs og lands*. Bókin var gefin út af Máli og menningu. Fannst mér bókin fróðleg og full af nákvæmum staðreyndum um efnið og ef til vill meira handbók en kennslubók. Á ég þessa bók enn í dag. Jóhann kryddaði kennsluna með safni bergsýna sem stóðu frammi í kennslustofunni á efri hæð Möðruvalla að norðanverðu í húsinu. Gerði ég mér allnokkrar ferðir til að skoða steinasafnið, ekki síst fyrir próf.

Aðalsteinn Sigurðsson (saga, enska, landafræði, þjóðfélagsfræði, íslenska) kenndi okkur sögu og er mér eftirminnilegur einkum fyrir þá sök hversu rólegur og yfirvegaður hann var. Fátt virtist raska ró hans í kennslustundum. Hann talaði hægt og yfirvegað, tók okkur upp að töflu og lét nemendur þylja söguna. Sjálfur þuldi hann efnið eins og hálfgert vélmenni og gat verið nokkuð svæfandi í tímum. Hann hafði viðurnefnið «hesturinn», en ekki man ég ástæðuna. Þetta var viðurnefni eða uppnefni tilkomið löngu áður en ég kom í skólann. Þá kenndi «majorinn» *Ragnar Stefánsson* (enska, saga) okkur einnig sögu. Ragnar hafði verið major í bandaríska hernum og kom með honum til Íslands í seinni heimsstyrjöldinni og hafði einkum með höndum túlkun.

Trausti Helgi Árnason (danska) kenndi okkur dönsku og var vel liðinn af okkur nemendum. Trausti var múrari að mennt en hafði einnig BA próf í íslensku og sögu frá HÍ. Hann stundaði líka nám í Danmörku. Hann sagði okkur nemendum að Danirnir hefðu átt eitthvað erfitt með bera fram nafnið hans á dönsku og ekki gat hann þýtt það því Trofast er algengt hundsnafn í Danmörku. Lausnin var hugsanlega millinafnið hans Helgi, en ekki man ég þetta. Trausti var skemmtilegur kennari, glettinn og mikill húmoristi. Hann var lengi ábyrgðarmaður skólaláðsins Munins.

Brynjólfur Borgfjörð Sveinsson (íslenska, stærðfræði, eðlisfræði, landafræði) kenndi okkur í þriðja bekk íslensku á miðsal. Fannst mér Brynjólfur áhugaverður kennari og útlit hans eftirtektarvert. Neðri vörin skagaði út eins og fuglsgoggur og augun voru nokkuð rangstæð. Töluðum við um það í bekknum að erfitt væri að átta sig á hvert karlinn horfði hverju sinni. Brynjólfur reykti vindla á kennarastofunni og hugsanlega veitti vörin gott grip um vindla. Hann var orðinn töluvert roskinn 1968 og heilsan farin að bila. Hann hóf kennslu við MA 1927. Man ég enn orðatiltæki sem hann notaði gjarnan, «pars pro toto». Brynjólfur veiktist eitthvað þetta haust og lagðist inn á spítala og man ég að við nokkrir strákar, nemendur hans, báðum fyrir honum og óskuðum þess að hann myndi ná sér skjótt. Svo varð og glöddumst við innilega.

Erlingur Sigurðarson (íslenska, Íslandssaga) lauk stúdentsprófi 1969 frá MA og kenndi okkur íslensku veturinn á eftir 1969-1970. Erlingur var góður og skemmtilegur kennari, náði vel til okkar enda nánast jafnaldri sumra okkar.

Valdimar Gunnarsson (íslenska, Íslandssaga) kenndi mér einnig íslensku, sennilega veturinn 1971-1972. Valdimar var mjög fær kennari og skemmtilegur. Hann var nýútskrifaður frá HÍ þegar hann hóf kennslu 1971 við MA. Hafði ég gaman af kennslu hans og naut þess að sækja tíma. Valdimar var frá Bringu í Eyjafirði og hlaut viðurnefnið Bringukollur.

Tómas Ingi Henry Olich (íslenska, franska, alm. bókmennir) kenndi okkur íslensku í fimmta bekk, að mig minnir. Tómas Ingi hélt nokkurri fjarlægð milli sín og okkar nemenda. Virkaði þetta á stundum sem vottur þótta og yfirlætis. Hann var ákveðinn og röggSAMUR í kennslu sinni og námsmati. Minnst ég sérstaklega ritgerðar sem ég hafði skrifað um gagnverkan ólíkra samfélagskrafta, einkonar tvíhverfu eða dílektíska aflvaka. Þarna var ætlun mín að stilla saman ólíkum hugtökum og skoða samspil þeirra í stuttri námsritgerð í íslensku. Tómas gaf lítið fyrir svona æfingu og dæmði tilraunina afleita. Tómas Ingi dvaldi hátt í áratug í París við nám og hægt var að koma honum í spjallgír með því að spyrja út í stúdentaóeirðir þar og fleira á námsárum hans. Ekki var Tómas Ingi hrifinn af þessum óeirðum og taldi þær hafa verið tilgangs- og marklausa vinstrimensku. Tómas Ingi var síðar kosinn á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn, varð ráðherra og fékk loks sendiherrastöðu í Frakklandi með aðsetur í París.

Vilhjálmur Ingi Árnason (Íþróttir) kenndi okkur strákunum leikfimi og gerði það af mikilli fagmennsku og áhuga. Lét okkur þreyta þrekpróf og fleira. Minnst ég sirkusatríðis sem hann lét mig gera í leikfimitíma. Það var að stökva upp í útréttar hendur hans og síðan henti hann mér í flikk flakk boga aftur á bak eins og um blakbolta væri að ræða. Kom ég standandi niður og snéri eins og ég lagði af stað. Vilhjálmur æfði okkur einnig í blaki.

Magnús Ólafsson (Íþróttir) var sjúkrapjálfari að mennt og kenndi leikfimi við MA. Magnús var afbragðs kennari og lét okkur þreyta allskyns þrekpróf af mikilli fagkunnáttu sjúkrapjálfarans.

Magnús Kristinsson (Þýska, enska) kenndi okkur þýsku í þriðja og fjórða bekk. Námsbókina hafði hann samið sjálfur og var kennsla hans vel undirbúin. Magnús hafði einkennandi göngulag sem vakti hjá okkur kátínu. Göngulagið minnti á mann sem hélt í hjólbörur og ók þeim á undan sér.

Friðrik Sigurður Þorvaldsson (Þýska, franska, enska) kenndi okkur þýsku í fjórða bekk og *Ólafur Rafn Jónsson* (Þýska, enska, franska) kenndi okkur

þýsku í fimmta og sjötta bekk. Ólafur hafði stundað nám við Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Hann var mikill málamaður og fóru sögur af snilli hans þegar hann leiðsagði túristum af ólíku þjóðerni og þjóðtungum og svissaði auðveldlega milli tungumála. Mér líkaði alltaf vel við Ólaf Rafn sem kennara og síðar. Hann sat yfir í prófum við HA um árabil og þá áttum við stundum tal saman.

Ásmundur Jónsson (enska) kenndi okkur ensku í þriðja, fjórða og fimmta bekk. Ásmundur var afar fær kennari, rólegur og yfirvegaður með sitt vinalega hálfbros. Mér fannst þægilegt að sitja kennslustundir með Ásmundi og enskan var það tungumál fyrir utan íslensku sem mér fannst mest gaman af.

Rafn Kjartansson (enska, íslenska, þýska) kenndi okkur ensku í sjötta bekk. Rafn var góður kennari, en var snöggur upp á lagið, ef svo bar við. Heyrði ég þá sögu að nemendur annars bekkjar en okkar hafi gert at í Rafni með því að látast spila bridge í tíma á aftasta bekk. Létu þeir sem í gangi væru stórkaralegar sagnir og létu þær heyrast stundarhátt í bekknum. Rafn rauk þá til og hugðist stoppa þetta spil, en greip í tómt þar sem eingöngu var verið að gera í honum at. Mun þetta hafa verið endurtekið ítrekað í tímum hjá Rafni. Þess skal getið að Rafn var mikill bridgespilari sjálfur.

Helgi Hallgrímsson (náttúrufræði, efnafræði, eðlisfræði, stærðfræði, þýska) var stundakennari og kenndi okkur undirstöðuatríði í ólífrænni efnafræði og eðlisfræði í þriðja bekk. Helgi hafði einkennandi persónuleika og háttalag sem var eftirtektarvert. Hann hafði á þessum tíma rytjulegt skegg og hár, néri gjarnan saman höndunum og hafði í frammi hreyfingar sem minntu á fugl sem var að hefja sig til flugs. Hann lagði sig fram í kennslunni og tók lýsandi dæmi til skýringar og gerði minniháttar tilraunir í tímum. Man ég vel eftir tilraun sem hann setti á svið og átti að sýna mismunandi eðli vatns og sands. Sýndi hann okkur hversu létt vatn rann úr glasi samanborið við sand. Út frá m.a. þessu sýnisdæmi áttum við að geta gert okkur í hugarlund ólíka mólekúlbyggingu vatns og sands. Nánar tiltekið gerð vatnsmólekúla samanborið við mólekúl fasts efnis eins og sands. Ekki botnaði ég á þessum tíma í hvað Helgi var að fara, til þess vantaði allt of mörg púsl í heildarmyndina.

Jóhannes Sigvaldason (efnafræði, búfræði) og *Þórarinn Lárusson* (efnafræði, búfræði) voru kennarar bekkjarins í ólífrænni efnafræði. Þórarinn kenndi bara stuttan tíma, einn áfanga eða svo, en Jóhannes var með okkur lengur. Einhvern veginn náði ég ekki almennilega tökum á ólífrænu efnafræðinni, en nokkru seinna þegar ég var í Læknadeild HÍ náði ég góðum árangri í lífrænni efnafræði á fyrsta ári. Mér fannst hún mun rökrænni en sú ólífræna.

Þórir Sigurðsson (eðlisfræði, stærðfræði, stjörnufræði) kenndi okkur eðlisfræði og fórst það vel úr hendi. Í mér var aftur á móti lítill eðlisfræðingur og náði ég því aldrei raunverulegum árangri í MA, en síðar stóðst ég eðlisfræðina á fyrsta ári í Læknadeild HÍ og þar er Þóri eflaust að þakka. Ég kynntist Þóri betur síðar sem kollega við HA. Hér ber einnig að þakka Ingvari Teitssyni sem útskýrði fyrir mér nokkur lykilatriði læknisfræðilegu eðlisfræðinnar. Má segja að hann hafi þar endurgoldið leiðsögn mína varðandi flikk flakk heljarstöckið fyrir leikfimipróf í MA.

Birgir Valur Ágústsson (stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði) kenndi okkur stærðfræði í þriðja bekk uppi á miðsal í Gamla skóla. Þar var tiltölulega lítil krítartafla sem hægt var að opna eins og einskonar þriggja blaðsíðna bók á hjörum. Birgir hafði lítið töflurými til að koma reikningsdæmum á framfæri vegna þess hversu lítil taflan var. Brá hann á það ráð að nánast þurrka af töflunni vinstra megin með vinstri hendi á meðan hann skrifaði á töfluna hægra megin með hinni hendinni. Úr þessu varð hraðsoðin töflukennsla sem engan veginn fangaði athygli mína og fór kennslan því oft fyrir ofan garð og neðan.

Ingólfur Oddgeir Georgsson (stærðfræði, eðlisfræði) kenndi okkur stærðfræði í fjórða bekk. Hann var afskaplega trúaður og ræddi gjarnan trúmál á milli þess sem hann kenndi okkur. Var tiltölulega auðvelt að fá hann til að spjalla um trúmál og eitt sinn svaraði hann spurningunni um ef guð væri almáttugur hvort hann gæti skapað svo stóran stein að hann gæti ekki lyft honum. Í spurningunni felst augljóslega mótsögn sem varðar almætti guðs. Svar Ingólfs var að vissulega gæti guð skapað stóran stein en hann takmarkaði mátt sinn!

Jón Hafsteinn Jónsson (stærðfræði, eðlisfræði, stjörnufræði, efnafræði, esperanto) kenndi bekknunum mínum stærðfræði í



Jón Hafstein kennir.

Mynd: Anna Ingólfsdóttir



Stefán Þórarinn Þorláksson er næstur á mynd. Fjar eru Ásmundur Jónsson, sem kenndi ensku, og fjærst líklega Erlingur Sigurðarson íslenskukennari.

Mynd: Íslendingur/Minjasafnið á Akureyri

fimmta bekk. Stærðfræðikennslan á þessum tíma studdist við danskar námsbækur í mörgum bindum sem mér fannst afleitar aflestrar. Dróst ég aftur úr strax í þriðja bekk þar sem kennslan gekk út frá bók eitt, tvö, þrjú og svo framvegis. Náði ég aldrei almennilega tókum á undirstöðuatriðum menntaskólastærðfræðinnar og dróst sífellt meira aftur úr. Habbinn eins og Jón var kallaður var örugglega góður kennari, en honum tókst ekki að gera úr mér stærðfræðiséní. Hins vegar beitti ég brögðum til að ná betri árangri á munnlegu prófi hjá honum. Hann lét nemendur draga miða og í minn hlut kom eitt sinn að sýna stærðfræðilega röksemdir fyrir ln lógaritmanum. Þetta hafði ég lært utanað og gat tiltölulega auðveldlega sýnt útleiðsluna á töflu. Habbinn var greinilega hugfanginn af stærðfræðilegri snilli minni og því bauðst ég til að sýna fram á miklu flóknari stærðfræðilega útleiðslu sem ég hafði lesið um en kunni ekki. Við þetta varð Habbinn ennþá upprifnari, en afþakkaði tímans vegna mér til mikillar ánægju.

Stefán Þórarinn Þorláksson (stærðfræði, þýska) átti að kenna okkur stærðfræði í sjötta bekk. Ekki gekk kennsla hans nægilega vel og endaði með að nokkrir nemenda bekkjarins tóku að sér kennsluna á meðan Stefán fór með vísur og ljóð inn á milli. Þegar við dimmitteruðum vorið 1972 voru kennarar heimsóttir og þeim afhentar gjafir, blóm og sungnir skólasöngvar. Stefán fékk lítinn kaktus að gjöf sem ein yngismær afhenti honum. Kveð-

justundin dróst aðeins á langinn þar sem Stefán þurfti sinn tíma með knúsi og kossi áður en stúlkan gat slitið sig frá blautlegu kossaflestinu, sem dróst einnig á langinn vegna myndatöku okkar hinna. Allt með ráði gert. Plöntuvalið átti að vera táknrænt fyrir þyrnum stráðar samverustundir. En okkur yfirsást merking þess að gefa og þiggja kaktus. Það getur jú táknad gæfu og ást svo Stefáni var vorkunn.

Nemendur

Nemendur Menntaskólans á Akureyri voru á umræddum tíma úr flestum stéttum þjóðfélagsins. Margir voru afkomendur eldri nemenda skólans eða systkini nemenda sem áður höfðu stundað þar nám. Alls brautskráðust um 120 nemendur sem stúdentar frá MA 1972. Míni bekkir voru 3Z og síðan 4Z, 5T og 6T. Í 5. og 6. bekk voru bekkirnir T, B og X (12 strákar og ein stelpa) blandaðir bekkir, þ.e. strákar og stelpur. Aðrir bekkir voru annað hvort stúlkna- eða strákabekkir. Á mínum menntaskólaárum frá 1968 til 1972 voru fjórar deildir við skólann, þ.e. máladeild, stærðfræðideild, náttúrufræðideild og eðlisfræðideild.

Bréfaskipti við vinkonu á menntaskólaárunum

Eins og áður sagði skrifaðist ég á við þáverandi vinkonu mína sem er núverandi eiginkona mín, Karín María Sveinbjörnsdóttir. Við varðveittum bréf hvors annars og ég hef valið úr þessum bréfum nokkra kafla sem lýsa einkum viðburðum, tíðaranda og skólalífínu á umræddum tíma. Hafa þer í huga að frásögnin er ungs manns.

Í þriðja bekk 1968-1969

Ég ætlaði að koma heim um helgina og vera á skólaballinu sem áreiðanlega hefur verið fjörugt og skemmtilegt. En hér í M.A. var heljar mikið ball og eftir að hafa misst af ferð í Lauga fór ég á það. Geislar léku og það var æðisgengið fjör. Á fimmtudaginn kemur, þann 17. október, er mánadagfrí, þ.e. engin kennsla þann dag og maður getur gert það sem maður vill. Líklega verður Sjallinn opinn á miðvikudagskvöldið svo eitthvað getur maður nú skemmt sér (14. okt. 1968).

Jæja, það er nú margt búið að ganga á hér undanfarið og er fyllirið efst á blaði. Á sunnudagskvöldið fóru nokkrir þriðju bekkingar í Sjálfstæðishúsið og endaði sú ferð með því að öllum var hent út fyrir fylliri og þjófnad á tveim bókum. Strákgreyið sem stal annarri flöskunni þandi bara kjaft við útkastarann og drakk vínið dræ úr glasi á meðan. Því miður var ég ekki þarna

svo ég veit ekki nákvæmlega hverjir stóðu fyrir þessum látum en Vélskólameñn voru forsprakkar en öllu var skellt á Menntaskólann. Hérna um kvöldið fóru 3 strákar út um glugga á vistinni og fóru í Sjallann. Skólameistari beið fyrir utan og gómaði þá er þeir komu aftur. Mér er sagt að þeir hafi boðið meistara snafs. Á morgun á að eldskíra þriðju bekkinga og erum við annað hvort tolleradir eða ausnir vatni. Það er venjan að slást við þetta tækifæri og verður ekki sleppt því á morgun. Það er ábyggilegt. Við fórum nokkrir strákar á ball í Freyvang um helgina og var drukkið stíft. Löggan tók 3 flöskur af okkur en fann sem betur fer ekki þá 4.

Þú ert kannski hissa á þessu bréfi því ég tala ekki um annað en fyllirí og túra, en þetta er nú bara að verða daglegur viðburður. Ég veit t.d. um stráka sem eru þegar búnir, þ.e. á þriðjudegi, að útvega sér bokku fyrir helgina (29. okt. 1968).

Það fer að verða æði dýrt að skrifaft á nú á dögum að minnsta kosti við suma, t.d. við Hermann Óskarsson, því fyrst þarf maður að setja 5 kall á bréfið, síðan þegar maður fær bréf þarf maður að borga 10 kalla því Hr. Hermann Óskarsson setur ekki alltaf frímerki á umslögin. Um síðustu helgi komu nokkrir strákar úr M.A. og kepptu í sundi og blaki. Um kvöldið var ball út í skóla og fóru nokkrir þeirra þangað en voru reknir út fyrir rest fyrir fyllirí (bréf frá vinkonu 21. nóv. 1968).

Ja, djöfull hlýt ég að vera orðinn blankur þegar ég get ekki borgað undir mín eigin bréf og það er von að þú verðir hissa þegar þú færð bréf frá mér í póstkröfu. En þetta er allt saman gamalli kellingarskrukku að kenna. Ég fór með þetta bréf niður í bæ og ætlaði að setja það í póst, en af því það var frímerkjalaust bað ég kellingu á H.A. (Hótel Akureyri) fyrir bréfið og svo hefur hún gleymt að borga undir það þegar hún lét það í póst daginn eftir en hirt fimmkallinn minn, ja líklega í þjórfé, en ég ætla nú að spurja hana um það næst þegar ég sé hana. En nóg um það, ég sendi þér nú hér með frímerki á næstu bréf og þú fyrirgefur mér. Eiginlega er ég að komast í hátíðaskap því það verður ekki meira kennt fyrir helgi. Sem sagt frí í 3 daga. Á laugardagskvöldið verður óskapleg hátíð, að minnsta kosti einhverskonar út-limagleði. Verður þá dansað í nýjum sal hér og ballið stendur til kl. 3. Póló og Bjarki spila. Á ballinu verður selt bruggað öl (ekki áfengt) og þar verður spilud rúll-etta upp á pening. Heimavistinni verður ekki lokað á sunnudagsnóttina svo maður getur rölt út og inn alla nóttina (28. nóv. 1968).

Það voru próf fyrir jóla og núna eftir jóla byrjar sama pensúmið. Efnafræðipróf á mánudag. Þýskupróf á þriðjudag og stærðfræðipróf á laugardag og svo frv. Ég held bezt sé að flýja skólann sem fyrst (8. jan. 1969).

Þá eru nú blessuð prófin að verða búin og þá getur maður farið að anda rólega. /.../. Um daginn var þó ball hér og var meðal annars kosin fegursta stúlka kvöldsins og í þeirri keppni hlaut einn strákurinn flest atkvæði, en dómendurnir vildu nú samt ekki samþykkja kosninguna enda varla von.

Það verður aftur ball í MA í kvöld og býst ég við að fara. Ég þakka þér fyrir að þú skyldir hugsa vel til mín í prófunum því sannarlega veitti ekki af. Úff, þú spyrð mig stórrar spurningar, þegar um framtíð mína er að ræða. Ég veit það svei mér ekki, og þó er eitt víst að prestur verð ég aldrei því ég er algjör guðlastari og forlagatrúar í þokkabót. Flest allt annað kemur til greina (25. jan. 1999).

Menntaskólanemar héldu ball hér á laugardaginn eða réttara sagt 5. bekkur stóð fyrir balli hér svokallaðri dimisjón sem er kveðjuhátíð fyrir væntanlega stúdenta. Hátíðin hefst með borðhaldi kl. 8, en á eftir var dúndrandi ball til kl. 3. Hljómsveitin „Júdas“ lék fyrir dansi. Það hafði verið alveg ógurleg vinna við undirbúning hátíðarinnar, enda var hún hin stórkostlegasta. Niðri í Gamla skóla var búíð að skreyta margar skólastofurnar, ein var útbúin sem flottasta setustofa, önnur var útbúin með bar og fleiru tilheyrandi, en að vísu var nú ekki selt sterkt vín. Í einni setustofunni var tennisborð og var þar spilað allt kvöldið, ein stofan var fyrir gömlu dansana og þar var hljómsveit, sem spilaði þá eingöngu. Í einni stofunni var sýnt bíó allt kvöldið og þangað gat maður farið ef maður vildi, fyrir ekki neitt. Niðri í kjallara hafði einni stofunni verið breytt í draugahús þar sem voru tómir ranghalar og kolniðamyrkur og ýmis torkennileg hljóð og blautar tuskur strukust um vangaana er maður gekk þar um. Bæði borðsalurinn og danssalurinn voru skreyttir með allslags skrauti og listaverkum, allt gert af 5. bekk. /.../. Hljómsveitin „Júdas“ var stórkostleg og ballið var ágætt í heild, ef frá er tekið „fylliríð“, sem var geysi mikið. Á milli danshússins og Gamla skóla var upplýst gangbraut, með allavega lituðum perum (23. apr. 1969).

Nú fer að líða að því að maður komist heim og eru nú aðeins tvö próf eftir, eitt á morgun og annað hinn daginn. Maður er orðinn að andlegum aumingja eftir allan þennan heiláþvott sem hefur nú staðið í um það bil mánuð. /.../. Eins og ég sagði þér í síðasta bréfi gengur mér betur en ég hafði búist við og ég er búinn að láta skrá mig í stærðfræðideild næsta vetur (28. maí 1998).

Í fjórða bekk 1969-1970

Þá er ég aftur byrjaður á púlinu hérna og er í stærðfræðideild, en því miður eru flest allar bækurnar á dönsku svo að ég hefði líklega getað farið í mála-deild þess vegna. Jæja, skólinn er nú bara rétt byrjaður svo líklega er heldur of snemmt að örventa. Ég bý á vistinni eins og í fyrra og reyndar líka á sama

herbergi. Hérna á vistinni er nú margt breytt frá í fyrra og ekki eins strangt, t.d. megum við vera úti til kl. 11:30 öll kvöld, en í fyrra var lokað fyrr á föstudögum. Nú er farið að kenna í nýju og fallegu húsi (Möðruvellir) og er ég þar í flestum tímum. /.../. Hérna á Akureyri finnst mér vera meira almennt fylliri á mannskapnum, sérstaklega í 3. bekk. ... hefur til dæmis varla verið þurr síðan hann kom og í kvöld er ball í skólanum og ætla flestir að vera híf aðir skilst mér, en aldrei þessu vant verð ég blá edrú. Hljómsveitin „Nói gamli trillusmiður“ leikur fyrir dansi. Á mánudaginn verður frí í skólanum og veit ég varla hvað ég á að gera. /.../. (6.okt. 1969).

Hérna á laugardaginn var ball í skólanum og allsæmilegt ball, Pops léku fyrir dansi. Þetta var ljóta fyllirisballið, allir fullir, en sem betur fór var svo dimmt inni í danssalnum að kennararnir sáu ekki glóru. Í einu horni salarins var innréttað smá hús þar sem fólk gat legið á dýnum og haft það eins og það vildi. /.../. Í vetur hafa komið margar góðar hljómsveitir og spilað á skólansleikjum hjá okkur meðal annars Trúbrot, Óðmenn, Pops og fleiri. /.../. Prófin byrja hjá okkur 9. maí og standa út mánuðinn (5. apr. 1970).

Í fimmta bekk 1970-1971

Undanfarið hefur verið mikið um próf og allskyns annir, þó hin raunverulegu miðsvetrarpróf okkar í 5. bekk hefjist ekki fyrr en eftir jól. Ég hef lesið eins vel og mér hefur verið unnt og oft setið við lestur úti á Amtsbókasafninu hér á Akureyri frá hádegi eða þegar ég hef verið laus úr skólanum og fram að 7, en þá er safninu lokað. Rætt hefur verið um það að fara í bekkjarferðalag til Mallorca og send hafa verið bréf til ýmissa ferðaskrifstofa. Áætlað er að um páskana verði farið ef farið verður og við páskavikuna sjálfa verði bætt vikunni fyrir eða eftir páska, en þessi 5. bekkjar ferðalög ár hvert hafa yfirleitt staðið í viku, þannig að nú í ár mundum við nota páskafrið einnig til ferðalagsins.

Á fyrsta des. fullveldishátíðinni hér í M.A. var mikið um fylliri eins og þú hefur eflaust frétt af og neyddist meistari okkar til að slíta samkomunni fyrr en ella, ég var nú svo heppinn eða óheppinn þetta kvöld að vera dyravörður á samkomunni svo edrú var ég sem ég skal viðurkenna að var með ráði gert. Í vetur hef ég verið frekar þurr enda haft úr litlu að spila og einnig sökum þess að aldurinn er að færast yfir mann og hlutirnir skoðast nú í öðru ljósi en áður. Annað slagíð hef ég verið að lesa ýmislegt af hinum svokölluðu góðu bókmenntum og oft á tíðum gluggað í heimspeki og fleira, annars hefur tíminn ekki leyft það núna alveg upp á síðkastið. Um daginn var ég að lesa ljóðabók eftir Pál Ólafsson og þá kom þessi vísa allt í einu fram á varir mínar:

Ást ég fékk við fyrstu sýn
sem festi okkar hlekki.
Frá þér held ég heim til mín,
helst á kvöldin ekki.

Ég læt hana fylgja með bara svona til gamans ef þú skyldir vilja dæma eitt-
hvað um hana eða yrkja aðra á móti (14. des. 1970).


Ég er alltaf að reka mig aftur og aftur á það að tíminn flýgur áfram og langt
er liðið frá því að ég ritaði þér línu síðast. Er ég sit hér heima í litlu herbergis-
borunni, sem ég leigi og sólin skín inn um gluggann, verður mér hugsað til
þín og langar mig nú meir til að hitta þig en oft áður. Það er orðið æði langt
síðan við höfum talast við svo nokkru nemi og því síður skemmt okkur sam-
an. /.../. Mikið hefur verið bollalagt um bekkjarferð okkar um páskana og
ýmsar leiðir verið kannaðar og síðasta ferðaplanið er til Þýskalands. Hvernig
lýst þér á?

Mér hefur gengið nokkuð vel í prófunum upp á síðkastið, fékk t.d. fyrstu
einkunn í enskri ritgerð og ágætiseinkunn í sögu en ágætiseinkunn er yfir
nú og er ég því mjög ánægður. Annars gengur námið alla vega og maður er
ýmist heppinn eða óheppinn. Ég varð tvítugur um daginn og storma nú um
allar helgar í „ríkið“ oftast fyrir aðra en sjálfan mig. /.../. Mikið er mig farið
að lengja eftir vorinu og angan blóma og því frelsi er náttúran veitir. Skóli er
og verður ætíð einhverskonar frelsis skerðing þótt nauðsynlegur sé. Hugsaðu
þér einn vetur enn og þá er vissum áfanga náð, sem gefur rétt til að sinna
öllum sínum áhugamálum, en einn vetur getur verið langur tími og erfiður,
sérstaklega ef heimurinn er manni andsnúinn, en þá verður að berjast til
sigurs (9. mars, 1971).

Ég er núna heima að lesa undir eitt aukapróf. Í fimmta bekk eru nefnilega
ekki nema 4 próf og fáum við að sleppa hinum ef við náum 5 í vetrareinkunn,
en því miður fékk ég ekki nema 4 í þýsku og er nú að lesa hana. /.../. Mér
hefur gengið bara vel í prófunum í vor og mér finnst að ég sé þegar kominn í
sjötta bekk (jún. 1971).

Í sjötta bekk 1971-1972

Elsku kæra vinkona! Hér er lognmolla morgunroðans og þó skýjað. Kærar
þakkir fyrir samverustundir í höfuðborg lýðveldisins Íslands fyrir skömmu.
Þær veittu mér innsýn í nýjan heim og hlekki í keðju lífsins. Ég komst að því
að mannveran er aðeins lítil grastó á árbakka tímans og annað hvort hrífst
hún burt með straumnum eða heldur kyrru fyrir í félagsskap annarra jurta,
misjafnlega fjölærra. En hvert lendir grastóin að lokum, ef hún hafnar ekki á
steini eða eyri neðar í ánni, út í sjó? Hvað tekur þá við, ef til vill það sama og



4Z í maí 1970. Nedri röð frá vinstri: Birgir Þór Guðmundsson, Pétur Yngvason, Ingi Yngvason, Lárus Sæmundsson, Einar Einarsson, Albert Guðmundsson, Brynjar Ástvaldsson, Hermann Guðjónsson, Heimir F. Guðmundsson, Ásmundur Jónsson og Árni Steinsson.

Efri röð frá vinstri: Ingvar Teitsson, Grétar G. Ingvarsson, Hannes Sigurgeirsson, Hermann greinarhöfundur, Tryggvi Þór Jónsson, Eiríkur B. Baldursson, Guðmundur Ingvarsson, Friðþór Eydal og Guðmundur Ingi Jónatansson.

áður, eða félagsskapur svifjurta, enginn samastaður og engin leið fær upp ána aftur í forn heimkynni. Sé lífið svona vil ég helst ekki kynnast því. Þannig hugsa ég um sjálfan mig og þá reynzlu sem lífið hefur veitt mér og ég tel hollt að endurskoða lífsafstöðuna öðru hverju annars líður lífið frá manni án eigin meðvitundar.

Þessi kapituli er aðeins minn hugsanagangur með improvisation og því hálf ruglingslegur. Þú fyrirgefur! Jæja, ég kúri yfir bókum og stefni eflaust að heimssigri eða guð má vita hvað og les helst á kvöldin og sést því lítið utan dyra. Ég á einn ágætis kunningja hér á Akureyri og er það kokkurinn sem var hjá honum föður mínum í sumar sem leið. Og nú hef ég fengið hann gratis til að kokka ofan í 6. T., bezta og gáfaðasta bekk í öllum skólanum (þ.e. minn bekkur) næstkomandi föstudagskvöld. Á matseðlinum verður svínahryggur, borðvín og desert, auk þess skemmtiatriðið „kokkurinn dansar í fullum búning splittangó við unga blómarós í bekknum“ (reynar er ekki búíð að finna blómarósina svo að líklega endar það með því að ég verð að koma í hennar stað ha, ha). Kokksi gerir þetta fyrir sinn eina og bezta vin. Þá er

skólaball á laugardagskvöldið og mun hljómgrúppan Gaddavír '75 sjá um útlimagleðina eða allavega stuðla að henni. Því miður mun ég ekki taka þátt í gleðinni sökum þess að ég er ráðinn forstjóri við stórmagasín föður míns á Laugum. Ég fer því að öllum líkindum heim síðla á föstudag eða eftir átveizluna hina miklu. Auðvitað vekur svona partýhald öfund annarra skólasystkina, en það eykur bara á frægð bekkjarins. /.../ ... bið að heilsa múttu þinni. Þinn ævinlega vinur, Hermann (28. okt., 1971).

Eins og fram kemur í bréfunum hér að ofan voru dansleikir oft haldnir í skólanum. Af bréfunum má skilja að mikið hafi verið um drykkju nemenda innan sem utan skólans. Og víst er það að drykkja nemenda við framhaldsskóla á Íslandi hefur tíðkast allt frá því að Lærði skólinn var og hét. Oftast voru þessir dansleikir til fjáröflunar þar sem fimmtu bekkingar söfnuðu fyrir árlegri utanlandsferð. Margar vinsælustu hljómsveitir landsins tróðu upp og voru þessir viðburðir fjölsóttir af nemendum sem voru vel á sjötta hundrað í skólanum. Öðrum ungmennum bæjarins var almennt meinaður aðgangur. Þá voru haldnar árlegar hátíðir í tilefni af fullveldisdeginum fyrsta desember. Við þessi tækifæri voru dúkuð langborð í matsal heimavistarinnar og borin fram þriggja rétta máltíð. Haldin voru ávörp kennara og nemenda, og minni kvenna og karla flutt. Þá voru sungnir skólasöngvar og ýmis skemmtiatriði. Nemendur þjónuðu til borðs. Þetta voru hátíðlegar og þjóðlegar samkomur enda tilefnið sögulegt. Nemendur klæddu sig uppá í sitt finasta púss, drengir í jakkaföt og stúlkur í fina kjóla og jafnvel þjóðbúning.

Heimildir:

Friðrik Hallgrímsson (1979). *Margslungið mannlif. Sjálfsævisaga*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.

Bragi Guðmundsson. (ritstjóri). (2012). *Háskólinn á Akureyri 1987-2012. Afmælisrit*. Völuspá og Háskólinn á Akureyri.

<https://www.youtube.com/watch?v=jmcUT9FETBQ>

Þórhallur Bragason. (1981). Kennaratal. Í Gísli Jónsson (ritstjóri). *Saga Menntaskólans á Akureyri 1880-1980*. (3. b., bls. 273-288). Akureyri, Prentverk Odds Björnssonar.

Hold sveiki maðurinn

Í öndverðum júlí 1886 flutti blaðið Ísafold lesendum sínum þessa frétt: „Meðal farþegja hingað með Camoens var franskur vísindamaður, H. Labonne að nafni, dr. med., sendur hingað af frönsku stjórninni til að rannsaka dýra og jurtalíf hjer á landi, og ætlar að ferðast víðs vegar um suður- og norðurland í sumar í því skyni, en um aðra landsfjórðunga ef til vill að sumri.“

Henri Labonne hét ferðamaðurinn fullu nafni, var læknir að mennt og töluverður ævintýramaður, auk þess að vera býsna liðtækur rithöfundur. Þeirrar gáfu fengu landar hans að njóta tveimur árum síðar þegar ferðasaga hans til Íslands og Færeyja kom út á frönsku. Því miður hefur sú bók ekki enn verið þýdd yfir á okkar ylhýru tungu. En Súlur eiga hauk í horni þar sem er Hörður Geirsson á Minjasafninu. Honum eigum við að þakka þessa átakanlegu frásögn sem hér fer á eftir og myndina en hvorutveggja er að finna í ferðabók Frakkans Henri Labonne.



Gefur Labonne hinum franska orðið: *Henri Labonne. Ferðabók hans má finna á netinu. Slóðin er: https://baekur.is/bok/3f15ef9b-33d6-46f3-a65c-f927da8336903/0/8/L_Islande_et_l_archipel_des#page/n7/mode/2up*

„Hann beið mín á tröppum Jensenshótel. Ég kemst ekki hjá því að nefna hann svo að lesendur mínir geri sér betur grein fyrir því sem Íslendingar eiga við að glíma. Þessi ólánsami ungi maður þjáðist af sama hræðilega bölinu og kvaldi og afmyndaði Job, þeim sjúkdómi sem ritningin kallar „elstu dóttur dauðans“, holdsveiki.

Unga manninum hafði borist til eyrna að ég dveldi á Akureyrar og í tvo daga beið hann þolinmóður komu minnar frá Mývatni. Þessi fátæki piltur gerði sér vonir um í örvinglan sinni að ég hlyti að taka innfæddum læknum

fram, já, að ég gæti læknað hann. En því miður.

Ég gætti þess að stilla vonum hans í hóf en gaf honum óþíöt til að slá á sársaukann. Andlit hans var þakið hnúðum en enn voru engin sár tekin að myndast. Nefið hafði stækkað, varirnar þykknast, augnlokin bólgnast og bólur myndast á enni og eyrum. Kinnar og hakan gáfu honum ásýnd ljóns (leontiasis) sem lesendur mínir ættu að sjá býsna glögglega á ljósmyndinni.

Hendur hans voru teknar að skemmast og ég óttaðist að þess væri skammt að bíða að beinin í fingrunum gæfu sig alveg.

Í lok viðtalsins þakkaði þessi ólánsami maður mér kærlega fyrir. Hann var mér afskaplega þakklátur en vildi þó engan veginn að ég myndaði hann. Vissulega hefði ég átt að virða óskir hans en í þágu vísindanna forherti ég mig og gekk svo hart fram að á endanum gaf hann sig og samþykkti myndatökuna.“



Holdsveiki maðurinn vildi alls ekki láta taka af sér ljósmynd en gaf sig á endanum enda lagði Labonne hart að honum og kvaldist af samviskubiti fyrir vikið. Það er líklega tómmt mál að tala um en engu að síður skal spurt: Þekki lesendur til sögu þessa holdsveika manns?

HELGI LAXDAL

Hákarla-Jörundur

Helgi Laxdal er vélstjóri að mennt og var um árabíl formaður Vélstjórafélags Íslands og Fiskifélags Íslands. Helgi er fæddur árið 1941 á Syðri-Grund í Suður-Þingeyjarsýslu.



Hákarla-Jörundur (Jörundur Jónsson) var fæddur á jóladag árið 1826 að Ytri-Gunnólfsá á Kleifum, eða Kleifum eins og staðurinn er nefndur í daglegu tali, í norðanverðum Ólafsfirði. Hann var sonur hjónanna Jóns Björns-sonar og Guðrúnar Loftsdóttur sem þá voru í húsmennsku hjá foreldrum Jóns, þeim Sigríði Þorkeldsdóttur og Birni Gíslasyni hreppstjóra.

Guðrún Loftsdóttir var ættuð úr Suður-Þingeyjarsýslu, var fædd 31. desember árið 1797 að Borgargerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi. Jörundur Jónsson átti því ættir sínar að rekja í sveitirnar beggja megin Eyja-fjarðar.

Eiginkonur og ómegð

Jörundur kvæntist tvisvar. Í fyrra sinnið árið 1853 Svanhildi Jónsdóttur, f. 17. júlí 1835 á Bakka í Svarfaðardal. Þá var Jörundur orðinn formaður á hákarlaskipi sem hann keypti frá Höfðaströnd. Síðar, eða árið 1862, keyptu þau Syðstabæjarjörðina í Hrísey og settust þar að. Þá hafði fjölskyldan stækkað, þeim höfðu fæðst átta börn. Börn Svanhildar og Jörundar voru:

- Sigtryggur f. 20. nóv. 1854 í Hringsdal, d. 14. ágúst 1927.
- Arnbjörg Rósida f. 25. nóv. 1855 í Hringsdal, d. 24. des. 1855.
- Loftur Júlíus f. 19. jan. 1857 í Hringsdal, d. 5. mars 1952.
- Jóhannes f. 26. maí 1858 í Hringsdal, d. 20. ágúst 1946.
- Björn f. 2. júlí 1859 í Hléskógum, d. 1. júlí 1955.
- Loftur Júlíus f. 16. júní 1861 á Grýtu, d. 5. mars 1955.
- Steinn f. 28. sept. 1862 í Syðstabæ, d. 2. jan. 1963.
- Steinunn f. 7. júlí 1875 í Syðstabæ, d. 12. nóv. 1875.

Eins og sjá má af upptalningu hér að ofan misstu Svanhildur og Jörundur tvö barna sinna skömmu eftir fæðingu. Svanhildur tók fráfall barnanna mjög nærri sér og varð aldrei söm upp frá því. Hún lést árið 1875.

Í banalegunni ráðlagði hún bónda sínum að hann skyldi fá sér fyrir bústýru Margréti Guðmundsdóttur, fædda 3. mars 1849 á Moldhaugum í Möðruvallasókn. Jörundur fór að ráði konu sinnar og réð Margréti til sín til bústýrustarfa. Svo vel fór á með þeim að þau gengu síðar í hjónaband þrátt fyrir 23 ára aldersmun. Saman eignuðust þau níu börn en Margrét hafði eignast son áður sem Jörundur ættleiddi.



Margrét Guðmundsdóttir, seinni kona Jörundar.

Börn Margrétar og Jörundar voru:

Þorsteinn Marinó f. 20. feb. 1873 í Syðstabæ, d. 24. maí 1933.

Svanhildur f. 23. ágúst 1877 í Syðstabæ, d. 9. nóv. 1964.

Sigrún f. 11. sept. 1878 í Syðstabæ, d. 14. ágúst 1955.

Guðmundur f. 29. ágúst 1879 í Syðstabæ, d. 9. nóv. 1912.

Aðalsteinn f. 21. ágúst 1880 í Syðstabæ, d. 8. okt. 1934.

Þorgerður f. 15. sept. 1881 í Syðstabæ, d. 30. sept. 1950.

Oddur f. 24. okt. 1882 í Syðstabæ, d. 1884

Þóroddur f. 28. júní 1884 í Syðstabæ, d. 15. sept. 1902.

Jörundur f. 20. júní 1885 d. 24. nóv. 1961.

Jón f. 1886, d. 1886.

Margrét lifði mann sinn og giftist aftur Jóhannesi Davíðssyni og eignuðust þau eina dóttur sem Sóley hét.

Í Grýtubakkahreppi

Tæplega tvítugur réðst Jörundur í vinnumennsku til móðurbróður síns, Björns Loftssonar bónda í Pálsgerði í Grýtubakkahreppi, en hann var fæddur í Litlagerði í Dalsmynni 23. sept. 1806. Jörundur stóð stutt við í Pálsgerði eða fram til ársins 1847 en þá fluttist hann til Grenivíkur og

dvaldi þar fram á árið 1853. Flutti hann þá í Hringsdal á Látraströnd, þar sem hann bjó í um tvö ár. Þá flutti hann í Grímsnes á Látraströnd og var þar í um eitt ár. Þaðan fluttist hann í Hléskóga, þar sem hann dvaldi í um tvö ár. Síðan lá leiðin í Grýtu, og var hann þar í um eitt ár. Býlin þrjú, að Hléskógum frátöldum, eru nú komin í eyði en Grýta mun hafa verið hjáleiga frá Grýtubakka og er það eina býlið þar sem Jörundur var skráður bóndi. Á hinum stöðunum var hann annaðhvort skráður hjú eða húsmáður.

Flutt til Hríseyjar, Syðstabæjarjörðin keypt

Jörundur fluttist úr Grýtubakkahreppi árið 1862 til Hríseyjar og keypti þá Syðstabæjarjörðina, sem var önnur tveggja bújarða í Hrísey, og gerðist þar fljótt umsvifamikill, bæði til sjós og lands. Hann var þá þegar orðinn annáláður hákarlaformaður, en hann mun hafa hafið hákarlaútgerð á meðan hann var búsettur að Grýtu í Grýtubakkahreppi.

Síðari hluta árs 1884 hóf hann byggingu timburhúss á Syðstabæ, en á þessum árum voru timburhús fátíð, sérstaklega þau sem voru heilbyggð úr timbri. Gömlu torfbæirnir voru þá enn helstu íverustaðir Íslendinga. Bygging hússins átti sér nokkra forsögu vegna þess hvert megnið af efninu, a.m.k. burðarvirkið, var sótt.

Þá um haustið gerði afspyrnu rok við Eyjafjörðinn. Svo mikið var rokið að mestu byljirnir fóru upp í 45m/sek., sem svarar til um 14 vindstiga, en hraðari vindur en 12 vindstig 32,7 m/sek. flokkast sem fárviðri samkvæmt upplýsingum úr ritinu *Veðrið frá 1965*. Þar kemur m.a. fram, að í hraðari vindi en 12 vindstigum sé meðalmanni ekki stætt, hvað þá í 14 vindstiga ofsa. Í þessu fárviðri sem gengið hefur undir nafninu „Gjörningaveðrið og/ eða Nordmannabylurinn“ lágu fjölmörg síldveiðiskip við Hrísey, flest norsk en einnig íslensk hákarlaskip og ensk skip. Í ofsanum rak nítján þeirra á land og sködduðust það mikið að þeim varð ekki bjargað. Skipin voru því boðin upp í septemberlok þá um haustið.

Burðarviðir Syðstabæjar

Eitt þessara skipa var skonnortan Sköld frá Haugasundi í Noregi. Engar upplýsingar liggja fyrir um tildrög þess að skipið rak á land önnur en þau sem veðurhamurinn leiddi af sér. Jörundur bauð í skipið og átti hæsta boðið en þrátt fyrir það fékk hann skipið fyrir gott verð eða kr. 26,50. Hann lét rífa það planku fyrir planku á staðnum og flytja á byggingarstað nýja hússins. Helstu aflviðirnir fóru í burðarvirki Syðstabæjarhússins.

Jörundur keypti einnig mikið af viðunum úr briggskipinu Norden frá Haugasundi í Noregi. Skipið lá við eyjuna við þrjú stór ankeri. Segir sagan að það hafi rekið á land með heilan reiða rétt við eitt húsa Norðmanna, sem þá stóðu þarna í flæðarmálinu, og þegar það fór að veltast um í briminu í fjörunni hafi mastrið brotnað af því og lent á einu húsanna, sem brotnaði undan þunganum. Sagan á sína efasemdarmenn eins og gengur. Þó er það mat kunnugra að á einum stað á eyjunni, þ.e. nálægt Selaklöpp, séu aðstæður með þeim hætti að nefndur atburður hefði getað gerst þar, þótt ekki sé til að dreifa heimildum þar um.

Sá hluti viðanna úr Norden sem Jörundur keypti fór einnig í húsið. Húsviðirnir í Syðstabæjarhús komu því víða að, sem gerir frásögnina ekki bara að sögu íbúanna sem áttu þar skjól og nutu viðurværis í gegnum árin, heldur einnig að heimild um örlög skipaviða frá fjarlægri strönd sem lutu í lægra haldi fyrir óblíðum náttúruöflum hér við land. Á árinu 1884 var lokið við smíði Syðstabæjar sem var á tveimur hæðum, hvor hæð að innanmáli 74m², alls 148m². Um leið og húsið var tilbúið flutti Jörundur með fjölskyldu sína þar inn. Á meðan Jörundur og fjölskylda hans bjuggu í húsinu, bjuggu þar ekki aðrir en nokkrir vermenn sem höfðu þar strjála búsetu. Í framhaldinu þéttist byggðin þar í kring og varð með árunum kjarni byggðarinnar í Hrísey.

Syðstabæjarhúsið fært úr stað

Jörundur naut Syðstabæjarhússins tiltölulega skamma stund en hann andaðist 1888 rétt að verða 62 ára. Árið 1916 fluttust í Syðstabæjarhúsið frá Ólafsfirði hjónin Svanhildur, dóttir Jörundar, og eiginmaður hennar, Svarfdælingurinn Páll Bergsson. Árið eftir var hús Jörundar flutt af Skothól á kviktrjám. Til þess að stjórna verkinu var fenginn Jón Sigurðsson frá Hellu-landi í Hrísey sem þá var nýkominn heim frá verkfræðinámi í Þýskalandi. Ákveðið var að ráðast í verkið árið 1917 og færa húsið niður brekkuna þangað sem það nú stendur.

Húsið var tekið af hlöðnum grunni og flutt niður brekkuna á núverandi stað. Að vonum vakti þessi framkvæmd mikla athygli enda mikið afrek á þeim tíma. Í fyrstu var húsið sett niður á staura en síðar á steyp-
an kjallara og var því verki lokið á árinu 1920. Með flutningi hússins á nýjan stað hófst nýr kafli í sögu þess. Því var breytt nokkuð að innan og skipt í fleiri íbúðir sem leigðar voru út. Á þessum tíma bjuggu oftast þrjár til fjórar fjölskyldur samtímis í húsinu eða yfir tuttugu um nokkurn tíma.

Frá árinu 1919 var þar einnig til húsa verslun. Fyrsti eigandi hennar var áðurnefndur Páll Bergsson, tengdasonur Jörundar. Páll starfrækti verslunina fram til ársins 1930 en þá tók Kaupfélag Eyfirðinga (KEA) við rekstrinum, sem var í leiguhúsnæði og eingöngu starfræktur yfir sumar tímamann. Á árabílinu frá 1934 til 1940 var verslunin rekin undir sömu formerkjum og önnur útibú KEA á svæðinu. Árið 1940 var öllum verslunarrekstri hætt í húsinu og frá sama tíma var verslunarrekstur KEA í eygni fluttur í nýtt húsnæði sem var í eigu kaupfélagsins.

Gamla Syðstabæjarhúsið selt

Árið 1951 urðu nokkur tímamót í sögu hússins þegar KEA keypti það og nýtti sem vörugeymslu fyrir áðurnefnt útibú í eyjunni. Nokkru síðar var húsið múrhúðað utan enda þá nokkuð farið að sjá á því. Þetta elsta hús í Hrísey á sér eðlilega bæði langa og merka sögu þar sem húsið hefur hýst margháttaða starfsemi auk þess að hafa verið skjól margra fjölskyldna um árabíl. Var þar rekin verslun, vélaverkstæði, bakarí, skósmíðastofa og bóka-safn.

Með áætlun Hjörleifs Stefánssonar arkitekts um endurbætur á húsinu árið 1995 hófst enn einn kaflinn í sögu þess. Húsið hafði nokkur undan-gengin ár verið í lítilli notkun og drabbast niður. Eins og áður kom fram, hafði húsið verið múrhúðað utan og sett á það bárujárnsþak og gluggunum breytt frá því sem var í upphafi. Engu að síður var það mat hæfustu manna að húsið hefði mikið sögulegt gildi bæði á sviði byggingarlistar og einnig sem hluti af sögu byggðar í Hrísey.

Í framhaldinu ákvað stjórn Kaupfélags Eyfirðinga að afhenda húsið félagi eða samtökum til varðveislu og endurbóta og árið 1994 tók hreppsnefnd Hríseyjar við því með áðurnefndum skilmálum. Nokkru síðar stofnuðu heimamenn áhugamannafélagið „Hákarla Jörundur“ sem staðið hefur fyrir gagngerum viðgerðum á húsinu ásamt því að færa það í upprunalegt horf. Fyrst var húsið opnað gestum sumarið 2002. Sumarið eftir var þakið endurnýjað og var húsið af þeim sökum ekki opið almenningi það sumar. Síðan hefur það verið opið gestum yfir sumartímamann og á liðnu sumri þ.e. 2009 var það opið frá júní og fram í október, 6 tíma á dag. Yfir þetta tímabil segir gestabókin að um 800 manns hafi komið í heimsókn.

Þegar húsið var endurbyggt var bætt við kjallara og um 20 m² viðbyggingu við aðalinnganginn. Þar eru tvær snyrtingar, báðar með gott aðgengi fyrir fatlaða. Nú er húsið $(3 \cdot 74 \text{ m}^2) + 20 \text{ m}^2 = 242 \text{ m}^2$ að flatarmáli. Húsið



Syðstabæjarhúsið í Hrísey.

var sameinað Fasteignum Akureyrar 1. des. 2009 en til þess tíma átti Hríseyjarhreppur það.

Saga úr Syðstabæ

Eins og gefur að skilja eru margar sögur og sagnir tengdar Syðstabæjarhúsinu, enda bjuggu þar margar fjölskyldur í gegnum árin og áttu þær það helst sameiginlegt að vera efnalitlar. Talið er að þegar flestir voru í einu í húsinu hafi verið þar um 30 manns.

Í húsið kom aldrei vatnssalerni, en þess í stað notuðust íbúarnir við sameiginlegan kamar sem var í kjallaranum. Sagan segir að einhverju sinni um 1930 hafi karlkyns íbúi í húsinu gengið örna sinna á kamarinn. Þegar hann er í þann mund að ljúka sér af finnur hann stingandi sársauka í þeim líkamshluta sem er einna næmastur fyrir þeirri flóru tilfinninga sem er forsenda lífs á þessari jörð. Nema hvað hann sprettur upp af kamrinum og sér þá að heljarinnar rotta hafði læst tönnunum í þennan vandmeðfarna hluta líkamans. Sárt hefur það verið fyrir þolandann að hrista þennan varg að sér og líklegt að frúin hafi sagt við hann stundarhátt að lokinni frásögn, með blöndu af von og vonleysi í röddinni: „Slapp’ann?“

„Já hann slapp,“ segir sagan.

Þar sem rottur flokkast nú ekki undir neinar hreinlætis- eða stásværun, var kvödd til kona úr þorpinu sem þekkt var fyrir að kunna til verka í málum af þessu tagi. Hún bjó sig út með öll þau sótthreinsandi efni sem nöfn-

um tjáir að nefna, svo sem spritt og jod, að ógleymdum hreinum spíritus sem að vísu var ætlað annað hlutverk, en þegar kemur að því að tryggja viðgang lífsins er ekkert til sparað. Konan gerði að sárum mannsins af mikilli kostgæfni og alúð enda reyndist limurinn á eftir fullfær um að sinna skyldum sínum af engu minni natni en áður var.

Skip Jörundar

Eins og áður hefur komið fram fluttist Jörundur til Hríseyjar árið 1862 og bjó þar til æviloka. Hann var stórtækur í útgerðarrekkstri. Þegar best lét gerði hann út eftirfarandi fimm skip til hákarlaveiða:

Hermóður

Smíðaður í Skipalóni af Þorsteini Daníelssyni árið 1856 fyrir Odd Jónasson frá Hvammi í Höfðahverfi og Jörund Jónsson, sem þá var búsettur í Hringisdal. Upp úr 1870 lét Jörundur stækka Hermód verulega og breytti honum jafnframt í þilskip. Í apríl 1883 fórst Hermóður og með honum 11 manns.

Samkvæmt frásögn í Norðanfara 27.01.1874 mældist skipið 16,99 brl. og var metið á 2.393 ríkisdali.

Hríseyingur

Smíðaður á Syðstabæ árið 1866 af Jóni Kr. Stefánssyni, og talinn 16 og ½ úr smálest að stærð. Jörundur lét smíða bátinn í félagi við þá Friðrik Pétursson á Hálsi í Svarfaðardal, sem var faðir séra Friðriks Friðrikssonar, og Tryggva Gunnarsson kaupfélagsstjóra Gránufélagsins, en hann varð síðar bankastjóri Landsbankans. Hríseyingur fórst með allri áhöfn. Samkvæmt frásögn í Norðanfara 27.01.1874 mældist skipið 16,45 brl. og var metið á 2.042 ríkisdali.

Sjófuglinn

Smíðaður í Kristjansstad í Noregi árið 1858 og keyptur notaður frá Noregi eftir 1860. Aðalsteinn frá Vík í Hédinsfirði átti bátinn með Jörundi. Til margra ára var Sjófuglinn aflahæsta hákarlaskipið hérlendis enda að sögn stórt og vel búíð. Á árinu 1864 aflaði skipið um 280 tonnum lifrar, sem skilaði um 187 tunnum af lýsi. Sjófuglinn reyndist hið besta skip og var að lokum rifinn. Samkvæmt frásögn í Norðanfara 27.01.1874 mældist skipið 19,19 brl. og var metið á 2.630 ríkisdali.

Margrét

Héc í höfuðið á seinni konu Jörundar, Margréti Guðmundsdóttur. Skipið eignaðist síðar Jóhannes Davíðsson á Syðstabæ, sem var seinni maður Margrétar. Það lenti á ísjaka og sökk seint í apríl 1892. Skipverjum var bjargað um borð í hákarlaskipið Skjöld, sem var undir stjórn Sæmundar Sæmundssonar. Sagt er frá björguninni í ævisögu Sæmundar Sæmundssonar, Virkum dögum, sem skráð var af Guðmundi Hagalín rithöfundum.

Jörundur

Mikið aflskip sem Jörundur stýrði sjálfur lengst af. Seldi að lokum Júlíusi Havstein kaupmanni á Akureyri skipið sem skírði það Henning. Síðustu árin var skipið ekki notað til veiða heldur sem fljótandi sölubúð.

Hákarlaveiðarnar, aðbúnaðurinn um borð

Í bók Theodórs Friðrikssonar (f. 1876), Hákarlalegur og hákarlamenn, lýsir hann hákarlaveiðunum nokkuð ýtarlega, enda stundaði hann hákarlalegur um nokkurt skeið. Í bókinni kemur fram að þegar hann var að alast upp voru opnu skipin að víkja fyrir þilskipunum í hákarlalegum. Það hefur greinilega ekki verið neitt sældarbrauð að stunda hákarlalegur á opnum bátum þegar Jörundur hóf sinn útgerðarrekstur. Opnu bátarnir voru eins og nafnið bendir til án yfirbyggingar en með tímanum var farið að koma fyrir á þeim skýlum, bæði í stefni og skut, sem kölluð voru „rúff“. Þangað inn gátu sjómennirnir leitað ef stund gafst frá streðinu og hallað sér í öllum skinnklæðunum.

Til marks um búnað skipa á þessum árum þóttu þau skip vel útbúin sem höfðu þessi skýli. Engu að síður gefur nafnið tilefni til þeirrar ályktunar að ekki hafi þau nú verið merkileg því að léleg skip sem voru bæði lek og illa búin hafa gjarnan verið kölluð „meiri rúffin“ í gegnum tíðina. Um borð í þessum skipum var engin eldunaraðstaða og því engin eldunartæki eins og gefur auga leið og því urðu menn að gera sig sjálfir út með kaldan mat, brauð, smjör, kjöt og harðfisk eftir efnum og ástæðum. Í frostum kom fyrir að maturinn var freðinn og því erfiðleikum bundið að neyta hans nema að stinga honum fyrst undir klæðin. Við þessar aðstæður höfðu sjómenn búíð og þekktu ekkert annað á hákarlaskipunum, þar til þilskipin komu til sögunnar og leystu opnu dallana af hólmi við Eyjafjörð.

Flest voru gömlu skipin tvímastra súðbyrðingar með gaffli, 15–20 smálestir að stærð. Í Eyjafjarðarflotanum voru einnig nokkur skip sem keypt

höfðu verið frá Noregi og voru nokkru stærri, skonnortur frá 20 upp í 30 smálestir að stærð.

Útsiglingardagur ákveðinn

Framan af voru engar reglur um hvenær vetrarhákarlavertiðin hófst og fór það nokkuð eftir tíðarfari og öðrum aðstæðum. Nokkur dæmi eru um að vertiðin hæfist snemma á þorra, en engin dæmi er um að fyrr hafi verið lagt út. Eftir að farið var að váttryggja skipin varð um það samkomulag að leggja ekki út fyrr en 14. apríl ár hvert; enda fengust skipin ekki tryggð að öðrum kosti.

Við Eyjafjörð var 14. apríl upp frá því kallaður „útsiglingardagur“. Hákarlamiðin voru dreifð um svæðið frá Barðagrundi að vestan og austur fyrir Langanes. Með bættem skipum og búnaði var farið dýpra til hafs en áður. Það gerðist því við og við að hákarlaskip frá Eyjafirði lægju við hákarl norður á Halamiðum sem nú eru kölluð. Af þessu má sjá að hákarlamenn voru engir aukvisar því bæði þurfti kjark og áræði til að sigla litlum og vanbúnum skipum þess tíma norður á Hala og liggja þar við sem allra veðra var von.

Veidarfæri, beita og verkun aflans

Veidarfæri þessa tíma var hákarlalóðin sem talið er að Jón Skúlason bóndi við Dýrafjörð hafi fyrstur notað um 1770. Mörg fleiri tæki og tól voru notuð við veiðarnar. Hnallurinn var kylfa sem notuð var til þess að rota hákarlinn en ífæran var, eins og nafnið bendir til, notuð til þess að draga dýrið að bátnum. Hákarladrepur eða stinglensa var lagvopn og notað til þess að drepa hákarlinn. Á hákarlaskipunum var einnig svokölluð hákarlaskálm, sem notuð var til þess að skera kviðinn frá dýrinu svo hægt væri að ná lifrinni sem best úr kviðarholinu. Það var kallað „að biskupa hákarlinn“. Búkurinn var einnig hlutaður niður með skálminni.

Segja má að verkun hákarlsins hafi í meginatriðum verið tvíþætt. Lifrin var brædd en úr henni fékkst lýsi, sem á 19. öld var helsta útflutningsvara þjóðarinnar. Lýsið var gott ljósmeti og fyrst og fremst nýtt til að lýsa upp götur og híbýli manna víða um Evrópu, áður en olía og rafmagn tóku við því hlutverki. Búknur var kastað í hákarlagryfjuna þar sem hann var kæstur, en að kæsingu lokinni var hann hengdur upp í stykkjum, sem nefndust beitur, og látinn þorna þar til hann var talinn neysluhæfur að mati sérfróðra á þeim tíma.

Á þessum árum var hákarl verulegur hluti af fæðu Íslendinga og oft borðaður einn og sér, en oftar þó með öðrum mat, svo sem brauði, harðfiski og rúgkökum. Þeir sem sinntu erfiðisvinnu utandyra að vetrarlagi borðuðu vel af hákarli þar sem hann var saðsamur og góður hitagjafi. Talið var að þungaðar konur hefðu gott af verulegu hákarlsáti, svo og þeir sem haldnir voru meinum af einhverju tagi, svo sem sárasótt eða holdsveiki.

Hákarlabeita var af ýmsu tagi. Hrossakjöt þótti góð beita og var það ýmist þurrkað eða saltað og þá sett í tunnu með blóðþækli, þar sem það var látið úldna og nefndist í framhaldinu blóðýlda. Einnig var selur notaður í beitu. Algengastur var svokallaður rommselur, sem þannig var hanteraður að inn í hann var hellt þremur pelum af rommi, þá var öllum götum á honum lokað og þannig geymdur um nokkurn tíma á heitum stað þar til honum var beitt á krókana. Margt fleira var notað í beitu fyrir hákarlinn, svo sem úldið kálfakjöt og reykt hundakjöt.

Upphaf útgerðar Jörundar

Talið er Jörundur hafi hafið eigin útgerð upp úr 1850 með kaupum á opnu hákarlaskipi frá Höfðaströnd. Þú mun hann hafa búið að Grýtu í Grýtu-bakkahreppi eða á Grenivík. Þrátt fyrir nokkra leit hefur ekki tekist að afla upplýsinga um þetta skip hvorki stærð þess né nafn. Eitt er víst að skipið reyndist mikil happafleyta og á það veiddist vel undir stjórn Jörundar. Þá stóð vertíðin yfirleitt frá sumarmálum og fram að slætti. Framan af vori var allra veðra von og því alls ekki á allra færi að sækja á djúpmið á opnum báti. Auk þess var vistin eins og áður hefur komið fram, ill og hörð, vosbúð og þrældómur í návígi við stórsjó, sortabyll og oft á tíðum hafis og/eða hafis-hröngl. Við þessar frumstæðu aðstæður reyndi svo sannarlega á kjark og þor þeirra sem veiðarnar stunduðu. Ef vel veiddist voru laun hákarlamanna mjög góð og mun betri en við önnur störf. Oft var sagt að eftirtekjan væri síst minni en hjá heppnum gullgröfurum þegar best lét.

Aflamet Jörundar

Í Norðra frá árinu 1853 er greint frá því að hákarlsaflinn það ár hafi verið með mesta móti á opna báta við Eyjafjörð. Enn fremur að þeir Jörundur og Sigurður (kann engin deili á Sigurði) hafi aflað á opið skip 112 tonn af lýsi, sem skiptist í 14 hluti eða 8 tonn í hásetahlut, sem blaðið segir að hafi svarað til um 190 ríkisdala. Blaðið segir einnig að á þessum tíma hafi hlutur helstu formanna hákarlaskipa við Eyjafjörð verið 5–6 tonn, sem

svarar til hásetahlutar á bilinu 2,5–3 tunnur, m.v. að hlutur skipstjóra sé tvöfaldur hlutur háseta eins og algengast var á hákarlaskipum við Eyjafjörð. Þessar aflatölur draga upp nokkuð skýra mynd af aflasæld Jörundar, en samkvæmt þeim hefur hluturinn hjá honum verið um 270% hærri en það sem best gerðist við Eyjafjörðinn þá vertíðina. Séu nefndar tölur réttar er hér um hlutfallslegt aflamet að ræða sem tæpast hefur verið jafnað eða mun verða jafnað við fiskveiðar á Íslandsmiðum.

Í blaðinu kemur fram að hluturinn hjá Jörundi hafi nálgast það sem gullgrafarar þess tíma voru að bera úr býtum eða um 190 ríkisdali (rd). Einnig kemur fram í blaðinu að árskaup vinnumanna hafi verið á bilinu 25-30 rd sem svarar til þess að hásetahluturinn hjá Jörundi hafi verið allt að 7,7 sinnum hærri yfir hákarlavertíðina, sem stóð frá sumarmálum sem eru síðustu 5 dagar vetrar eða miðjum apríl og fram að slætti, sem hófst í 12 viku sumars, eða í 2,5-3 mánuði. Mánaðarlaunin hjá Jörundi hafa því verið um 30 sinnum hærri en hjá vinnuönnnum þess tíma. Enda var mikil eftirspurn eftir því að komast í skiprúm hjá Jörundi og jafnvel meiri en hjá klerkunum eftir bestu prestaköllumum.

Í blaðinu kemur hins vegar fram að þessar miklu tekjur hafi haft á sér neikvæðar hliðar og nefnt sem dæmi að aukinn drykkjuskapur og ill meðferð fjármuna hafi gjarnan fylgt miklum uppgripum. Þá er þess sérstaklega getið að hvorki umgengnin um borð né meðferð aflans hafi verið nógu góð og látið að því liggja að hátt verð á afurðum hafi valdið nokkru þar um þar sem ekkert tillit hafi þá verið tekið til gæða. Hér er um þekkt fyrirbæri að ræða, því við þekkjum það öll sem höfum komið nálægt sjó og sjómennsku að meðferð aflans hér við land fór ekki að batna fyrr en búíð var að tengja gæði og verðmæti saman. Þó skal ekki alhæft hér því alltaf voru það einhverjir sem lögðu metnað sinn í að koma með sem besta vöru að landi, óháð verðlagningunni. Þeir voru þó fleiri sem létu hana ráða, og ekkert nema mannlegt.

Frásagnir tengdar Jörundi

Margar sagnir hafa verið festar á blað, annað hvort um Jörund eða honum tengdar sem lýsa honum og þeim tíðaranda sem hann lifði og hrærðist í. Þessar frásagnir koma fram í ýmsum samtímaheimildum þar sem fjallað er um hákarlaveiðarnar hér við land. Oft er um sömu frásögnina að ræða þótt með nokkrum blæbrigðum sé og sennilega eftir því hver segir frá í það og það sinnið.

Vilhjálmur Þ. Gíslason greinir frá því í Sjómannalífi að einhverju sinni hafi hásetar Jörundar verið orðnir svo þreyttir að þeir hafi hngið niður á

þilfarið hver af öðrum. Þá brá Jörundur á það ráð að sjóða handa þeim feitt hangikjöt sem hann bar fyrir þá ásamt ómældu magni af brennivíni. Sagan segir að eftir að þeir höfðu gætt sér á þessum trakteringum hafi þeir risið úr valnum hver af öðrum og tekið sér stöðu við vaðinn, úthvíldir eins og komnir beint af sólarströnd.

Jörundur boðar til helgistundar

Sagt er að einhverju sinni um páska hafi Jörundur sem oftast verið í miklum hákarli. Það var til siðs á mörgum hákarlaskipum að áhöfnin tók með sér á sjóinn guðsorðabækur sem lesið var úr á páskum og öðrum stórhátíðum og ákvað Jörundur að lesið skyldi upphátt guðsorð yfir áhöfninni á páskadag. Veður var ljómandi gott. Skipaði Jörundur svo fyrir að lestrinum skyldi þannig hagað að allir gætu hlýtt á hann. Engu að síður áttu allir að vera áfram við vaðinn, lesturinn tæki ekki svo langan tíma.

Til lestrarins var valinn rómsterkur karl og lesið úr Jónsbók. Hann kom sér fyrir á kátukappanum og kyrjaði upp guðsorðið með mestu andakt á meðan karlarnir krupu berhöfðaðir við vaðinn. Þegar leið á lesturinn gerðust sumir nokkuð óþolinmóðir við að hanga í vaðnum þar sem sá grái var farinn að gera vart við sig.

Jörundur var líka farinn að ókyrrast og skipaði körlum sínum að fara að draga vaðinn inn. Herti þá lesarinn lesturinn eins og hann mögulega gat en þegar hákarlarnir tóku að birtast við borðstokkinn hvarf athygli karlanna eins og dögg fyrir sólu. Í framhaldinu runnu saman í eitt orð guðs mæld fram af lesaranum og þau hróp og köll áhafnarinnar sem fylgja lifrartöku úr hákörtum við skipshlið á rúmsjó.

Lýsa má þessari blöndu af mammonsþjónkun og tilbeiðslu til æðri máttarvalda einhverveginn svona:

„Ó hróið mitt og hróið mitt – það verður að bera í hann, hróið mitt.“ „Því skyldum vér þá ekki alshugar fegnir verða, syndugir ormar, sem vorum dauðans menn, hefði drottinn ekki risið oss upp til réttlætis.“ „Haltu vel við gotið strákur.“

„Vér erum jarðaðir með Kristni fyrir skírnina til dauðans.“ „Vertu fljótur Páll og náðu í drepinn.“ „Vér vitum ekki hve nálægt vor endurlausn er, eður nær höfuðengilsins lúður kveður við í skjýjum himins, og þar vort páska-lamb, Kristur, er fyrir oss fórnfærður, þá höldum hátíðina ekki í hinu gamla súrdegi illskunnar og prettvísinnar, heldur í ósýrðu brauði hreinlyndisins og sannleikans.“ (Kon.5) „Haltu við! Lifrinn er að detta í sjóinn!“ „Tunnu-

hákarl!“ Hróp og köll um allt skipið og busl í hákörlum við síðuna. Þá kyrjaði karlinn og yfirgnæfði öll önnur hljóð: „Amen – lestrinum er lokið.“

Hleypt undan til Ísafjarðar

Einhverju sinni bar svo við, þegar Jörundur gerði út frá Grenivík, á útmánudum að mörg hákarlaskip sigldu út frá Eyjafirði og tóku stefnu vestur og fram á Skagagrunn. Getur nú ekki um ferð þessara skipa að öðru leyti en því að þau lögðust öll við hákarl hingað og þangað á grunninu. Bar nú ekkert til tíðinda fyrr en allt í einu að veður tók að breytast og gengur hann að með öskrandi stórhrið og mikið veður. Sáu þá hákarlamenn sér ekki annað fært en losa um stjóra og leita til lands í hriðinni. Lögðu menn skipin „við í garðinn“, – upp á Siglufjörð og inn á Eyjafjörð – allir nema Jörundur.

„O, jæja, hróin mín og hróin mín,“ sagði hann þegar búíð var að vinda inn stjórafærið og útbúa Hermóð til ferðar í hriðinni. „O, já hróin mín – o – það er best að við snúum rassinum í vèðrið.“ Með þessu átti hann við að hann slægi skipi sínu undan veðrinu, og hélt hann alla leið vestur fyrir Hornstrandir og svo inn á Ísafjörð. Urðu allir hásetar Jörundar forviða yfir þessu uppátæki svo snemma vetrar. Liggur Jörundur nú inni á Ísafirði í marga daga og skipar þar í land þeirri lifur sem hann var búinn að fá. Fréttir hann ekkert til hinna hákarlaskipanna í langan tíma; og rekur nú hafís upp að Horni og fyllir allan Húnaflóa og Skagafjörð. Segir ekkert af hákarlaskipunum annað en það að þau náðu öll landi í garðinum. Urðu þau innilukt af ís og komst ekkert þeirra út af Eyjafirði fyrr en komið var fram á sumar.

Enginn spurði neitt til Jörundar við Eyjafjörð í langan tíma og töldu allir hann af. En það er af Jörundi að segja að hann hélt skipi sínu út í hákarl eftir sem áður en nú frá Ísafirði og sótti langt norður í haf, líklega á Halamíðin. Jörundur hafði þá á skipi sínu marga þrekmikla hákarlamenn og segir sagan að þeim hafi þótt frekar gott í staupinu, enda sparaði Jörundur ekki brennivínið við karla sína.

Er það haft eftir Jörundi að hann hafi tekið út sex tonnur af brennivíni, 120 l í hverri tunnu, þennan tíma sem hann gerði út frá Ísafirði og hafi það allt gengið út þar vestur frá. Giska margir á að gestkvæmt muni hafa verið hjá Jörundi þegar hann var að koma með aflann inn á Ísafjörð. En þetta er líka sú mesta brennivínseyðsla sem sögur fara af í hákarlalegum. Á meðan Jörundur gerði út frá á Ísafirði þá um vorið, aflaði hann 370 tunna af lifur. Lýsið var þá í háu verði, eitthvað nálægt 60 kr. tunnan, og geta menn af því ráðið hversu mikils virði hákarlaaflinn gat verið í þá daga. Og ekki hefur

Jörundi fundist mikið til um þessa brennivínslögg, sem fór ofan í karlana, þar sem hann gekk sjálfur frá með meira en helming af andvirði aflans, og svo var nú brennivínið ódýrt í þá daga.

Tóbak og brennivín, hluti vista hjá Jörundi

Eins og áður hefur komið fram varð Jörundur snemma skipstjóri á hákarla-skipum sínum og var jafnan fengsæll, enda óvæginn við sjálfan sig, sem og skipverja sína. En sagt var að hann hefði gert vel við þá, ef þeir dugðu hon-um, þegar sá grái var fjörugur við vaðinn. Það var mál manna að Jörundur hafi jafnan búið skip sín vel þegar þau héldu til veiða; einnig af þeirri teg-und vista sem flokkast ekki beint undir nauðsynjar svo sem skrotóbaki og brennivíni. Ein tunna af brennivíni, 120 l., var höfð á stokkum og áttu skip-verjar þar allir greiðan aðgang að, þegar kuldi og ofreynsla gerðu vart við sig. (Á vestfirskum hákarlaskipum var skammturinn 20 l.). Fjörutíu pund af skrotóbaki þótti honum hæfilegur skammtur í hverja veiðiferð. Hafði karl þann hátt á að binda tóbakshönk neðan í stórseglsbómuna og lét endann lafa niður. Hlupu menn þá frá vöðunum og bitu sér tóbakstölu af endanum. Sagði Jörundur þetta borga sig, þótt hann yrði að gefa þeim tóbakið, til þess að þeir væru ekki alltaf að rífa af sér sjóvettlingana, til þess að taka upp í sig.

Brennivínið búið

Vetur einn kom það fyrir að brennivínsskammturinn dugði ekki út veiði-ferðina. Hákarlaskipin frá Eyjafirði og Siglufirði voru þá í hákarlalegu frammi á Sporðagrunni og hafsinn kom æðandi upp að landinu. Öll skip-in, nema skip Jörundar, héldu til Norðurlandshafna, en hann sigldi skipi sínu inn á Húnaflóa á meðan hann var að krækja fyrir ísspöngina. Síðan hélt hann út með Ströndum og fyrir Horn, áður en allt lokaðist, og sat þar með einn norðanmanna að veiðinni á skipi sínu. Fiskaði hann mikið og lagði upp á Ísafirði. Síðar var það mál manna þar vestra að þótt þeir hefðu orðið undrandi á því hve margar lifrartunnur Jörundur lagði þar á land þá hefðu þeir þó orðið enn meira hissa á hinu hve margar brennivínstunnur hefðu farið um bord á vertíðinni.

Minnið brást ekki

Ýmsar frásagnir gengu á milli manna um það að Jörundur kynni lítt til skrifta, en legði jafnan allt á minnið, en það var svo vel þjálfað að hann mundi nákvæmlega hvað hvert og eitt hjúa hans hafði tekið út og lagt inn á

árinu. Ábyggilegur þótti hann í viðskiptum og lagði sig mjög fram, til þess að öðlast lánstraust manna. Hann kvaðst hafa náð því á yngri árum, þegar hann var vinnumaður. Þá fékk hann peninga lánaða og geymdi þá síðan í koffortshandradanum, þar til á gjalddaga, að hann skilaði þeim. Naut hann ávaxtanna af þessu tiltæki sínu þegar hann réðst í fyrstu bátakaupin mjög félitill og átti þá auðvelt með að fá lánað það sem til þurfti. Þegar árin færðust yfir Jörund og hákarlaskútum hans fjölgaði hætti hann skipsstjórn og annaðist rekstur þeirra í landi.

Skipstjórnarfræðin og hleðslumörkin

Þrátt fyrir að Jörundur sinni skipstjórn til margra ára og reyndist farsæll í því starfi hafði hann aldrei lokið neinu prófi í skipstjórnarfræðum svo vitað sé. Sagt var að hann hafi aldrei nefnt önnur strík á kompásnum en suðrið og stóruklessuna sem var norðrið. Þrátt fyrir ætlaða fáfræði hvað varðar siglingafræði sigldi Jörundur skipum sínum af miklu öryggi á öll hákarlamíð þess tíma bæði út af Norðurlandi og Vestfjörðum og inná viðkomandi hafnir, þar sem margt vel útbúið nútímaskipið hefur lent í vanda þegar þangað er siglt. Að mati skrásetjara staðfesta þessar sögusagnir mun frekar það hversu mikill snillingur Jörundur var bæði á sviði siglinga og hákarlaveiða. Sem dæmi um harðfylgi Jörundar má nefna eftirfarandi:

Ein af hákarlaskútum hans, sem Margrét hét, hafði komið inn á skipa-lagið við Hrísey þá um morguninn fullfermd. Síðar um daginn stóð Jörundur á malarkambinum á karlaspjalli eins og gengur. Snýr þá einn þeirra sér að honum og segir: „Fallega var hún full í morgun hún Margrét þín.“

Þá svarar Jörundur: „Ó, ekki var hún nú full, hróíð mitt, því það vantaði í báðar pumpurnar.“

Það sem gamli maðurinn átti við var að stundum hafði það komið fyrir að hinir djörfustu og glannafengnustu af hákarlaskipstjórunum létu setja lifur í stokkana frá austursdælunum eftir að búið var að fylla alla lifrarkassa á skútunum.

Minnisvarði afhjúpaður

Sunnudaginn 18. ágúst 1957 var afhjúpaður í Hrísey minnisvarði um Jörund Jónsson. Af því tilefni átti tíðindamaður Morgunblaðsins viðtal við Þorstein Valdimarsson, þáverandi hreppstjóra í Hrísey, sem birtist í blaðinu 20. ágúst s.á. Þar kemur m.a. fram að það hafi verið Svanhildur, dóttir Jörundar og ekkja Páls Bergssonar, sem átti frumkvæðið að því, ásamt börnunum sínum, að Jörundi var reistur myndarlegur minnisvarði í Hrísey. Mynd-



Brjóstmyndin af Jörundi – er hún ef til vill gerð eftir ljósmynd af tómbúsmanninum Sigurðssyni á Húsavík sem lést 1872?

ina gerði Ríkarður Jónsson myndhöggvari og var henni komið fyrir á stelli úr sæbörðu grjóti. Minnisvarðinn er góðir tveir metrar á hæð, komið fyrir á háhólnum fyrir framan Syðstabæjarhúsið. Lítur Jörundur þar yfir kaupúnið og til vesturfjalla Eyjafjarðar. Í ræðu sem Þorsteinn Valdimars-son hreppstjóri hélt af þessu tilefni, sagði hann meðal annars:

„Þegar sjómennirnir okkar fara til fanga við Ægi blasir mynd Jörundar við þeim sem leiðir huga þeirra að því hverju þessi maður fékk áorkað við þær aðstæður sem hann bjó við. Það er ekki ástæða til þess að beina þessu eingöngu til sjómannanna því minnismerkið er hvatning til allra, bæði kvenna og karla um að hægt sé að vinna sig upp til velmegunar og sjálfstæðis með dugnaði og framsýni. Jörundi var ljóst að í hafinu lægi falinn fjársjóður, sem falur væri hverjum þeim, sem fast á sækti. Í dag skulum við vera þess minnug að þar liggur hann enn og er falur hverjum þeim sem hefur dugnað og djörfung til þess að vitja hans.“ Það var Eva Hreinsdóttir, dóttir Hreins Pálssonar sem var sonur Svanhildar og Páls Bergssonar sem afhjúpaði styttna þá 11 ára gömul.

Hin hliðin á Jörundi

Frá því er greint að þegar Jörundur var kominn á efri ár og dvaldi að mestu heima við í Syðstabæ í Hrísey hafi Ólafsfirðingar stundað veiðar inni í firðinum, en þeir lögðu skipum sínum í varir syðst á eyinni og lágu þar við í brælum og á milli þess sem þeir vitjuðu veiðarfæranna. Frekar mun hafa verið þröngt í búi um borð hjá sjómönnunum og lítið annað að hafa en soðningu til matar. Þegar Jörundur hafði spurnir af því hve hart var í ári hjá sjómönnunum það hann konu sína að baka brauð handa þeim og láta færa þeim niður í varir um borð í bátana. Bakað var daglega og sjómönnunum fært nýbakað brauð um borð.

Að því kom að Margrét, kona Jörundar, varð að segja bónda sínum að nú væri því miður allt mjöl heimilisins á þrotum og því yrði að hætta að baka brauð og færa sjómönnunum. Ekki hafði Jörundur mörg orð uppi þegar honum bárust fréttirnar heldur kallaði til börn sín, Svanhildi og Guðmund og það þau að hlaupa austur á eyna og huga að því hvort ekki væri kaupskip á leið inn fjörðinn en sá tími væri kominn að þeirra væri að vænta hvenær sem væri. Börnin fóru ekki erindisleysu; þau sáu til skipaferða og flýttu sér sem mest þau máttu til þess að segja föður sínum tíðindin. Lét þá Jörundur manna bát í snatri og sendi til Akureyrar eftir mjöli svo hægt væri að baka sjómönnunum meira brauð.

Þannig var þessi aldni sjósóknari mildur og gjöfull þegar kom að því að liðsinna þeim sem hjálpar voru þurfi að hans mati. Hann gat líka verið harður í horn að taka þegar sjórinn var sóttur, en engu að síður ávallt sanngjarn við sína sjómenn. Krafðist aldrei meira af þeim en af sjálfum sér.

ARNÓR BLIKI HALLMUNDSSON
Netfang: hallmundsson@gmail.com

Stórvirki Magnúsar á Grund: Kirkjan og húsin

Sögustiklur af Grundarkirkju og íbúðarhúsunum á Grund í Eyjafirði

Arnór Bliki Hallmundsson er fæddur á Akureyri

17. júní 1985, uppallinn í Eyjafjarðarsveit (Hrafnagilshreppi) og á Akureyri. Stúdent frá MA 2005, lauk B.Sc. í umhverfisfræðum frá Háskólanum á Akureyri 2008 og kennslufræði til kennsluréttinda frá sama skóla 2010. Starfaði við Oddeyrarskóla frá 2011-19. Starfar sem kennari á Starfsbraut VMA, hóf þar störf 2019.

Arnór hefur alla tíð haft mikla ástríðu fyrir alls kyns fræðagrúski og upplýsingaöflun um hina ýmsa þætti umhverfisins, náttúrunnar og mannlífsins.

Sérstakt hugðarefni Arnórs er, að við að sér og skrá ýmsar upplýsingar um sögu Akureyrar og nærsveita, og leggur þar sérstaka áherslu á húsin. Frá 2009 hefur Arnór haldið úti eigin vefsíðu um upprunasögu eldri húsa Akureyrar og í upphafi árs 2022 telur sá vefur um 800 söguágrípsgreinar og myndir. Arnór Bliki er ritari Sögufélags Eyfirðinga. Eftir Arnór liggja ritin Oddeyri Saga Hús og fólk – ásamt Kristínu Aðalsteinsdóttur og Brýrnnar yfir Eyjafjarðará.



Nokkurn veginn í miðjum Eyjafirði, liðlega 20 km framan Akureyrar, stendur hið valinkunna höfuðból Grund. Bæjarstaðið er á flata sunnan undir hólabyrpingu, við rætur Kerlingar, hæsta fjalls Norðurlands. Einn af mörgum stórbændum og höfðingjum, sem búið hafa á Grund gegnum aldirnar er Magnús Sigurðsson, sem löngum var kenndur við staðinn. Á Grund standa byggingar frá áratugunum beggja vegna aldamótanna 1900 sem jafnvel enn þann dag þykja veglegar og bera þær vitni um stórhuga og elju hins merka athafnamanns. Höfuðþrýði staðarins hlýtur að vera Grundarkirkja, ein stærsta timburkirkja landsins og vafalítið með þeim glæstari. Hana reisti Magnús í upphafi 20. aldar á eigin kostnað og frumkvæði og

sótti hann fyrirmyndir í kirkjur erlendra stórborga m.a. Kaupmannahafnar. Í þessari grein er ætlunin að tæpa á byggingarsögu þessara mannvirkja, með áherslu á upphafið og hraðar farið yfir sögu síðari ára- og áratuga. Við byrjum á að skoða „krúnudjásnið“, Grundarkirkju, sem átti 120 ára vígsluafmæli í haust sem leið (textinn um hana er að miklu leyti byggður á erindi, sem undirritaður flutti í Laugarborg við Hrafnagil á afmælishófi kirkjunnar, 4. okt. 2025) og í kjölfarið stiklum við á stóru um sögu íbúðarhúsanna tveggja frá lokum 19. aldar og upphafi þeirrar 20.

Grundarkirkja

Það er í raun ekki vitað hvenær kirkja reis fyrst á Grund en það mun ekki hafa verið löngu eftir kristnitöku. Þegar Magnús Sigurðsson flytur á Grund árið 1874, stóð þar timburkirkja, sem Ólafur Briem timburmeistari hafði reist árið 1842. Á þeim árum, þ.e. þegar Magnús kom að Grund, mun hin forna stórvörð hafa verið í nokkuð bágu ástandi en hann hugði á mikla uppbyggingu. Hann stundaði ekki einungis búskap heldur hóf hann verslunarstarfsemi á Grund árið 1885. Átta árum síðar reisti hann timburhús, íbúðar- og verslunarhús, sem var eitt það stærsta í Hrafnagilshreppi og raunar á pari við stærstu hús á Akureyri og kaupstöðum landsins. Verslunina rak hann í um fjóra áratugi, eða eins og honum entist aldur og heilsa til. En Magnús var einnig mjög ötull þegar kom að hvers konar framfaramálum og uppbyggingu og meðal þess sem hann hafði í hyggju, var bygging nýrrar kirkju. Kirkjan frá 1842 þótti honum vera orðin hrörleg og smá, hann vildi reisa guðshús, [...]stærri í sniðum enn aðrar kirkjur, veglegasta kirkja, sem risið hefði á höfuðbólínu og þótt víðar væri skyggnt um¹. Hugmyndir hans voru að byggja eina kirkju fyrir allan Eyjafjörð, framan Akureyrar.

Hvenær nákvæmlega Magnúsi hugkvæmdist, að endurnýjunar kirkjunnar væri þörf, er ekki ljóst en árið 1902 lét hann til skarar skrifa og pantaði trjávið til kirkjubyggingar. Veturinn á eftir flutti hann timbrið, sem skipað var upp á Akureyri „fram eftir“ með aðstoð bænda úr sveitinni. Þá voru aldeilis ekki flutningabílarinnir (Magnús flutti reyndar nokkrum árum síðar inn bíl, fyrstur manna á Norðurlandi, en það er önnur saga) heldur fluttu bændur efnið á hestakerrum og sleðum. Samdi hann við þá, að flutningurinn væri þeirra framlag til kirkjubyggingarinnar og miðaðist við efni og aðstæður hvers og eins. Það sem útaf stæði, félli á Magnús sjálfan. Mánudum saman voru farnar 2-3 sleðaferðir fram og til baka milli Grundar og

¹ Gunnar M. Magnús 1972:183.



Grund, horft bandan ár.

Mynd: Arnór Bliki Hallmundsson

Akureyrar með trjávið og vörur til verslunar Magnúsar. Þennan vetur munu geysilegir timburkestir hafa verið líkt og kennileiti á Grundarhlaði.

Byggingameistari kirkjunnar var Ásmundur Bjarnason. Honum hafði Magnús kynnst rúmum áratug fyrr, er hann dvaldi í Danmörku, þar sem hann m.a. kynnti sér húsagerð þar ytra, og Ásmundur var við nám í trésmíði. Ásmundur mun einnig hafa gert lokateikningu kirkjunnar en Sigtryggur Jónsson byggingameistari kom einnig að frumhönnun kirkjunnar. Að sjálf-sögðu hafði Magnús sjálfur einnig hönd í bagga við hönnunarvinnuna. Aðrir smíðir sem komu að byggingunni, auk téðs Ásmundar, voru þeir Jónas Stefánsson, Pálmi Jósefsson, Þorsteinn Ágústsson og Maron Sölva-son. Málun kirkjunnar, sem þótti gerð af miklu listfengi og natni, annaðist norskur málari, Fredrik M. Möller, en hann var sérmenntaður í skraut-málun og skreytingum húsa. Mögulega mun kirkjan að hluta eða í heild hafa komið tilniðin til landsins, margir hlutar timburverks nokkuð greini-lega unnir í smíðavélum erlendis en langur byggingartími, 17 mánuðir, þyk-ir benda til þess, að mestöll smíðin hafi farið fram á staðnum. Til saman-burðar tók bygging stærstu timburhúsa Akureyrar, Menntaskólans (1904) og Samkomuhússins (1906) aðeins sex mánuði. Þá munu engin skjöl liggja fyrir, sem staðfesta með óbyggjandi hætti innflutning á sérstaklega tilniðnu efni.² Kostnaður við byggingu Grundarkirkju nam 21.907 krónum. Það hefur líklega litla þýðingu að reyna að snara þessari upphæð á núvirði en til

² Sbr. Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson og Þóra Kristjánsdóttir 2007: 78-79.

samanburðar má nefna, að sumarið 1905, á byggingartíma Grundarkirkju auglýsir kaupmaður á Akureyri kaffi á 55 aura kílóíð og púðursykur á 24 aura.

Grundarkirkja var vígð við hátíðlega athöfn þann 12. nóvember 1905, með tilheyrandi ræðuhöldum sálmasöng og veisluhöldum í boði staðarhaldara. Alls munu um 800 manns hafa sótt vígsluathöfnina, en þar þjónuðu fjórir prestar, sr. Geir Sæmundsson á Akureyri, sr. Jónas á Hrafnagili, sr. Jakob í Saurbæ auk séra Matthíasar Jochumssonar. Guðlaugur Ásmundsson, lengst af búsettur á Fremsta-Felli í Köldukinn, sótti hátíðina og sagði frá henni í Snarfara, handskrifuðu málgagni Lestrarfélags Kinnunga þ. 27. nóv. 1905, en frásögn hans birtist í *Súlum* tímariti árið 1981. Guðlaugur segir svo frá: *Klukkan tólf var saman safnað á rennisléttum fleti suður undan kirkjudyrunum, því hún snýr út og suður; kváðu þá við hvell og há klukknaðljóð, var þar sambringing og ekki hringt annað fyrir messu. Að hringingunni lokinni voru opnaðar afarstórar bogadyr á suðurgafli kirkjunnar og tók mannfjöldinn að streyma inn í forkirkjuna, sem mun rúma á að giska tvö hundruð manns.*³

Í frásögn sinni lýsir Guðlaugur turninum á einkar skemmtilegan hátt: *Upp í hann [turninn] er gengið af lofti kirkjunnar eftir undnum stiga all-löngum, þegar hann þrýtur kemur maður á loft, og þar eru klukkurnar [...]. Þá gengur maður upp annan vindings-stiga, álíka langan og hinn og kemur þá á annað loft, síðan hið þriðja og þegar hann þrýtur getur maður gengið út úr turninum á fjóra vegu. Eru þar svalir umhverfis turninn sem rúma marga menn og er þar fagurt um að litast. Efri turninn: Þá er gengið upp beint rið upp að efri brún neðri turnsins; þá tekur við skrúfustigi [...] Getur maður séð sig um út úr honum en hvergi eru á honum svalir. Turninn er þá orðinn þröngur og erfiður uppgöngu. Enda reyndist mörgum það torsótt 12. nóvember [1905], þar sem annar eins manngrúi var saman kominn og allir eða flestir vildu skoða bygginguna. Dagaði víst marga uppi á svölum turnsins, því ekki var það heiglum hent að fara í mannþröng upp efri turnbygginguna.*⁴

Er rétt hægt að ímynda sér, að þarna hefur skapast hálfgerð vandræða-ástand og líklega eins gott, að ekki væru margir lofthræddir í mannþrönginni, sem „dagaði uppi á svölum turnsins.“

Grundarkirkja er timburhús, kirkjuskipið 17,15 x 9m að grunnfleti en forkirkja 5,05 x 5,22m. Séra Geir Sæmundsson, sem vísiteraði kirkjuna

³ Guðlaugur Ásmundsson 1981: 7.

⁴ Guðlaugur Ásmundsson 1981: 11-12.



Grundarkirkja var vígð við hátíðlega athöfn þann 12. nóvember 1905.

Mynd: Arnór Bliki Hallmundsson

sumarið 1907 sagði hæð turns frá jörðu 38 álnir⁵ en það mun nærri 24 metrum. Tvær gluggaraðir eru á kirkjuskipinu og undir þeim samfelld vatnsbretti eða bönd. Gluggarnir eru bogadregnir og margskiptir og utan um miklir, skreyttir ramar. Á hvorri langhlið kirkjuskips eru alls 12 gluggar, sex í neðri röð og jafn margir í þeirri efri, en þeir eru smækkuð mynd neðri glugga. Tveir gluggar eru á bakhlið, hvor sínum megin við altaristöflu. Þá er einn gluggi af hvorri gerð á langhlið forkirkju. Á forkirkjunni eru vatnsbrettin miklu á „þremur hæðum“ og á framhlið eru tveir smáir gluggar ofan þriðja vatnsbrettisins. Neðsta vatnsbrettið er þar bogalaga en yfir inngöngudyrum, sem ásamt allri framhliðinni, eru lítið eitt inndregnar, er bogalisti. Beggja vegna hans eru tveir smærri bogar, og standa þeir á sívölum súlum, sem væntanlega eru burðarsúlur fyrir forkirkjuna. Ofan á forkirkjunni er turnbyggingin sjálf, áttstrendur turn með lauklaga þaki á „tveimur hæðum“ og stendur efsti hluti turnspíru á átta súlum með bogadregnum skeggjum á milli. Svalir eru ofan á þaki forkirkju allt í kringum turninn og eru á hornum þeirra fjórir smáturnar, með oddmjóum, sívölum spírum. Öll er forkirkjan prýdd hinu ýmsa skrauti og munstri sem greinarhöfundur kann ekki einu sinni að nefna. Á það einnig við um kirkjuna í heild, hver einasti kantur, listi, vatnsskegg, þakskegg og vindskeið prýða munstur, kögur og útskurður svo kirkjan er í heild eitt stórt listaverk, samsett úr mörgum smærri listaverkum. Hvort heldur er að utan sem innan. Að innan er kirkjan nokkuð hefðbundin að gerð, bekkjaraðir beggja

⁵ Sbr. Gunnar, Hjörleifur og Þóra 2007: 66.

vegna miðgangs (13 vestan megin og 14 austan megin) upphækkaður kór og tvö skruðherbergi beggja vegna hans. Altaristöfluna prýðir málverk sem sýnir upprisu Krists, eftir danska málarann Anker Lund, frá 1891. Látum staðar numið af lýsingu kirkjunnar hér, en mjög ítarlega og nákvæma lýsingu á Grundarkirkju er að finna í 10. bindi bókaflokksins Kirkjur Íslands á blaðsíðum 70-76.

Í kaflanum í *Kirkjum Íslands* er viðhaldssaga kirkjunnar einnig rakin. Kirkjan var máluð að utan 1920, þakið málað 1932 og steypdur nýr reykháfur. Kirkjan var framan af hituð með tveimur kolaofnum en árið 1934 var þeim þriðja bætt við. Árið 1947 var sett í kirkjuna olúfyring og um svipað leyti (fyrir 1949) var hún máluð í heild sinni. Rafmagn var leitt í kirkjuna árið 1957. Árið 1967 var nefnt í visitasíu, að fúi væri kominn í undirstöður turnsins, afleiðing leka frá turnopinu. Þótti einsýnt, að þörf væri á umfangsmiklum viðgerðum á næstu árum. Árið 1977 var Grundarkirkja friðlýst og árin 1981-82 fóru fram á henni miklar endurbætur. Um 1985 var farið í endurnýjun á turni.⁶ Það segir sig sjálft, að svo stórt veglegt, og skrauti hlaðið timburhús hlýtur að vera býsna viðhaldsfrekt. En Grundarkirkja hefur væntanlega fengið allt nauðsynlegt viðhald síðustu árin, því hún virðist í afbragðs góðri hirðu.

Það er eflaust hægt að fullyrða, að Grundarkirkja sé með glæstustu og veglegustu kirkjum landsins og ber vitni um einstaka elju, stórhug og metnað byggjanda síns, Magnúsar Sigurðssonar. Er hún einkar mikil prýði á einstaklega fallegum stað, í hjarta Eyjafjarðar. Afstaða hennar til höfuðatta er einnig einstök og kenningar um, að við þá ákvörðum hafi verið tekið mið af landslaginu, dalnum og fjöllum⁷ en Eyjafjörður liggur frá norðri til suðurs. Hefur Grundarkirkja verið einstakt stórvirki eins manns á sínum tíma og líklega verið ein af hæstu byggingum landsins (ef ekki sú hæsta) árið 1905. Turn kirkjunnar mun um 24 metra hár og til samanburðar má nefna, að turnar Akureyrarkirkju, sem reist er 35 árum síðar, eru aðeins um fjórum metrum hærrí. Kannski fer þannig einkar vel á því, að hið hátimbrada guðshús standi við fótskör hæsta fjalls Norðurlands, hinnar 1538 m háu Kerlingar. Grundarkirkja var friðlýst skv. Þjóðminjalögum árið 1978 og skv. aldursákvæði árið 1990.

⁶ Þórður Th. Gunnarsson og Jófríður Traustadóttir, fyrrv. íbúar á Grund. Óformlegt spjall við höfund á 120 ára afmælishófi Grundarkirkju í október 2025.

⁷ Gunnar, Hjörleifur og Þóra 2007: 77.



Grund II. Íbúðar- og verslunarhús byggt 1893. Myndin tekin 20. maí 2022. Mynd: Arnór Bliki Hallmundsson

Grund II (Eldra íbúðarhúsið á Grund)

Elst þeirra bygginga, sem standa á Grund, er eldra íbúðarhúsið, Grund II, en það reisti Magnús Sigurðsson sem íbúðar- og verslunarhús. Stendur það skammt suður og vestur af kirkjunni, um 170 metra austur af Eyjafjarðarbraut vestri. Húsið var fullbyggt árið 1893, stendur skammt sunnan og vestan við kirkjuna. Húsið er tvílyft timburhús á steinhlöðnum kjallara. Sunnarlega á vesturhlið er smár inngönguskúr („bíslag“) og timburverönd meðfram austurhlið. Allt er húsið bárujárnsklætt, veggir jafnt sem þak og þverpóstar í flestum gluggum. Grunnflötur hússins er nærri 10x17m og inngönguskúr um 2x2m (ónákvæm mæling af loftmyndum map.is). Tvær íbúðir eru í húsinu önnur á neðri hæð og hin á efri hæð og risi.

Um miðja 19. öld átti heima á Öxnafellu í Saurbæjarhreppi ungur drengur, hjá afa sínum og ömmu, Magnúsi Árnasyni, þá hreppstjóra og konu hans Hólmfriði Jónsdóttur. Drengurinn var mjög áhugasamur um búskap afa síns, sem er sérlega hagsýnn búmaður, vandvirkur og nákvæmur. Drengurinn horfði oft en ekki hugfanginn yfir Eyjafjarðarána á Kerlingu og hið forna höfuðból, Grund og hinar miklu lendur þess undir hæsta tindu Norðurlands. Hann hreifst af þessari stórjörð og kostum hennar. Það vakti athygli stráks, að á meðan jörð er alhvít á Öxnafellu sér ævinlega í jörð á Grundarlandi. (Gömul saga og ný, um grænna gras hinu megin). Átta ára gamall sagði drengurinn við afa sinn „Ég ætla að kaupa Grund, þegar ég er

orðinn stór.“⁸ Það er skemmst frá því að segja, að drengurinn stóð ekki bara við þessi orð, heldur reisti á Grund einhverjar veglegustu byggingar sveitarinnar á sinni tíð, bjó þar stórbúi, auk umsvifamikils verslunarreksturs. En drengur þessi var auðvitað Magnús Sigurðsson (1847-1925) sem jafnan er kenndur við Grund. Hálfá jörðina eignaðist hann 1873 en mun hafa flust hingað ári síðar.

Frá því að Magnús Sigurðsson kom að Grund árið 1874 vakti alla tíð fyrir honum, að byggja upp en jörðin hafði verið í fremur bágu ástandi. Auk mikilla jarðabóta endurnýjaði hann húsakostinn svo um munaði. Árið 1883 byggði hann við gamla bæinn, sem var hefðbundinn torfbær, reyndar í stærra lagi og hafði þar smíðaverkstæði. En Magnús hafði frá unga aldri stundað ýmis viðskipti m.a. fengist við smíðavinnu fyrir bændur og búalið gegn greiðslum í peningum, búfé eða afurðum. Það var síðan árið 1885 að hann hóf skipulagðan verslunarrekstur í hinum nýju húsakynnum en fljótlega fór að þrengja að. Haustið 1890 hélt Magnús til Danmerkur⁹ og hugðist m.a. kynna sér það nýjasta í búskap, verslunarháttum, húsbyggingum auk þess sem afla sér viðskiptamanna því hann hugði á útflutning og innflutning. (Í þessari dvöl hitti Magnús ungan íslenskan húsasmíðanema, Ásmund Stefánsson, sem síðar stýrði byggingu Grundarkirkju Magnúsar). Magnús var mikill áhugamaður um hvers kyns framfaramál, og bættur húsakostur landsmanna var þar á meðal. Og það var einmitt í þessari Danmerkurdvöl [...] að nokkru fyrir jól [1890] *pantaði Magnús tiltelgða grind í stórhýsi, sem hann ætlaði að reisa á Grund strax á næsta ári. Skyldi grindin og annað timbur í húsið sendast með vorskípum til Íslands.*¹⁰ Af þessu má ráða, að grind hússins hafi komið tilsníðin til landsins frá Danmörku og hún hafi borist til landsins 1891.

Það mun hafa verið vorið og sumarið 1891 að Magnús hóf undirbúning byggingaframkvæmda, uppgröft og niðurrif eldri bygginga. Kjallari hússins var hlaðinn úr steini og nokkuð djúpur, miðað við það sem tíðkæðist almennt. Á kreik komst sú þjóðsaga, að við þessar framkvæmdir hafi Magnús komið niður á kistil, fullan af gulli og gerssemum. Eins og gefur að skilja var ekkert hæft í því, en ekkert útilokað að ýmsar leifar frá fyrri tíð hafi komið upp, þó ekki hafi verið um fjársjóð að ræða. Fullbyggt var húsið

⁸ Sbr. Gunnar M. Magnúss 1972:11.

⁹ Húsið Grund II er sums staðar sagt byggt 1890. Það stenst ekki, þar sem Magnús var, eins og fram kemur þarna, staddur erlendis þá, m.a. til að undirbúa byggingarframkvæmdina. Mögulega hefur þetta miðast við dagsetningu efnispantana og reikninga.

¹⁰ Gunnar M. Magnúss 1972: 154.

árið 1893 og var þá vafalítið stærsta timburhús í hreppunum framan Akureyrar. Það var raunar á pari við stærstu og veglegustu hús á Akureyri enda stóð Magnús á Grund athafnamönnum kaupstaðarins hvergi á sporði. Í ævisögu Magnúsar, eftir Gunnar M. Magnús, er svo sagt frá:

Þetta var stórt og snoturt hús, 24x14 álnir [u.þ.b. 15x9m] að stærð, tvær stofuhæðir og rishæð. Á neðri stofuhæð hafði Magnús verslun sína. Eldhús var í suðvesturhorni á sömu hæð, og gestastofa að suðaustan. Á efri hæð voru svefnherbergi fólksins. Þar var líka skrifstofa verslunarinnar og í suðvesturhorni góð stofa, kölluð Jónínuherbergi. Að vestanverðu á hæðinni var stór stofa, sem notuð var til fundahalda í sveitinni. Þar fóru fram hreppaskil og manntalsþing. Þar kom og heimilisfólkið stundum saman til að skemmta sér. Á þessari hæð var löng stofa að austanverðu, er kölluð var baðstofa. Þar hélt vinnufólkið til á kvöldin og þar sváfu vinnukonurnar. En vestur af uppgöngunni, sunnan við uppgönguna, var lítið herbergi, þar sem vinnumennirnir sváfu. Herbergi þeirra var nefnt Hrutakofinn. Í portbyggðri rishæð bjó venjulega húsfólk.¹¹

Þarna má sjá, að verslunar- og íbúðarhúsið var einnig hálfgerft „ráðhús“ hreppsins og félagsheimili, sbr. vesturstofan á efri hæðinni, sem notuð var til fundahalda í sveitinni, hreppaskila og manntalsþinga. Árið 1899 bauð Magnús hreppsnefnd Hrafnagilshrepps, sem var á hálfgerðum hrakhólum, afnot af húsakosti sínum og það til næstu 50 ára! Um leið komu upp hugmyndir um byggingu sérstaks þinghúss, enda hefur það varla verið stefna hreppsnefndar að vera inni á gasli hjá Magnúsi eða afkomendum hans til eilífðarnóns. Það leið þó á löngu áður en Þinghúsið á Hrafnagili reis af grunni, en það var árið 1925.

Verslun Magnúsar var að miklu leyti sambærileg, hvað varðaði vöruúrval og verð, við helstu verslanir kaupstaða og þótti jafnvel bera af þeim, hvað snyrtimennsku og frágang vara varðaði. Grundarverslun hefur í raun verið einstakt fyrirbæri, það var örugglega ekki algengt að slík verslun væri staðsett í sveit og raunar ekki enn þann dag í dag. Miðað við umsvif og vöruúrval verslunar, var þetta e.t.v. svipað og ef fullburðug Bónus eða Krónuverslun væri staðsett í miðju landbúnaðarhéraði, 20 km frá kaupstað. Magnús lagði einnig áherslu á viðskipti við bændur, sem lögðu inn hjá honum kjöt og afurðir gegn úttektum. Margir bændur í Saurbæjarhreppi skiptu nánast eingöngu við Magnús. Þessum umsvifum fylgdi auðvitað mikill flutningur til og frá kaupstaðnum og þar auðvitað notast við hestakerrur og sleða á vetrum. Vegna þessara flutninga flutti Magnús inn bíl, annar manna

¹¹ Gunnar M. Magnúss 1972: 157.

á Íslandi og fyrstur manna á Norðurlandi, árið 1907. Hann reyndist hins vegar illa, of þungur og kraftlítill, erfitt að útvega varahluti og reyndist raunar verr, ef eitthvað var, heldur en kerrur og sleðar. Þess vegna var Grundarbillinn ekki í þjónustu Magnúsar nema í hálf tveimur árum. Þá munaði í raun ekki miklu, að Grundarhúsin hefðu orðið fyrstu raflýstu húsin á Norðurlandi. Rafljós voru fyrst kveikt á Íslandi árið 1904, í Hafnarfirði, og um svipað leyti hafði Magnús samband við Jakob nokkurn Gunnlaugsson í Kaupmannahöfn. Skyldi hann leita tilboða til vátrygginga fyrir húsakost staðarins og auk þess, í raflýsingu á nýju kirkjunni og íbúðarhúsinu. Einværra hluta varð vegna hvorki af tryggingunni né rafvæðingunni.¹² Hvers vegna fylgir þó ekki sögunni, mögulega hefur Magnúsi ekki þótt tilboðið hagstætt. (Hvort Magnús hefði fjárfest í rafmagnsbíl, skal hins vegar ósagt látið hér). Auk þess að standa fyrir stórbúskap og verslun rak Magnús einnig skóla á Grund, á eigin kostnað, í tæpa tvo áratugi, frá 1889 til 1907 en eftir það tók við farkennsla, skv. Fræðslulögum frá 1907. Lengst af annaðist Árni Hólm Magnússon, frændi Magnúsar, kennsluna en Ingimar Eydal, síðar ritstjóri Dags og skólustjóri kom einnig að Grundarskóla síðar. Skólahald fór fram í hluta hússins, m.a. norðan megin á efri hæð fram yfir miðja 20. öld.

Magnús var kvæntur Guðrínu Þóreyju Sigurðardóttur frá Gilsbakka. Þjuggu þau á Grund frá árinu 1874 til æviloka beggja, hún lést árið 1918 en hann árið 1925. Magnús kvæntist árið 1924 ráðskonu sinni, Margréti Sigurðardóttur, sem var eigandi hússins árið 1933, þegar það var metið til brunabóta. Þar er húsinu lýst svo: Íbúðarhús úr timbri, járnklætt, tvær hæðir á hlöðnum kjallara, 17x8,5m að grunnfleti og 7,5m hátt. Á „stofuhæð voru sex herbergi og geymsla og tvær forstofur. Á efri hæð sjö herbergi, geymsla og gangur og í risi fimm hólf. Kjallari er sagður með steingólfi, með fjórum hólfum. Húsið er kynt með miðstöðvarkatli og steinólfa til ljósa (munum, að ekkert varð af mögulegri raflýsingu Grundar tæpum 30 árum fyrr). Þá eru einnig á staðnum hlóðaeldhús og gömul baðstofa, byggingar úr torfi og grjóti að mestu, árið 1933 (Sbr. Brunabótafélag Íslands 1933:nr.25).

Árið 1910 hafði risið nýtt og veglegt hús á Grund, sem fjallað er um í næsta kafla þessarar greinar, en afkomendur Magnúsar og Guðrúnar þjuggu áfram í þessu húsi. Aðalsteinn, sonur þeirra, og kona hans, Rósa Pálsdóttir voru búsett hér 1916 til 1920, en Aðalsteinn lést árið 1919, aðeins þrítugur að aldri. Þá eru systir hans, Valgerður Magnúsdóttir og

¹² Gunnar M. Magnúss 1972: 228.

hennar maður Hólmgeir Þorsteinsson sögð eigendur og ábúendur hér 1923-1929 samhliða bræðrunum Þórhalli og Valdemar Antonssonum frá Finnastöðum, en þeir eru skráðir hér 1920-35, sá síðarnefndi milli 1920 og 23. Magnús Aðalsteinsson, sonarsonur Magnúsar og Guðrúnar er skráður ábúandi hér til ársins 1948 en þá var jörðinni skipt. Norðurhluti jarðarinnar, að mestu leyti, varð þá Grund II og taldist eldra íbúðarhús tilheyra þeirri jörð. Þá fluttust hingað þau Snæbjörn Sigurðsson frá Garðsá og Pálína Jónsdóttir frá Hrísey.¹³ Þau voru búsett hér þegar byggða- og ábúenda-saga Eyjafjarðar, Byggðir Eyjafjarðar, var tekin saman árið 1970. Þá er íbúðarhúsið sagt 800 rúmmetrar, fjós fyrir 60 kýr, fjárhús fyrir 150 fjár og hlöður fyrir allt að 3000 hesta, auk votheysturns, véla- og áhaldahúss. Túnstærð er sögð 60,41 hektarar og töðufengur 2800 hestar. Af bústofni er daprara að segja, en hann er enginn, vegna niðurskurðar árið 1967.¹⁴ Árið 1990 hefur húsinu formlega verið skipt í tvær íbúðir, Grund II og Grund IIa. Það er fulllangt mál, að telja upp alla ábúendur Grundar í þessari grein, en ábúendatöl liggja fyrir í fyrrgreindum bókum. Þá eru eigendur þau Gunnar Egilson flugumferðarstjóri og Auður Birna Kjartansdóttir. Þá taldi bústofninn 18 hross og geldneytapláss í nýju fjósi (b. 1986) nýtt undir þau. Ræktað land var þá 23,8 hektarar. Land Grundar II var hins vegar að mestu í eigu ábúenda Grundar I.¹⁵ Árið 2010 eru þau búsett hér, og eigandi ásamt þeim, og ábúandi, sonur þeirra Þorsteinn Egilson. Telur þá bústofninn 29 hross og 10 sauðkindur.¹⁶

Gamla íbúðarhúsið á Grund er sérlega reisulegt og glæst hús og í góðri hirðu, á húsinu er m.a. nýlegt þakjárn. Það er til mikillar prýði í fallegu umhverfi í grænu og búszældarlegu héraði og mynda íbúðarhúsin tvö skemmtilega heild ásamt kirkjunni miklu. Húsið er að sjálfsögðu aldursfriðað, eins og allar byggingar byggðar fyrir 1923. Þá hlýtur menningarlegt varðveislugildi hússins að vera verulegt í ljósi sögu staðarins, hvort sem er frá upphafi vega eða umsvifa Magnúsar Sigurðssonar. Húsið hefur í grófum dráttum haldið upprunalegu útliti sínu að ytra byrði. Fyrir fáeinum misserum las greinarhöfundur á Facebook-hópnum *Gömul hús á Íslandi* að nú væri kom-

¹³ Sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon 1993: 768-769.

¹⁴ Sbr. Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson 1973: 285.

¹⁵ Sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon 1993: 768-769.

¹⁶ Sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson 2013: 434.

inn nýr áhugasamur eigandi sem áformaði endurbætur, m.a. að lagfæra glugga og annað slíkt. Verða þær endurbætur eflaust til að auka enn á þrýði og virðuleika stórhýsis Magnúsar Sigurðssonar frá 1893, sem er svo sannarlega ein af perlum Eyjafjarðarsveitar.

Grund I

Árið 1909 hóf Magnús á Grund að byggja hús sunnan við íbúðarhúsið, við vesturjaðar kirkjugarðsins. Snemmsumars 1910 sá fyrir endann á verkinu. En daginn sem síðar varð þjóðhátíðardagur Íslands reið stóráfall yfir.

17. júní, sem löngum hefur verið tengdur miklum hátíðahöldum hjá íslensku þjóðinni, var aldeilis ekki hátíðlegur hjá Magnúsi á Grund og hans fólki árið 1910. Um hádegisbilið var nefnilega stórbruni á Grund: Nýjasta stórvirki Magnúsar, stórhýsi, sem þjóna átti sem sláturhús og samkomuhús brann til ösku á um tveimur klukkustundum. Eldsupptökum er lýst nákvæmlega í ávísögu Magnúsar: *Einn öðlingsmaður sem vann að smíðum við bygginguna, kveikti í pípu sinni og varpaði frá sér eldspýtunni. En neisti frá henni lenti í skraufburri spónabrágu, sem greip logann, þegar smiðurinn sneri baki að, og fyrr en varði á andartaki hafði spónabrágan sogað logann í sig, svo að ekkert varð við ráðið – eldurinn læsti sig í þurrviðinn í þiljunum með heiftaráfergju. Heimilisfólk sótti vatn í lækinn og skvetti á og fólk af nálægum bæjum dreif einnig að og tók til við slökkvistarf. Vatnsföturnar máttu sín hins vegar lítils: En brátt var ljóst að við ofurefli var að etja, þakið féll og síðan útveggir og þar sem fyrir hádegi var glæsileg bygging, var nú rúst með brennandi sprekum sem fallið höfðu á steingólfið. Menn voru hljóðir og ráðvana. Smiðurinn, sem hafði orðið fyrir því að missa neistann lausan, fékk taugaáfall.*¹⁷ (Það fylgir þó ekki sögunni, hvort umræddur smiður hafi hætt pípureykingum).

Ljóst var að tjónið var mikið og það sem verra var, húsið hafði ekki verið vátryggt. Skemmst er frá því að segja, að Magnús hóf endurbyggingu síðar um sumarið upp af steingrunninum. Og haustið 1910 var kjallarinn nýttur sem sláturhús og efri hæðin innréttuð. Nú var mestallt byggt úr steinsteypu, líklega eitt fyrsta stóra steinsteypuhús í hreppunum framan Akureyrar. Og hið endurbyggða hús stendur enn og nefnist Grund I.

Grund I stendur lítið eitt sunnan við Grund II og um 65m sunnan við kirkjuna. Að Grund liggur um 170m löng heimreið frá Eyjafjarðarbraut vestri en frá miðbæ Akureyrar eru um 21 kílómetri að Grund. Grund I er

¹⁷ Gunnar M. Magnúss 1972: 238-239.

einlyft steinhús á háum steinkjallara og með háu valmaþaki. Lítið eitt norðan við miðja vesturhlið er kvistur og undir honum inngöngutröppur. Á austurhlið er einnig kvistur með einhalla, aflíðandi þaki. Veggir virðast klæddir múrplötum, svokölluðum „steníplötum“ en bárujárn er á þaki. Ónákvæm mæling á grunnfleti (map.is) er um 10x24m. Grund I var metið til brunabóta árið 1933 og var þá lýst á þennan hátt: *Íbúðarhús, steinsteyptr. Ein hæð á háum kjallara. Kvistur á þaki. Á aðalhæð 9 herbergi og tvær forstofur. Kjallari í 7 hólfum. Gólf yfir kjallara er steinsteyptr. Einn steinveggur um þvert hús, á aðalhæð og kjallara.*¹⁸ Mál hússins voru sögð 16,6x8,8m og 6,9m hátt en einnig er skúr við húsið 6,6x8,8m og hæð skúrsins sögð 2,7m. Mögulega er hér um að ræða syðsta hluta hússins, sem síðar hefur verið hækkaður en það kemur heim og saman við það, að húsið gæti verið 23,5m á lengd. Húsið var kynt með miðstöð í kjallara og steinólía til ljósa. Öll skilrúm og veggir úr timbri nema steinveggur í miðju. Fram kemur, að loft yfir kjallara sé steinsteyptr. Húsið er þannig með fyrstu húsum á Íslandi með steyptri plötu milli hæða en allt fram undir miðja 20. öld voru steinhús yfirleitt byggð þannig, að aðeins útveggir voru steyptrir en veggir og loft milli hæða úr timbri.

Upprunalega var húsið Grund I byggt sem fundahús eða samkomuhús með sláturhúsi, fjárrétt og vörugeymslu í kjallara. Mögulega var búið í húsinu frá upphafi en það var „tekið að fullu fyrir íbúðarhús 1926“.¹⁹ Tíu árum fyrr hafði Aðalsteinn Magnússon tekið við jörðinni af foreldrum sínum og samkvæmt ábúendatali *Byggða Eyjafjarðar 1990*²⁰ bjuggu Magnús Sigurðsson og Guðrún Þórey Jónsdóttir í þessu húsi síðustu æviár sín. Þau létust 1918 og 1925. (Aðalsteinn og ábúendur eftir hann munu hafa búið í eldra húsinu). Síðari kona Magnúsar var Margrét Sigurðardóttir, en hún hafði komið að Grund sem ráðskona og giftist Magnúsi árið 1924. Magnús Sigurðsson lést á Grund þann 18. júní 1925, tæplega 78 ára að aldri, en hann var fæddur 3. júlí 1847 á Torfufelli í Saurbæjarhreppi. Þá voru liðin 52 ár frá því að hann reið, í kapphlaupi við tímamann, austur á Breiðumýri í S-Þingeyjarsýslu til Jakobs Péturssonar þeirra erinda, að kaupa af honum hálf Grundarland. Það hafðist, en aðeins fáeinum klukkustundum eftir að Jakob og Magnús handsöluðu kaupin reið annar ungur maður í hlað, Eggert Gunnarsson frá Laufási. Hann hugðist einnig kaupa Grund, en var

¹⁸ Brunabótafélag Íslands 1933:nr.24.

¹⁹ Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson 1973:286.

²⁰ Sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon 1993:771þ.

fáeinum klukkustundum of seinn; Magnús hafði verið á undan og æskudraumur hans hafði ræst.

Eftir lát Magnúsar bjó ekkja hans, Margrét hér áfram, ásamt seinni manni sínum, Ragnari Davíðssyni frá Kroppi. Þau bjuggu hér til ársins 1959 en frá 1950 bjuggu þau hér félagsbúi ásamt Aðalsteinu Magnúsdóttur og Gísla Björnssyni, en Aðalsteina var dóttir Margrétar og Magnúsar Sigurðssonar. Bróðir Margrétar, Snæbjörn Sigurðsson flutti á Grund árið 1948 og var jörðinni þá skipt, Grund I og Grund II. Snæbjörn átti Grund II og bjó í eldra íbúðarhúsinu og er þessi skipting enn í gildi. Eigenda- og íbúaskipti á Grundarjörðunum voru ekki tíð á 20. öld; árið 1990 eru téð Aðalsteina og Gíslu eigendur jarðar. Þá (1990) er fóstursonur þeirra, Bjarni Aðalsteinsson og kona hans Hildur Grétarsdóttur einnig ábúendur. Bústofninn árið 1990 telur alls 150 nautgrip, þar af 67 kýr og sex hross. Tuttugu árum fyrr voru kýrnar 46 og geldneyti 14, en allt sauðfé hafði verið skorið 1967. Hvort sauðfé hafi verið á Grund I frá þeim skurði er höfundu ókunnugt um, síðari árin hefur býlið fyrst og fremst verið kúabú. Og þegar Byggðir Eyjafjarðar voru teknar saman þriðja sinnið, árið 2010 voru kýrnar 117 og aðrir nautgripir 102 og ræktað land tæpir 180 hektarar. Árið 2010 var eigandi Grundar I, Holt ehf. en búið var rekið undir nafni Ljósaborgar ehf. undir stjórn þeirra Öddu Báru Hreiðarsdóttur og Víðis Ágústssonar.²¹

Af fleiri byggingum sem tilheyra Grund I má nefna fjós byggð 1947, 1983 og geldneytafjós frá 1972, sem áður var vélageymsla. Þá eru, steinsnar frá íbúðarhúsinu, byggingar frá tíð Magnúsar Sigurðssonar, fjós, fjárhús og hlöður frá árunum 1910-15. Þær byggingar eru nú nýttar sem geymslur en hljóta að hafa umtalsvert varðveislugildi vegna aldurs. Grund I er auðvitað aldursfríðað hús, byggt fyrir 1923. Þá er húsið í hópi elstu steinsteyppuhúsa Eyjafjarðarsvæðisins. Það er hluti skemmtilegrar heildar, sem Grundarhúsin, kirkjan mikla og aðrar byggingar staðarins myndar í grænu og búsældarlegu héraði. Grund blasir einmitt skemmtilega við þegar ekin er Eyjafjarðarbraut vestri niður hjalla mikinn sunnan Hólshúsa. (Kirkjuturninn sést raunar lengra að). Á hjalla þessum, vestan megin vegarins, er enn eitt sköpunarverk Magnúsar Sigurðssonar, Grundarreitur. Var það árið 1900 sem Magnús girti þessa landspildu af og réði danskan skógræktarman, Christian Flensborg að nafni, til að standa fyrir skógrækt. Næstu sumur fór trjáplöntun fram og nú er Grundarreitur, sannkölluð græn perla

²¹ Sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson. 2013: 435.



Grundarreitur haustið 2025.

Mynd: Arnór Bliki Hallmundsson

og paradís, einn af helstu skógarreitum Eyjafjarðarsvæðisins. Skógarreiturinn var stækkaður um 1953 og er nú 3,3 ha.²² Það er svo sannarlega hægt að mæla með göngu um Grundarskóg, sem opnaður var almenningi árið 1994.

Saga Grundar nær auðvitað mun lengra aftur en sem nemur sögu íbúðarhúsa þar og Magnúsar Sigurðssonar, raunar allt til landnámsaldar. Hér bjuggu löngum miklir höfðingjar og merkisfólk, m.a. Sighvatur Sturluson, bróðir Snorra Sturlusonar, árin 1217 til 1238. Á 16. öld bjó hér Þórunni ríka (um 1511-1593), dóttir Jóns biskups Arasonar, sem „ríkti af miklum skörungsskap á Grund í 60 ár“ (Gunnar M. Magnúss 1972:89). Ein sagan segir, að Þórunn hafi beðið af sér Svartadauða uppi í Laugafelli og þar má finna svokallaða Þórunnarlaug. Það setur eilítið strík í þann reikning, að svartadauðaplágan gekk um það bil 100 árum fyrir daga Þórunnar ríku en stundum er sagt, að góð saga megi ekki líða fyrir sannleikann. Á 14. öld bjó hér hin valinkunna Grundar-Helga, og neðarlega í Grundarreit er strýtulaga hóll, sem nefndur er Helguhóll, eftir henni. Helga mun hafa verið helsta driffjöðrin fyrir Grundarbardaga í júlí 1372, þar sem Smíður Andrésón hirðstjóri og fylgdarmenn hans voru ráðnir af dögum.

²² Sbr. Sigurður Blöndal 2000:147.

Ginnti hún þá á Grund með því að bjóða til mikillar veislu. Saga Grundarjarðarinnar, og þeirra höfðingja sem þar hafa setið síðastliðin 1100 ár er efni í aðra grein, eða jafnvel heilt ritverk, en við látum staðar numið hér.

Heimildir

- Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson, Sveinn Jónsson. 1973. *Byggðir Eyjafjarðar II. bindi* Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðarsveit.
- Brunabótafélag Íslands. Hrafnagilshreppsumboð. *Virðingabók 1933-1939*. Varðveitt á Héraðsskjalasafninu á Akureyri. HsksjAk. F-117/H1. Aðgengilegt á vef Héraðsskjalasafnsins: https://issuu.com/heradsskjalasafnakureyri/docs/f_117_h1_hrafnagilshreppur_1933_1939?fr=sNGUzYjQ5OTgzNzk
- Guðlaugur Ásmundsson. 1981. [1905]. Grundarkirkja og vígsluhátíðin þar 12. nóvember 1905. Í *Súlur Norðlenskt tímarit* 21.-22. tbl. bls. 6-15.
- Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson, Þóra Kristjánsdóttir. 2007. Grundarkirkja. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.): *Kirkjur Íslands. 10. bindi. bls. 55-107*. Reykjavík: Þjóðminjasafn í samvinnu við Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd, Biskupsstofa, Minjasafnið á Akureyri og Byggðasafn Dalvíkur.
- Gunnar M. Magnúss. 1972. *Dagar Magnúsar á Grund*. Akureyri: Bókaförlag Odds Björns-sonar.
- Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon. 1993. *Byggðir Eyjafjarðar 1990*. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson. 2013. *Byggðir Eyjafjarðar 2010*. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- Gunnar M. Magnúss. 1972. *Dagar Magnúsar á Grund*. Akureyri: Bókaförlag Odds Björns-sonar.
- Sigurður Blöndal. 2000. Grundarskógur. Í Bjarni Guðleifsson (ritstj.) *Ásýnd Eyjafjarðar Skógar að fornu og nýju*. Akureyri: Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Akureyrarveikin

Á liðnu ári sendi Óskar Þór Halldórsson frá sér bók um Akureyrarveikina, þann dularfulla sjúkdóm sem herjaði á fjölda Akureyringa og fólk víða um land veturinn 1948-1949. Aftur stakk veikin sér niður 1955-1956 á Vestfjörðum og í Þistilfirði.

Í bókinni er fjallað um Akureyrarveikina frá ýmsum hliðum, útbreiðslu hennar og afleiðingar sem oft og tíðum voru alvarlegar. Bókin byggir á rituðum heimildum en ekki síður sögum fólks sem veiktist af Akureyrarveikinni eða afkomenda fólks sem veiktist.

Í síðari hluta bókarinnar fjallar höfundur um tengsl Akureyrarveikinnar og ME-sjúkdómsins enda eru sláandi mikil líkindi með Akureyrarveikinni og alvarlegum eftirköstum COVID-19 og ME-sjúkdómnum.

Óskar Þór hefur veitt góðfúslegt leyfi sitt fyrir birtingu á hluta af einum kafla í bókinni. Hér segir frá því þegar Akureyrarveikin herjaði á hjónin Guðrúnu Kristjánsdóttur og Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli haustið 1948 þegar þau bjuggu í húsvarðaríbúðinni í Barnaskóla Akureyrar.



Óskar Þór Halldórsson er landfræðingur að mennt. Hann starfaði til fjölda ára sem blaða- og fréttamaður í Reykjavík og á Akureyri en hefur hin síðari ár skrifað bækur til blíðar við sín daglegu störf í Verkenntaskólanum á Akureyri og sem leiðsögumaður á sumrin. Bókin um Akureyrarveikina, sem kom út á liðnu ári, er áttunda bók Óskars Þórs.

Þistilfirðingurinn Guðrún Kristjánsdóttir (1917-2017) hafði búið með fjölskyldu sinni í um tvö ár á Akureyri þegar Akureyrarveikin stakk sér niður síðla hausts 1948. Hún var þá 31 árs gömul. Eiginmaður hennar var Einar Kristjánsson (1911-1996) rithöfundur og skáld, jafnan kenndur við Hermundarfell í Þistilfirði. Þau höfðu eignast þrjú börn þegar fjölskyldan flutti frá Hagalandi í Þistilfirði til Akureyrar árið 1946; Angantý (1938-

2019), Óttar (1940-2013) og Bergþóru (f. 1944). Á Akureyri bjó fjölskyldan fyrst í Lækjargötu 18. Guðrún var heimavinnandi húsmóðir en Ein-



ar í verkamannavinnu til að byrja með. Árið 1947 var hann ráðinn í húsvörslu í Barnaskóla Akureyrar og það ár flutti fjölskyldan í húsvarðaríbúð í kjallara skólahússins. Síðar rétti Guðrún manni sínum hjálparhönd við ræstingar og hafði umsjón með kaffistofu skólans. Fjórða barn þeirra hjóna var Hildigunnur (1947-1987) og það fimmta Einar Kristján (1956-2002).

Úr Barnaskólanum flutti fjölskyldan árið 1966 í Þingvallastræti 26 og átti þar heimili til fjölda ára. Síðar

fluttu Einar og Guðrún í Víðilund 6 en síðustu æviárin bjó hún á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð á Akureyri.

Illa haldin í rúmi inni í stofu

Akureyrarveikin setti skólahald í Barnaskóla Akureyrar úr skordum í nóvember 1948, eins og í öðrum skólum bæjarins. Fjölmargir nemendur veiktust og veikin lagðist illa á marga starfsmenn skólans, Einar og Guðrúnu þar á meðal. Sérstaklega tók veikin Guðrúnu hastarlega. Bergþóra Einarsdóttir á sterka barnsminningu um veikindi móður sinnar:

Ég hef verið á fimmta ári þegar móðir mín fékk Akureyrarveikina. Minningarnar eru brotakenndar en sumar afar skýrar í huga mér.

Ég man eftir mömmu sárþjádri, liggjandi í rúminu tímunum saman. Hún lá í einhvers konar sjúkrarúmi í stofunni, líklega til að hún hefði næði og frið fyrir okkur börnunum. Ég man ekki eftir að hún hafi haft fótavist að ráði. Við krakkarnir, sérstaklega við Óttar bróðir, lékum okkur inni í stofu, oftast við rúmið eða undir því en þar gátum við setið með einhver leikföng. Mamma



Um jólin 1951. Guðrún og Einar og börn þeirra (frá vinstri) Angantýr, Hildigunnur, Bergþóra og Óttar.

amaðist aldrei við okkur, hún hafði ábyggilega ekki þrek til að skipta sér af okkur. Við vissum að hún var mikið veik og við máttum ekki rella eða suða í henni en það var gott að vera við rúmið hennar. Lára, frænka okkar, móðursystir pabba, sem kom til hjálpar og var hjá okkur talsverðan tíma var stundum að segja okkur að leyfa mömmu að vera í friði og fara fram í eldhús eða inn í svefnherbergi en ég er alltaf komin aftur að rúminu, sat við það eða undir því með eitthvert dót.

Einar Kristjánsson, eiginmaður Guðrúnar, rifjaði upp þennan erfiða tíma í endurminningum sínum:

Guðrún veiktist nokkuð snögglega og hastarlega. Hún var alveg rúmfast nokkuð á þriðja mánuð og mest af þeim tíma var hún verulega illa haldin. Ég var nú illa settur þar sem ég varð að sjá um heimilishaldið og vera barnfóstra og hjúkrunarmaður og til einskis af þessu var ég vel hæfur. Vinkonur okkar litu inn við og við og tóku til hendinni þar sem mest þörf var á, til dæmis Ingibjörg Eiríksdóttir og systur hennar. Björg Vigfúsdóttir og Kristín Stefánsdóttir komu okkur til hjálpar við jólaundirbúning, eins og laufbrauðsgerð og fleira. Sú síðast talda var mágkona Bjargar, gift Kristdóri Vigfússyni. Þau voru nú flutt frá Þórshöfn og Kristdór var bústjóri á Galtalæk, en þar var rekið stórt kúabú á vegum Ræktunarfélags Norðurlands. Þá kom Lára Pálsdóttir móðursystir mín frá Húsavík og var hjá okkur einn mánuð. Loks fengum við stúlku, sem vann á vegum Akureyrarbæjar við að liðsinna á heimilum, þar sem verst var ástatt vegna veikindanna.



Hús Barnaskóla Akureyrar til hægri á myndinni. Horft norður Eyjafjörð, Kaldbakur fyrir miðri mynd.

Þessi frásögn Einars rímar vel við minningar Bergþóru frá þessum tíma:

Ég sé núna að öll ábyrgðin á okkur krökkunum og heimilinu hvíldi á pabba. Ég man eftir honum vera að þuða við matargerð og hússtörf, oft var hann með Hildigunni systur í fanginu við störfin og mig við hliðina á sér. Við fengum aðstoð frá Láru frænku okkar en hún tók hlutina alvarlega og lífgaði ekki upp á andrúmsloftið. Svo man ég vel eftir konu sem hefur líklega verið frá Akureyrarbæ. Hún var afskaplega hress og kát við okkur systkinin, leyfði mér að vera með sér í eldhúsinu og matreiða spennandi búðing.

Ég man mjög vel eftir Stefáni Guðnasyni lækni sem var heimilislæknirinn okkar. Mér finnst hann næstum hafa komið daglega, svo skýr er myndin af honum, hann bankar og gengur inn án þess að bíða. Hann er þreytulegur þar sem hann stendur við rúmið hjá mömmu, stundum sest hann og talar smástund við pabba. Ég man líka eftir að pabbi fékk einkenni þessarar veikni en var ekki rúmfastur. Hann sinni störfum sínum sem umsjónarmaður við skólann en ég man að honum leið illa og hann lá oft fyrir.

Einar Kristjánsson dregur í endurminningum sínum ekki dul á að Akureyrarveikin hafi einnig lagst á sig og tekið sinn toll:

Það var mikið lán í óláni að börnin sluppu öll algerlega við að sýkjast og voru róleg og auðsveip. Sjálfur slapp ég engan veginn alveg við sýkina, þó að ekki þyrfti ég að leggjast í rúmið. Ég kenndi vikum saman seyðingsverkjar aftan í hálsi og lagði hann upp í hnakkann. Margir höfðu þá sögu að segja og virtist

þeim farnast best, sem hörkuðu af sér og gengu að störfum þrátt fyrir lasleikann. En þetta tók á taugarnar, það fann ég, þó ég gerði mér ekki þess grein fyrst í stað. En svo fór ég að finna til þess að ég hrökk við þegar óvæntan hávaða bar að eyrum, eins og ef gluggi skelltist í fals, sími hringdi eða einhver kvaddi dyra. Verst var hvað Guðrún átti við sára vanlíðan að stríða og átti erfitt með svefn.

BÓKARKYNNING

Utanveltumaðurinn Frímann B. Arngrímsson

Á liðnu ári kom út bók Valdimars Gunnarssonar, Utanveltumaður. Saga Frímanns B. Arngrímssonar. Frímann lét til sín taka bæði herna megin hafs



Valdimar Gunnarsson á að baki 40 ára starfsferil við Menntaskólann á Akureyri en er nú sestur í helgan stein. Situr þó ekki auðum höndum heldur grúskar í ættfræði, les prófarkir og skrifar greinar um flest á milli himins og jarðar.

og þó einkum í Vesturheimi þar sem enn má greina sporin hans í blaðinu Heimskringlu sem hann stofnaði 1886 og var þá titlaður eigandi og ábyrgðarmaður. Heima á Íslandi fennti hins vegar fljótt í slóð Frímanns enda hugmyndum hans um rafvæðingu og annað er til framfara horfði landi og þjóð illa tekið af íslenskum ráðamönnum.

Þessa athyglisverðu sögu segir Valdimar Gunnarsson í bók sinni Utanveltumaður. Fylgja hér tveir stuttir kaflar úr bók hans:

Um vorið 1884 – að loknum prófum við háskólann í Toronto – lagði Frímann leið sína vestur til Winnipeg. Sjálfur segist hann hafa gert það að áeggjan nokkurra manna sem þar bjuggu og má vel vera rétt. Eflaust hefur honum líka litist vel á að blanda sér í hóp þeirra mörgu landa sem voru í Manitoba, þar var gefið út blaðið *Leifur* og þar gáfust tækifæri til að halda fyrirlestra og hvetja landa til framfara. Ekki er ljóst hvort hann hafði þar að einhverju starfi að ganga, síðar var honum brugðið um að hann hefði komið félaus og illa klæddur til Winnipeg. Frá því er skemmst að segja að þótt þessi herferð Frímanns í „Skólamálinu“ hafi vissulega vakið talsverða athygli var sú athygli ekki öll á jákvæðum nótum. Reyndar var haldinn opinber fundur í húsi Framfarafélagsins í Winnipeg þar sem skólamálið var rætt. Frímann gerði þar ítarlega grein fyrir málinu og var samþykkt í einu hljóði að gera


tilraun til að koma á fót íslenskum skóla sem yrði sameign allra Íslendinga í Vesturheimi. Til undirbúnings var kosin níu manna nefnd.

Í kjölfar þessa fundar birtist greinin „Enn meira ljós“ í *Leifi* þann 11. júlí með mottói úr ljóðlinum Jónasar: *Nú eru líka níu menn / sem nóttina eiga að stytta*. Öll er greinin full tvískinnungs, því þótt á yfirborðinu þykist höfundur vera hlynntur skólastofnunni kraumar undir niðri háð og jafnvel lítilsvirðing á hugmyndinni og þeim völduga framfaraanda, sem að vel að merkja er ekki kominn frá Winnipeg – og vísar þar eflaust til Frímanns B. Andersons. Viða bregður fyrir uppskrúfuðu orðavali sem sýnist vera tekið úr umræðunum því það er auðkennt með tilvitnunarmerkjum eða gleiðri stafasetningu. Undir greininni standa stafirnir XIX Íslendingur sem mun eiga að tákna S Íslendingur. (XIX= 19, S er 19. stafur stafrófsins).

Þessari grein svaraði Frímann í næsta tölublaði með smágrein um skólamálið og andmælir þar málflutningi XIX Íslendinga. Hann telur að þar sé gerð tilraun til að drepa gott fyrirtæki með því að gera það tortrygglegt og jafnvel hlægilegt og bregður höfundur greinarinnar um að þola ekki hugmyndir sem aðrir en hann eiga. Lok greinarinnar eru þessi:

Vér vonum að menn leyfi ekki að fara með eintómt orðaglamur og spott þegar um almennings mál er að ræða; að hér eftir verði engir svo lítilmannlegir að eyða rúmi blaðsins og tíma lesenda „Leifs“ með tvíræðum glósum, hugsunarlausu fjasi og illgetnum orðskrípum, að skynsömum Íslendingum verði ekki gerð sú óvirða að setja fyrir þá háðblöndu hrærða saman við kekkjóttan meiningagraut og það borið fram í fati alsettu upphröpunar- og spurningarkerkjum samtengdum og þar að auki krýndu gæsaloppum, þar sem hver einfeldningur, jafnvel höfundurinn, gæti séð að hann hefði átt að skreyta þær sínum eigin klaufum. Það er óskandi að þeir sem rita, riti sem menn skýrt og skorinort og reyni að færa góð rök fyrir skoðunum sínum, hvort heldur með eða mót skólastofnuninni.

Á þingmálafundi Akureyrar í júní 1917 lagði Frímann fram tillögu að áskorun til Alþingis um að hefja sem allra fyrst rannsóknir á kalksteini og öðrum efnum til steinlímgerðar. Þessi áskorun var samþykkt í einu hljóði. Heldur lakari undirtektir hlaut víst hugmynd sem hann birti í *Norðurlandi* 5. september 1917 um grjóttgarð um þverar Leirurnar. Þessi garður – segir hann – ætti að ná frá prentsmiðju Odds Björnssonar (Aðalstræti 17) yfir að



Frimann B. Arngrímsson.

Mynd: Minjasafnið á Akureyri


bakkanum undir Ytri-Varðgjá og þá yrði til fínasta flæðiengi innan garðsins, sem gæti fóðrað 300-400 nautgripi. Auk þess mætti setja brýr á garðinn og væri þá kominn vegur yfir til austurhlíðarinnar í firðinum.

Akureyrarkaupstaður gæti þá sett upp sameignarmjólkurbú við Leiruna, ef ekki upp á mónum, og alið börn sín og unglinga og erfðisfólk á rjóma og

smjóri og reyktu nautaketi og finasta skyri og flautum, en ekki á undanrenningu og rauðmögum og margaríni og gráða eða mysu.¹

Þetta mannvirki telur hann að gæti kostað um 400 þúsund krónur og myndi eftir svo sem fimmtán ár skila arði sem nægði til að greiða 5% vexti og 5% afborganir af fjárfestingunni. Hugmyndinni var þó haldið vakandi og má líklega enn sjá ræfil af þeim garði sem lagður var um 1930. Leiruvegur var svo gerður á svipuðum slóðum og Frímann lagði til árið 1917 – um sjöttíu árum síðar.

Vissulega lét Frímann sér fátt óviðkomandi sem hann taldi að gæti orðið Akureyri og íbúum bæjarins til hagsbóta en jafnan steyttu hugmyndir hans á fálæti ráðamanna. Gilti þá einu hvort hann hvatti til rafhitunar húsa, lýsingar á götum, betri bygginga eða hvers kyns ráðdeildar í daglegu lífi. Hann hélt fyrirlestra, ritaði greinar í bæjarblöðin og ritgerðir í sitt eigið blað um margvísleg málefni – en allt kom fyrir ekki. Hann var alltaf háður því að einhverjir aðrir tækju til hendinni og framkvæmdu eitthvað af því sem hann lagði til að gert yrði. Fátæktin hékk alltaf yfir honum eins og þungt regnský. Þótt hann fengi styrk frá hinu háa Alþingi leit hann alltaf svo á að þeim styrk ætti hann að verja til þeirra verka sem tilgreind voru sem rök fyrir styrknum, nefnilega „... til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt.“



Norðurland. 38. tbl. 9. okt. 1917.

¹ „Huldir fjársjóðir“ 1917. *Norðurland*. 5. sept.

GUÐNI TH. JÓHANNESSON

„Othello-slagurinn“ á Akureyri í maí 1973

*Guðni Jóhannesson er prófessor
við Háskóla Íslands og fyrrverandi
forseti Íslands.*



Hinn 1. september 1972 var fiskveiðilögsaga Íslands færð út í 50 sjómílar. Bretar neituðu að viðurkenna nýju línuna og kom því til átaka á miðunum. Liðsmenn Landhelgisgæslunnar beittu togvirklippum en valdhafar í Lundún-um sendu dráttarbáta á vettvang sem reyndu að verja togara fyrir slíkum atilögum.

Einnig þarf að hafa í huga að vestur-þýskir togarar stunduðu einnig veiðar innan 50 mílna línanna í óþökk Íslendinga. Þegar komið var fram í maí 1973 hafði gengið á ýmsu á miðunum og hiti var í fólki. Frá upphafi deilunnar höfðu námsmenn stutt málstað Íslands með ráðum og dád. Utan landsteinanna höfðu háskólastúdentar kynnt rök okkar og í Reykjavík höfðu framhalds- og háskólanemar látið í sér heyra, meðal annars þegar fulltrúar breskra stjórnvalda héldu hingað til viðræðufunda um málamiðlan-ir og bráðabirgðalaun.

Og nú var röðin komin að nemendum Menntaskólans á Akureyri að sýna hvað í þeim bjó eins og hér verður rakið. Greinin er að mestu byggð á erindi sem ég hélt í Minjasafninu á Akureyri í febrúar 2026, við upphaf fyrirlestraráðar á vegum þess og Akureyrarakademiunnar. Áhugi minn á að ræða um efnið kviknaði þegar ég las færslu Eiríks Rögnvaldssonar á fésbók um „Othello-slaginn“ 14. maí 1973, hálfri öld eftir að hann var háður.¹ Eiríkur var nemi við Menntaskólann á Akureyri og rakti réttilega í upp-rifjun sinni að ég hefði ekki nefnt átökin í skrifum mínum um þorskastríð hingað til. Mörg skólasystkin Eiríks lögðu svo orð í belg á vegg Eiríks og

¹ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.



Guðni hélt í febrúar á þessu ári afar vel sóttan fyrirlestur á Minjasafninu á Akureyri um „Othello-slaginn“. Ljósmyndin er tekin við það tækifæri.

Mynd: Skapti Hallgrímsson

rifjuðu upp æsilegar stundir við höfnina. „Dásamleg upprifjun á ógleymanlegum degi,“ skrifaði Mývetningurinn Jónas Helgason til dæmis og satt er það sem einn lesandinn bætti svo við: „Þessi frásögn þarf að komast í sögu-bækur.“²

Undir það má svo sannarlega taka. Því miður reyndist mér ekki unnt að greina frá bardaganum í löngu máli í væntanlegu riti mínu um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Í staðinn birtist þessi grein. Ég þakka skólabræðrunum Eiríki Rögnvaldssyni, Friðriki Degi Arnarsyni og Braga Guðmundssyni fyrir drjúga aðstoð við skrif hennar, auk annarra skólasytkina sem ég ræddi við á Minjasafninu eftir flutning erindisins. Ég þakka einnig Haraldi Þór Egilssyni, forstöðumanni þess, fyrir gott samstarf og sömuleiðis Herði Geirssyni, safnverði ljósmyndadeildar. Loks þakka ég Jóni Hjaltasyni ritstjóra og öðrum sem bjuggu verkið til útgáfu í Súlum. Og hefst þá frásögnin.

Togarabryggjan, um níuleytið

Othello var togari sem bresk stjórnvöld höfðu tekið á leigu til að vera togaraflota Breta til halds og trausts í fiskveiðideilunni. Nokkur önnur skip voru send til þess arna, með verkstæði um borð og hægt var að sinna minni-

² Athugasemdir Jónasar Helgasonar og Önnu Toher við fésbókarfærslu Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

háttar veikindum og slysum. Alla jafna máttu þessi fley ekki koma til íslenskrar hafnar en aðfaranótt 14. maí 1973 var illt í efni. Einn togarasjómaðurinn hafði bilast svo illa á geðsmunum að ekki varð við ráðið. Hann var fluttur yfir í Othello og leyfi fékkst til að færa hann þaðan undir læknishendur.

Um klukkan níu að morgni þessa dags kom eftirlitsskipið til Akureyrar og lagðist að Togarabryggjunni svonefndu. Eitthvað voru starfsmenn hafnarinnar tregir til að taka við tauginni en sjálfsagt varð að teljast að veita aðstoð í þessari nauð.³

Ástand mannsins var þess eðlis að ekki var unnt að sinna honum á sjúkrahúsinu nyrðra. Var hann því sendur í flugvél til Reykjavíkur og skipslæknirinn á Othello fylgdi honum. Síðan þurfti hann að halda norður á ný og skipið skyldi vera við landfestar á meðan.⁴ Sú bið reyndist örlagarík.

Ísbúðin, upp úr hádegi

Erfitt er að segja með fullri nákvæmni hver voru hvar hverju sinni og ekki er alveg víst að hér sé sagt frá öllum viðburðum í hárréttri tímaröð. Hitt liggur fyrir að síðla þennan morgun í maí fengu menntskælingar á Akureyri veður af komu Othellos. Rétt eftir að skólatíma lauk héldu tveir þeirra, Skagfirðingarnir Ágúst Guðmundsson og Eiríkur Rögnvaldsson, í Ísbúðina niður í bæ, neðst í Kaupvangsstræti. Hálfri öld síðar rifjaði Eiríkur upp á fésbók að þá hefðu tvær bekkjarsystur þeirra, Ólöf Ásta Ólafsdóttir og Sigurlaug Magnúsdóttir, komið askvaðandi og spurt hvort ekki ætti að mót-mæla því að verndarskip veiðipjófanna lægi nú við bryggju á Akureyri eins og ekkert væri.⁵

Sú áeggjan hreif. Fleiri nemendur hugsuðu sér líka til hreyfings.

Menntaskólinn á Akureyri, upp úr hádegi

Einhvern tímann um svipað leyti kom Mývetningurinn Friðrik Dagur Arnarson upp í skóla eftir hádegismat í vistarverum sínum niðri á Eyri. Frétti hann þá að einhverjir menntskælingar væru farnir niður á bryggju að mót-mæla því að breskt eftirlitsskip fengi að taka þar vatn og vistir. Sá mis-skilningur hafði greinilega komist á kreik. Friðrik sagði síðar svo frá:

³ „Othello á Akureyri í morgun.“ *Vísir*, 14. maí 1973; „Fúleggjakast.“ *Timinn*, 15. maí 1973.

⁴ „Othello var ataður eggjum.“ *Morgunblaðið*, 15. maí 1973; „Ólæti á togarabryggjunni.“ *Dagur*, 16. maí 1973.

⁵ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.



Þau mættu á fyrirlestur Guðna og komu forðum, með einum eða öðrum hætti, að tittnefndum slag sem kenndur er við breska togarann Othello, þó að undanteknum Guðna greinarhöfundu. Næstur forsetanum fyrrverandi er Stefán Jóhannsson, þá Jónas Helgason, Ágúst Guðmundsson, Ragnheiður Sigurðardóttir, Bragi Guðmundsson, Lára Ólafsdóttir, Georg Ólafur Tryggvason, Gunnar Stefánsson og Helga Sigurðardóttir.

Mynd: Skapti Hallgrímsson

Mig minnir að Steindi (Steinþór Þránínsson frá Skútustöðum, Mývatnsveit), sem var þá á Skoda sem gekk undir nafninu Simbi, hafi verið búinn að fylla þarna í bílinn til að fara með mótmælendur á bryggjuna (gott ef ekki með fjóra aftur í) og jafnvel verið búinn að fara aðra ferð áður. En einhverjir gengu örugglega niður eftir. Hvorugur okkar man það þó með vissu. Ég fór samt bara í tíma fyrst ekkert far var laust, nennti greinilega ekki að labba beint aftur niður á Eyrina, nýkominn þaðan. Og eitthvað voru frásagnirnar af stöðunni líka óljósar. Ekki man ég hvaða tíma við sóttum þarna en greinilega þótti ýmsum skólasystkinum mínum hann ekki jafnmikilvægur og þátttakan í mótmælunum.⁶

Tograbryggjan, um háltvöleytið

Um klukkan háltvö var nokkur hópur nema kominn niður á Tograbryggju, um tuttugu að sögn Tímans og má það vel vera. Skipverjar á Othello voru í kallfæri á dekki eða brúarvæng. Fyrsta kastid mun aðeins hafa verið skipst á orðum um rétt og rangt í fiskveiðideilunni en svo færðist meira fjör í leikinn. Ungmennin hrópuðu slagorð og í fregn Framsóknarmál-

⁶ Friðrik Dagur Arnarson til höfundar, 26. mars 2026.

gagnsins sagði enn fremur að þau hefðu kynjað ættjarðarlög af miklum móð, meðal annars Ísland farsældu frón.⁷

Einhverjum í hersingunni fannst ekki þó nóg að gert með hrópum, köllum og söngvum. Steinþór Þráinsson og heimamaðurinn Pétur Már Pétursson héldu aftur upp í skóla. Þar var safnað í dálitinn sjóð. Bæta yrði vígbúnað. Eggja skyldi aflað.⁸

Um sama leyti hafði hitnað í kolunum á Togarabryggjunni. Lögregla hafði fregnað af atganginum. Ákveðið var að skakka leikinn. Ungmennunum var skipað að fara af bryggjunni en því var illa tekið. Eftir einhverjar stymingar var allmörgum menntskælingum, í það minnsta vel á annan tug, stungið inn í lögreglubíla og ekið upp á stöð.⁹

Kjötiðnaðarstöðin, kannski um tvöleyti

Þetta vissu Pétur og Steinþór ekki þegar þeir óku á Simba suður í Kjötíðnaðarstöð KEA á Oddeyri. Þar var varningurinn sem sóst var eftir ódýrastur. Fest voru kaup á þremur stórum bökkum, hverjum um sig með tugi eggja. Félagarnir lögðu svo leið sína niður á höfn en gripu þá í tómt. Fyrir en varði fregnuðu þeir að skólasystkin þeirra hefðu verið tekin höndum og væru nú í varðhaldi á lögreglustöðinni. Þangað var haldið að bragði.¹⁰

Lögreglustöðin á Akureyri, líklega milli klukkan tvö og þrjú

Löngu síðar var dvölin á lögreglustöðinni mörgum úr hópi mótmælenda í fersku minni. Engir voru settir á bak við lás og slá og kaffi var á boðstólum. „Höfðum við það gott og fórum m.a.s. að skrifa þýskan stíl,“ sagði Eiríkur Rögnvaldsson í fésbókarfrásögn sinni. Reiðhjól Jónasar Helgasonar kom líka að góðum notum því að nemar í máladeild voru í munnlegu prófi þennan dag. „Einhverjar fengu það lánað og skutust af lögreglustöðinni í prófið,“ rifjaði Helga Sigurðardóttir upp.¹¹ Þá mundi Mývetningurinn Ásgeir Böðvarsson vel að sumir lögreglumannanna leyndu því ekki, „að þeim fannst þetta framtak okkar þjóðþrifaverk – þó þeir segðu það ekki „upphátt““¹² Matthíasi Einarssyni varðstjóra var reyndar ekki skemmt þegar Ágúst

⁷ “Fúleggjakast.” *Tíminn*, 15. maí 1973.

⁸ Friðrik Dagur Arnarson til höfundar, 26. mars 2026.

⁹ „Othello var ataður eggjum.“ *Morgunblaðið*, 15. maí 1973.

¹⁰ Friðrik Dagur Arnarson til höfundar, 26. mars 2026.

¹¹ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023; tölvupóstur Braga Guðmundssonar til höfundar, 2. febrúar 2026, með frásögn Helgu Sigurðardóttur.

¹² Athugasemd Ásgeirs Böðvarssonar við fésbókarfærslu Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

Guðmundsson kvartaði undan framkomu laganna varða. „Mér leiddist kjaftæðið í karlinum,“ sagði Ágúst, „og spurði hann með hvorum hann héldi eiginlega í baráttunni um landhelgina, Bretum eða okkur Íslendingum. Matthías brást við með stælum og benti mér á ... að það væru lausir klefar fyrir svona smádóna eins og mig.“¹³

Einhvern tímann þegar á þessu gekk komu eggjafararnir Pétur og Steinþór upp á lögreglustöðina. Pétur hafði orð fyrir þeim og mun hafa krafist þess að þeir yrðu líka handteknir. „Ekki þótti húmor fyrir slíku á þeim bæn-um og þeim var hent út,“ skrifaði Friðrik Dagur Arnarson. Hann var enn uppi í skóla og fékk þessa frásögn frá fyrstu hendi þegar þessir skólabræður hans héldu þangað af stöðinni.¹⁴

Um svipað leyti var menntskælingum sleppt úr haldi en með því fororði að ekki yrði blásið til æsinga á Togarabryggjunni á nýjan leik. Það var nú það. Nemar hugsuðu sitt.¹⁵

Togarabryggjan, upp úr klukkan tvö

Pétur og Steinþór óku á ný upp í skóla. Rætt var um hvað gera skyldi næst. Rökrétt þótti að eggin skyldu nýtt eins og til var ætlast. Þrír til viðbótar komu sér fyrir aftur í Simba og var Friðrik Dagur einn þeirra.

Ekið var sem leið lá niður að höfn. Þar var allt með kyrrum kjörum. Í fésbókarfærslu og síðar bréfi til mín í mars 2026 mundi Friðrik þennan þátt rimmunnar mjög vel:

Niðri á bryggju stilltum við bílnum upp í hæfilegri fjarlægð frá skipinu og fyrsti eggjabakkinn var opnaður og settur á húddið. Svo tóku menn til að henda. Á þessum árum var ég mikið að henda boltum og steinum og var býsna hittinn. Og mér tókst að hitta inn um tvö opin kýraugu og eitthvað í rúður í brúnni. Brátt kom sjóari með brunaslöngu og fór að sprauta í áttina til okkar og hann dreif alveg til okkar. Hertum við þá eggjadrífuna og hröktum hann til baka þannig að hann kom sér að mestu í hvarf bak við yfirbyggingu skipsins og reyndi að stýra slöngunni fyrir hornið en gekk þá illa að miða. Þetta truflaði okkur því ekki mikið.¹⁶

Atlögunni linnsti svo þegar lögreglubifreið kom aðvífandi, Svarta María. Ábúðarfullt yfirvald skipaði liðinu að hundskast af bryggjunni. Við því var

¹³ Tölvupóstur Braga Guðmundssonar til höfundar, 2. febrúar 2026, með frásögn Ágústss Guðmundssonar.

¹⁴ Friðrik Dagur Arnarson til höfundar, 26. mars 2026.

¹⁵ „Fúleggjakast.“ *Timinn*, 15. maí 1973; fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

¹⁶ Friðrik Dagur Arnarson til höfundar, 26. mars 2026.

orðið og lauk þá eggjakasti að Othello. Menntaskólanemar höfðu þó ekki sagt sitt síðasta orð.

Menntaskólinn á Akureyri, líklega laust fyrir klukkan þrjú

Í fésbókarfærslu Eiríks Rögnvaldssonar í maí 2023 var rakið að um leið og þeir Ágúst Guðmundsson voru lausir úr haldi lögreglunnar hefðu þeir lagt af stað aftur niður að bryggju en Akureyringurinn Guðjón Brjánsson þá ekið fram hjá. „Fengum við Gústi hann til að keyra okkur að vistinni“, sagði Eiríkur áfram, „þar sem við tókum Moskann [Moskvitsj-bifreið hans] og keyrðum beinustu leið niður á bryggju.“¹⁷

Heimastúlkan Lára Ólafsdóttir mundi einnig að þær hefðu farið nokkrar skólasystur á bláu Volkswagenbjöllumni hennar niður eftir. Eggjakastararnir voru þá væntanlega nýhorfnir á braut en mannfjöldi var aftur kominn saman þar, staðráðinn í að láta Bretana finna til tevatnsins.¹⁸

Togarabryggjan, á fjórða tímanum

Komið er að hápunkti þessarar hasarsögu. Vonlaust er að flétta alveg saman öllum frásögnum þannig að hin eina og sanna lýsing verði fest hér á blað. Víst er að upp úr klukkan þrjú höfðu laganna verðir tekið sér stöðu á Togarabryggjunni og vildu varna því að Bretarnir yrðu fyrir frekara aðkasti. Ekki liggur fyrir hversu margir lögregluþjónar voru á staðnum, eflaust um tugur eða svo. Auk menntskælinga hafði ýmsa drifið að, kannski einhverja krakka og forvitna vegfarendur. Að sögn Tímans voru um 50-60 manns á bryggjunni þegar mest var.¹⁹

Ungviðinu varð heitt í hamsi. Að því kom þarna á bryggjunni að nokkrir í hópnum héldu um borð í einn Akureyrartogarann við bryggjuna. Báðu þeir um fisk að „gefa“ Bretanum en sjómennirnir brugðust ókvæða við. Í Tímanum var því haldið fram að þeir hefðu skammast út í „skrílmenni og uppreisnarseggi“ og við svipaðan tón kvað í Degi, blaði Framsóknarflokksins á Akureyri. Út frá þeim frásögnum má kannski álykta sitthvað um afstöðu vinnandi stétta til kappsamra stúdenta á þessum árum og sömuleiðis um ákveðna íhaldssemi innan þess flokks.²⁰

¹⁷ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

¹⁸ Athugasemd Friðriks Dags Arnarsonar við fésbókarfærslu Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023; tölvupóstur Braga Guðmundssonar til höfundar, 2. febrúar 2026, með frásögn Láru Ólafsdóttur.

¹⁹ „Fúleggjakast.“ *Tíminn*, 15. maí 1973.

²⁰ „Fúleggjakast.“ *Tíminn*, 15. maí 1973; „Ólæti á togarabryggjunni.“ *Dagur*, 16. maí 1973.

Að sjálfsögðu eru ekki til heimildir um allt sem gekk á. Að sögn Eiríks Rögnvaldssonar kom þó að því að tveir félagar hans, Davíð Þorsteinsson og Jónas Helgason, sluppu í gegnum raðir yfirvaldsins og upp að skipshlið. Lögreglumenn ruku til og náðu í kappana, við litla hrifningu annarra á vettvangi. Ákveðið var í snarhasti að allir tækju höndum saman og gengju á móti lögreglulíðinu. Laust þá fylkingunum saman. Laganna verðir beittu kylfum sínum og fannst mótmælendum að þeir væru þar illa leiknir. Nokkrum varð minnisstætt að Eiríkur Rögnvaldsson fékk högg í öxlina og armbandsúr einhvers annars mun hafa brotnað í atganginum.²¹

Undan Togarabryggjunni, líklega á fimmta tímanum

Um sama eða svipað leyti gerðist það að nokkrir í hópnum tóku skektu traustataki. Húnvetningurinn Bragi Guðmundsson, Mývetningurinn Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Þóra Björg Magnúsdóttir settust undir árar, auk eins í viðbót ef marka má Tímanna og kannski voru þau fimm eða sex samtals. Hálfri öld síðar mundu þessi þrjú þetta ekki með fullri vissu og má það teljast skiljanlegt. Í stafni komu hinir ungu Íslendingar fyrir allstóru merki með stöfunum „50“ þannig að sú herhvöt og krafa skyldi blasa við Bretunum.

Var síðan róið að Othello, með egg innanborðs að sögn Þóru Bjargar og voru það kannski einhverjir afgangar frá því fyrr um daginn. Einnig var hrópað og kallað að Bretunum og þeir svöruðu í sömu mynt. Einn þeirra grýtti kaffikrús af miklu afli að bátsverjum og brotnaði hún á þóftu. Þar hefði getað farið illa ef maðurinn hefði hitt höfuð einhvers.²²

Í hinu virðulega Lundúnablaði Times og Tímanum íslenska var þess getið að skipverjar hefðu svarað öllum árásum dagsins með því að grýta bjórdósum og öðru smálegu í fjendur sína.²³ Áhöfninni á Othello var ugglaut lítt skemmt yfir öllum þessum aðförum. Reyndar hefur ekki tekist að afla um það örugga heimilda. Þó er frá því að segja að löngu seinna vann Jónas Helgason við það á skemmtiferðaskipi að segja frá landi og þjóð. Hitti hann þar Breta sem tjáði honum að hann hefði komið til Akureyrar í miðju

²¹ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023; tölvupóstur Braga Guðmundssonar til höfundar, 2. febrúar 2026, með frásögn Ágústs Guðmundssonar.

²² Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023, og athugasemdir Þóru Bjargar Magnúsdóttur; tölvupóstur Braga Guðmundssonar til höfundar, 22. jan. 2026; tölvupóstur Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar til höfundar, 10. febrúar 2026.

²³ „Fúleggjast.“ *Tíminn*, 15. maí 1973; „Armada of British trawlers puts Icelandic gunboats to flight.“ *Times*, 16. maí 1973.

þorskastríði, á eftirlitsskipinu Othello og fengið óblíðar viðtökur. Gat Jónas síns þáttar og skildu þeir alveg sáttir.²⁴

Lögreglustöðin, líklega á fimmta tímanum

Sögulok nálgast. Einhvern tímann síðdegis var skipslæknirinn snúinn aftur með flugi að sunnan. Þá var ekki eftir neinu að biða. Eiríki Rögnvaldssyni festist í minni að í sömu andrá og hann fékk bylmingshöggið í öxlina leysti Othello landfestar.²⁵

Enn biðu þó dálitlar sviptingar. Lögregla færði að minnsta kosti einn menntskælinga upp á stöð eftir lætin á bryggjunni. Það var Pétur Már Pétursson og allmörg skólasystkin héldu þangað, vildu sýna þjáningarbróður samstöðu og gott ef ekki krefjast þess að hann yrði færður úr haldi. 50 mílna merkið var meðferðis og var því stillt upp á lögreglubíl. Matthías varðstjóri strunsaði þá út og gerði það upptækt. En Pétri var síðan sleppt og líðssafnaðurinn leystist upp.²⁶

Enn var samt hiti í hinum ungu Íslendingum. Þeir höfðu viljað láta í ljós andúð þjóðarinnar á yfirgangi Breta á Íslandsmiðum og kunnu yfirvaldinu litlar þakkir fyrir varðstöðu þeirra á bryggjunni. Ofbeldinu yrði að mótmæla.

Eftirköst

Við getum gefið okkur að morguninn eftir hafi hasarinn við höfnina verið á flestra vitorði í menntaskólanum. Þá ályktun má ekki síst byggja á því að í löngu frímútunum undir hádegi var blásið til almenns skólafundar á sal. Lagt var upp með að fordæma skyldi athæfi lögreglunnar og vara við hvers kyns linkind í landhelgismálinu. Um stund kom reyndar babb í bátinn. Á þessum árum létu róttækir ungliðar til sín taka, mótmæltu stríðinu í Vítanam, lásu Marx og Lenín eða Maó og skiptust í hatrammar fylkingar þar sem meint kórvilla hvers annars var greind, hrakin og höfð að spotti. Hitt áttu menn þó alltaf sameiginlegt að vilja berjast í þágu öreiga gegn hvers kyns auðvaldi, innlendu sem erlendu.

Einar Steingrímsson var í hópi hinna róttækustu í Menntaskólanum. Á fundinum kvaddi hann sér hljóðs og mótmælti því að stæk þjóðernishyggja næði tökum á fólki. Einn skólabræðra hans sagði hann hafa eitthvað á þessa leið: „Eruð þið snarvitlaus, þetta eru breskir verkamenn.“ Vísaði Einar þar

²⁴ Samtal Jónasar Helgasonar og höfundar, 5. febrúar 2026.

²⁵ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

²⁶ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

væntanlega til þess að breskir togarasjómenn þyrftu að þola kúgun útgerðaraðalsins ytra og víglínan ætti ekki að liggja eftir Þjóðerni í deilunni.²⁷

Sjálfur véfengdi Einar ekki að orð í þessa veru hefðu fallið og gat jafnvel gantast með þau í spegli tímans.²⁸ Aftur á móti var yfirgnæfandi meirihluti fundarmanna á því að þeir sem hefðu viljað verja málstað Íslands á Togara-bryggjunni hefðu verið í fullum rétti. Svohljóðandi ályktun var samþykkt:

Í tilefni af komu brezka eftirlitsskipsins Othello til Akureyrar mánudaginn 14. maí safnaðist saman töluverður hópur fólks til að mótmæla sífelldum yfirgangi og sjóránum Breta í íslenzkri fiskveiðilögsögu. Lögreglan á Akureyri meinaði mótmælendum að fara niður að brezka skipinu. Þegar mótmælendur vildu ekki una því gerræði gerðist sá einstæði atburður, að lögreglumennirnir réðust á fólkið og lömdu á því með kylfum. Spyr fundurinn hvorn aðilann, Ísland eða Bretland, styður íslenzka ríkisvaldið í landhelgisdeilunni. Jafnframt skorar fundurinn á íslenzku ríkisstjórnina að setja þegar í stað bann við afgreiðslu eftirlitsskipa sem aðstoða erlenda veiðipjófa í landhelginni. Að lokum skorar fundurinn á Íslendinga að standa fast á rétti sínum og snúast gegn hvers konar ræfildómi og undanlátsemi við brezka og vesturþýzka sjóræningja.²⁹

Ályktunin birtist í blöðum og helstu atriði hennar voru lesin upp í fréttum Ríkissjónvarpsins.³⁰ Í Þjóðviljanum gætti samúðar með þeim sem höfðu orðið fyrir barðinu á laganna vörðum.³¹ Kenndi þar annarra grasa en í Tímanum og Degi eins og áður hefur komið fram og í Morgunblaðinu mátti líka lesa milli línanna að ungdómurinn hefði verið til lítils sóma.³² Sama dag og menntskælingar ályktuðu sendi Bragi Guðmundsson myndir sem teknar voru á vettvangi suður til Morgunblaðsins en þær birtust aldrei, kannski vegna þess að ritstjórnarnir kusu að gera ekki meira veður út af hasarnum.

Tveimur dögum síðar bar það til að þeir Eiríkur Rögnvaldsson og Jónas Helgason ræddu við blaðamenn á vegum Ekstrablaðsins danska sem voru norðan heiða um þessar mundir. „Keyrðum við þeim niður á bryggju,“ segir

²⁷ Athugasemd Þorvaldar Sigurðssonar („Tobbo Thor“) við fésbókarfærslu Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

²⁸ Athugasemd Einars Steingrímssonar 12. mars 2026 við fésbókarfærslu Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

²⁹ „Lamdi fólk.“ *Þjóðviljinn*, 16. maí 1973.

³⁰ „Skora á Íslendinga að standa fast á rétti sínum.“ *Tíminn*, 17. maí 1973; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Fréttasafn Ríkisútvarpsins. FJ/99. Sjónvarpsfréttir, 15. maí 1973.

³¹ „Lamdi fólk með kylfum.“ *Þjóðviljinn*, 16. maí 1973.

³² „Othello var ataður eggjum á Akureyri.“ *Morgunblaðið*, 15. maí 1973.



í dagbók Eiríks, „og sýndum þeim orustuvöllinn, haldandi á þorski og vatnsbyssu, standandi uppi í trillu.“³³ Hinn 19. maí birtist svo mynd af þeim tilprifum í blaðinu, sama dag og bresk herskip héldu inn fyrir 50 mílna línuna og viðsjár jukust til muna á Íslandsmiðum.³⁴

„Othello-slagurinn“ hvarf svo að mestu í gleymiskunnar dá. Síðar í mánuðinum urðu mikil ólæti og óeirðir við sendiráð Bretlands í Reykjavík, eftir fjölmennasta mót-mælafund Íslandssögunar sem þá hafði verið haldinn. Jafnframt urðu óspektir í nokkur önnur skipti þegar bresk skip fengu að leita hafnar. Alla þá atburði má hafa til

marks um þá heift sem gat blossað upp enda voru miklir hagsmunir í húfi, sjálfsgöð yfirráð yfir auðlindum umhverfis Ísland.

Þar fyrir utan má sagan af „Othello-slagnum“ teljast fróðleg ein og sér, jafnvel skemmtileg ef út í það er farið. Þessi frásögn sýnir líka hvernig nýta má samfélagsmiðla til þess að safna saman og halda til haga vitnisburðum um nýliðna tíð. Frásagnir menntskælinga bæta við frásagnir blaðanna. Þau skrif eru ekki eins nákvæm og einhvers misskilnings gættir, til að mynda að fúleggjum hafi verið fleygt – „ég trúi því ekki að KEA hafi selt fúlegg.“ skrifaði Eiríkur Rögnvaldsson í fésbókarfærslu sinni.³⁵ Sömu leiðis má hafa minningar þeirra sem tóku þátt í hamaganginum til vitnis um það hversu

³³ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

³⁴ „Fisherby gik amok og startede søslaget i Atlanten.“ *Ekstrabladet*, 19. maí 1973.

³⁵ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 14. maí 2023.

brigðult minni manna er. „Miðað við hvað manni þótti þetta stór viðburður,“ skrifaði Friðrik Dagur Arnarson um hálfri öld síðar, „er ég dálítið hissa hvað minnið er misjafnt frá þessu. Ég held að ég muni sumt mjög vel en annað verr eða alls ekki.“³⁶

Einnig má heita áhugavert að Mývetningar voru áberandi á vettvangi. Þeir eru eflaust til sem vilja lesa sitthvað í það um baráttuhug þeirra og annarra Þingeyinga. Enn annað er einnig eftirtektarvert sem Bragi Guðmundsson benti á:

Kannski er það einna áhugaverðast að næstum öll (eða öll) sem komu við sögu áttu eftir að afla sér góðrar framhaldsmenntunar og tóku drjúgan þátt í samfélagsþróuninni næstu áratugi. Hvert á sínum stað. Uppreisnarandi í mennta-/framhaldsskóla er e.t.v. til marks um það sem viðkomandi búa yfir og eiga eftir að sýna svo um munar seinna meir.³⁷

Af svipuðum meiði eru þessi orð Friðriks Dags Arnarsonar um eldmód ungmenna á þessum árum í samanburði við seinni tíðaranda:

Sem framhaldsskólakennara hefur mér oft sviðið hvað flestir af þeim frá-bæru krökkum sem ég kenndi, voru í raun óvirkir í lifandi þjóðfélagsmæðu og höfðu frekar áhyggjur af örlögum ungmennanna í Friends en umhverfismálum, mannréttindum og baráttu fyrir bættu samfélagi. Auðvitað alls ekki algilt en samt...³⁸

Vissulega er sagan ekki sögð til hlítar hér. Ekki hefur verið reynt að rekja garnirnar úr öllum menntskælingum sem komu við sögu. Einnig mætti athuga hvort gamlir lögregluþjónar muna eftir darraðardansinum og hvað kann að hafa verið skrifað niður í dagbók lögreglunnar á Akureyri. Á hinn bóginn þykist ég vita að ekki sé að finna gögn í breskum skjalasöfnum um viðburðinn frá sjónarhóli Breta. Og lýkur þar með sögunni af „Othello-slagnum“ á Akureyri 14. maí 1973.

³⁶ Friðrik Dagur Arnarson til höfundar, 26. mars 2026.

³⁷ Bragi Guðmundsson til höfundar, 26. mars 2026.

³⁸ Friðrik Dagur Arnarson til höfundar, 26. mars 2026.

JÓN HJALTASON

Lífsstrit Sveins Þórarinssonar á Akureyri

Fyrri hluti

*Jón Hjaltason er sagnfræðingur
og ritstjóri Súlna.*



Það sem hér fer á eftir er að mestu byggt á dagbókum Sveins Þórarinssonar, föður hins alþekkta barnabókahöfundar Jóns Sveinssonar, Nonna. Sveinn fæddist í Kílakoti í Kelduhverfi 17. mars 1820 og ólst þar upp í foreldrahúsum. Í júní 1848 gerðist hann skrifari Péturs Havsteins, er þá var sýslumaður austur á landi en varð síðar amtmaður yfir Norður- og Austurlandi með aðsetur lengst af á Möðruvöllum í Hörgárdal. Skrifarastarfinu gegndi Sveinn í 19 ár. Eiginkona hans, og móðir Nonna, var Sigríður Jónsdóttir, fædd í Reykjahlíð við Mývatn árið 1826.

Akureyri, kaupstaðurinn við Pollinn

Þegar Sveinn flutti alfarinn frá Möðruvöllum í Hörgárdal inn á Akureyri árið 1865 voru liðin þrjú ár frá því bærinn fékk kaupstaðarréttindi. Með þeim var brotið blað í sögu Akureyrar sem þá fyrst fékk sérstaka bæjarstjórn og bæjarsjóð út af fyrir sig. En lengi býr að fyrstu gerð. Íslendingar höfðu um aldir verið miklir einstaklingshyggjumenn. Hver átti að bjarga sér sem best hann gat og helst átti aldrei að taka úr opinberum sjóðum til verklegra framkvæmda. Akureyringar ofanverðrar 19. aldar voru vel að sér í þessari hagstjórnarspeki forfeðra sinna og stjórnvöld bæjarins vissu vel hvað til síns friðar heyrði. Þeirra var að standa vörð um leikreglur samfélagsins en jafnframt að taka sem allra minnstan þátt í leiknum sjálfum. Aðalstarf bæjarstjórnarinnar var að ákveða og inn-

heimta útsvör af bæjarbúum sem að langmestu leyti runnu til styrktar bjargarlausu fólki. Hinn svokallaði „fátækrastrykur“ var þó ekki óafturkræfur styrkur heldur lán sem bæjarstjórnin gat heimtað til baka þegar henni þóknaðist.

„Til eiginlegra bæjarþarfa“, eins og það er kallað í gjaldabókum bæjarins, fór að jafnaði aðeins um þriðji og jafnvel fjórði partur útsvaranna. Þau ár sem Sveinn Þórarinsson dvaldi á Akureyri voru þessar „eiginlegu bæjarþarfir“ ekki aðrar en innfærslubækur og skrifföng handa starfsmönnum bæjarins, leiguhúsnaði undir bæjarstjórnarfundum og vegabætur í kaupstaðnum. Lengra mátti bæjarstjórnin ekki ganga til að liðka fyrir hjólum atvinnulífsins, fyrir vikið voru til dæmis allar bryggjur í bænum í einkaeign. Þetta voru veigalítil mannvirki sem sett voru fram á vorin og dregin upp á haustin. Ekkert kaupskip gat lagst upp að þeim og varð því að afferma þau og ferma með hjálp lítilla árabáta. Sama ár og Sveinn fluttist til Akureyrar var stungið upp á því í bæjarstjórninni að settur yrði á stofn almennur skóli í kaupstaðnum, kostaður af samfélaginu, til þess að fátæk börn gætu notið einhverjar skólakennslu. Tillagan var felld. Það var einkaskóli í bænum og bæjarfulltrúarnir vildu láta þar við sitja. Sumarið eftir að þessi ákvörðun var tekin kom þeim þó saman um að bærinn yrði að eignast svarthol. Það var yfirvalda að sporna gegn allri lögleysu og því réttlætlanlegt að taka af almannafé til slíkra mála. Þannig bar þá tvo atburði saman að Sveinn Þórarinsson fluttist til Akureyrar og að Akureyringar eignuðust fangelsi. Það var grafið inn í búðarbakkann fyrir ofan hús kaupmannsins Jóhanns G. Havsteens, lokað með skemmupili að framan og miklum járnslám fyrir dyrum.

Íbúar Akureyrar voru um þetta leyti í kringum 300 talsins. Bærinn var tvískiptur; annar hlutinn var hin svokallaða Fjara, mjó landræma er teygði sig innan frá Krókeyri og út undir sjálfa Akureyrina en þar sló hjarta kaupstaðarins. Akureyri hafði lengi verið aðalverslunarstaður Norðurlands, hún reis og dafnaði vegna kaupmannanna. Þeir höfðu kosið að reisa hús sín á lítilli eyri neðan undir Búðargili, er nefndist Akureyri, og af henni er nafn kaupstaðarins dregið. Aðdýpi var þar mikið og skip gátu því lagst nálægt landi sem auðveldaði mjög farmflutninga til og frá þeim. Út af fjórubýggðinni voru hins vegar grynningar. Fyrir vikið sóttust kaupmenn, þeir sem á annað borð áttu skip í siglingum, ekkert eftir byggingarlóðum þar innra. Fjaran var því eftirlátin iðnaðarmönnum og öðru fólki er dró fram lífið á handafla sínum. Og þangað fluttist Sveinn Þórarinsson sumarið 1865.

Árið 1865 Sveinn flyst til Akureyrar

Hinn 7. júní 1865 skrifaði Sveinn Þórarinsson í dagbók sína;

„Logn og hlýtt blíðviðri. Ég var mjög lasin gat ekkert aðhafst. Fékk 4 menn til að flytja mig, fólk og fé til Akureyrar og fleyri sem hjálpuðu til. Sumir fóru með 20 áburðarhesta á eftir en eg reið með fólkí mínu á undan. Allt gekk vel því veður var blítt, og settumst við að í húsi Páls Magnússonar nefnil. Eg, kona mín, 4 börn: Björg, Jón, Ármann og Friðrik; Þorsteinn Björnsson vinnum., Hildur Snorradóttir og Ólöf Ólafsdóttir vinnukonur.

Í dag var lokið við að setja niður í kartöplugarð minn hér.“

Tveimur dögum síðar reið Sveinn aftur út að Möðruvöllum að aðstoða Pétur amtmann við að hnýta lausa enda svo að flytja mætti amtmannsembættið inn á Akureyri. Ekki mátti á milli sjá hvor var veikari, Sveinn af sullaveiki, sem smátt og smátt var að naga í sundur lífsþráð hans, eða Pétur á sinninu. Svipir fortíðar létu amtmanninn aldrei í friði og brennivínið veitti ekki nema stundarfró.

Sveinn hafði varla dvalið hálfu viku á Möðruvöllum þegar hann fékk þær fréttir úr kaupstaðnum að Ármann sonur hans hefði dottið ofan í kjallara Nonnahúss „og rífið sundur á nagla kinnina aðra úr munnaviki aptur undir eyra, innúr að tönnum“. Áhyggjufullur hraðaði Sveinn sér heim á leið. Þegar þangað kom mætti honum ófögur sjón. Finsen héraðslæknir hafði nælt saman kinn drengsins með 6 þrjónum og reynt að vefja höfuðið svo að tæplega þriggja ára barnið næði ekki að klóra í sárið. Á einu andartaki helltist vanmáttartilfinning og geðshræring yfir óttasleginn föðurinn, axlirnar bognuðu, tárin leituðu út í augnhvarmana og mörkuðu sér farvegi niður kinnarnar. En það var huggun harmi gegn að Ármann var rólegur og strax 17. júní tók Finsen fyrsta þrjóninn úr kinn hans.

Þetta sumar dvaldi Sveinn ýmist inni á Akureyri eða á Möðruvöllum enda fluttist húsbóndi hans ekki í kaupstaðinn fyrr en í september. Þrátt fyrir skuldabaslið og veikindin bar amtsskrifariinn sig vel. Hann keypti sér svört fót, frakka, buxur og vesti, og borgaði fyrir 41 ríkisdal. Hann skorti húsgögn og keypti bæði borð og stóla, fékk sér teppi á gólf og gardínur fyrir glugga. Það er þó greinilegt að Sveini ofbauð eyðslusemi sín þegar hann í ágúst greiddi 40 ríkisdali fyrir silfurborðbúnað. „Frú Schulesen kom og narraði mig til að kaupa af sér silfurtöi fyrir 40 rd.“, skrifaði hann og var greinilega svolítið hneykslaður á sjálfum sér.



Sigríður Jónsdóttir, fædd í Reykjahlíð við Mývatn árið 1826. Mynd: Minjasafnið á Akureyri



Sveinn Þórarinsson fæddist í Kílakoti í Keldubverfi 17. mars 1820. Mynd: Minjasafnið á Akureyri

Þó sumarið væri varla hálfnað varð að hyggja að komandi vetri. Það varð að útvega svörð til húshitunar, byggja yfir vatnsbrunninn og Sigríður þurfti að fá þvottasnúrur til að þurrka á plögg fjölskyldunnar. Þá var Sveinn órólegur vegna Þorsteins vinnumanns síns er honum þótti heldur daufur til verka; „kann ekki að rista, ekki að slátra og ekki að raka skinn“ var lýsingin er Sveinn gaf Þorsteini.

Upp úr miðjum júlí færðist allur annar bragur yfir bæinn þegar franska herskipið Pandora sigldi inn á Pollinn. Frakkarnir voru lífsgleðin uppmáluð og fóru í hópum með glensi og gamni um götur Akureyrar, keyptu naut og buðu öllum sem vildu að koma um borð og skoða skipið. Fjölmargir þekktust boðið, þeirra á meðal Sveinn, Sigríður kona hans, Nonni litli og Bogga. Frakkarnir spiluðu á hljóðfæri og dönsuðu við bæjarbúa á þilfari Pandoru. „Um kvöldið höfðu Frakkarnir bal.“ Um stund var mæðunni vikið frá Sveini en það var eins og máttarvöldin gætu aldrei unnt honum langra ánægjustunda. Örfáum dögum eftir brottför Frakkanna veiktist Friðrik, sem þá var á fyrsta ári. Hinn 3. ágúst skrifaði Sveinn að sonur hans væri „að dauða kominn.“ Finsen læknir hafði reynt alla sína

lækniskúnst á drengnum en allt komið fyrir ekki. Loksins greip örvæntingarfull móðirin til þess ráðs að senda eftir Grími í Reykhúsum, syni Magnúsar klausturhaldara að Möðrufelli og sonarsyni hins nafntogaða Gríms Magnússonar græðara sem Jónas Hallgrímsson gerði ódauðlegan í kvæðinu „Hættu að gráta hringaná“. Strax daginn eftir byrjaði Friðrik að hjarna við. Batinn kom hægt og í nokkra daga varð Hildur vinnukona að sitja með drenginn jafnt nótt sem dag. Það var fyrst 12. ágúst að hún gat yfirgefið drenginn og gengið til heyskapar í Kjarnaenginu með öðrum hjúum Sveins. Bústofn hans var þó ekki stór, tvær kyr og þrjár hestar.

Meðan á veikindum Friðriks stóð kom Tryggvi nokkur Gunnarsson, síðar forstjóri Gránufélagsins, alþingismaður og bankastjóri, til bæjarins að ljósmynda þá er vildu. Sveinn og Sigríður voru á meðal þeirra fjölmörgu er fóru á fund Tryggva. Þau höfðu Ármann með sér en troðningurinn var svo mikill að þau máttu „fyrir ös og ráðriki ýmsra dóna biða þar 6 tíma eptir að myndir næðust af okkur sem allt varð þó í flautri og mislukkadist.“ Þær voru mun ánægjulegri Sveini stundirnar sem hann átti á Pollinum með Nonna þrátt fyrir að fiskurinn væri tregur. Þeir feðgarnir áttu þó ekki margar slíkar stundir saman því að nú byrjaði að halla sumri og sífellt meiri tími fór í að draga björg í bú fyrir veturinn. Í septemberlok var svörðurinn allur kominn í hús, 140 hestar, og um leið fylltust götur bæjarins af jarmandi sauðfé og slátrun hófst. Sveinn byrjaði að reita að sér skurðarfé og 5. október luku kaupakonur við að taka upp úr kartöflugarðinum við húsið. Í lok mánaðarins byrjaði barnaskólinn „og gengu Bogga og Nonni þangað.“

Fljótlega eftir að Pétur amtmaður fluttist í kaupstaðinn voru öll skjöl amtsins flutt út í leiguhús amtmannsins, gamla apótekið, sem þá var raunar mjög nýlegt. Eftir þetta varð Sveinn að ganga drjúgan spöl, og stundum illfæran, til vinnu sinnar og þegar bættust við langar setur á kontórnum við skriftir var ekki von á góðu. Upp úr miðjum desember veiktist hann hastarlega með miklum grafraruppgangi og blóðhósta. Hann pindi sig þó engu að síður til að vera á ferli það sem eftir lifði ársins, sat við skriftir, sótti jólaboð til amtmannsins á aðfangadag með þremur eldri börnum sínum og fór í kirkju á jóladag. Það sem hélt Sveini gangandi voru stórir skammtar af lyfinu Laudanum sem var í rauninni lítið annað en ópíum. Fársjúkur kvaddi amtsskrifarin árið 1865 með þeim orðum að nú væri hann „niðurbrykktur af skuldum“ er á honum hvíldu.

Árið 1866 „Daður fyrir heiminum“

Á nýársdag 1866 skrifaði Sveinn í dagbók sína: „Frost og bjartviðri. Ekki messað. Eg lá dauðveigur í rúminu með graptraruppgangi og Feber.“ Sjúkdómurinn sem gert hafði Sveini lífið svo þungbært í fjöldamörg ár og sem seinast dró hann til bana var sullaveiki. Einhvern veginn hafði frjósproti þessarar ægilegu veiki ratað ofan í Svein.

Þegar hér var komið sögu höfðu læknar nýlega áttað sig á því að það voru hundar sem báru egg bendilormsins úr sauðfé yfir í menn. Um sláturtím-ann gengu gráðugir hundar óhindraðir í innnyflum sláturdýra og allan ársins hring fengu þeir að sleikja úr öskum húsbænda sinna. En þótt að orsökkin væri fundin voru læknisráð gegn sullaveikinni af skornum skammti og þess fékk Sveinn að gjalda. Finsen, sem vafalaust stóð fremstur íslenskra lækna að þekkingu á sullaveikinni, var gjörsamlega ráðalaus. Hann hafði án árangurs reynt á Sveini brennsluaðferð Frakkans Recamiers. Hún fólst í því að brennt var gat á magann og sullinn í áföngum með glóandi vítissteini eða öðrum til þess föllum verkfærum og meinsemdin, sullir og sullhús, var látin renna út um tilbúið magaopið.

Finsen vildi ógjarnan reyna öðru sinni að brenna eftir sullinum í kviðarholi Sveins. Þess í stað fékk amtsskrifariinn meðöl, læknanði og kvalastillandi. En bandormarnir sóttu stöðugt í sig veðrið og heita mátti að Sveinn væri við rúmið allt árið 1866. Hinn 27. janúar skrifaði hann; „Eg lá með lakasta móti, vona nú bráðum eptir dauða mínum.“ Pétur amtmaður vitjaði skrifara síns daglega og hafði þungar áhyggjur af heilsuleysi hans. Sveinn tórði en sjúkdómurinn og drepanði skuldirnar eitruðu líf hans. Í öndverðum febrúar veiktist Sigríður og sama dag lét Sveinn flytja rúm sitt í austurstofuna „ýmsra orsaka vegna.“ Hann var með sífelldum kvölum sem stundum urðu óþolandi þrátt fyrir morfinið sem hann tók daglega. Sárþjáður sendi Sveinn eftir homopatisikum meðölum sem hefur vísast verið Finsen lækni mjög á móti skapi því að hann hafði lengi barist vonlítilli baráttu gegn kukli ólærðra skottulækna. Meðölin bærust um miðjan mars en Sveinn, sem var orðinn ákaflega máttfarinn og svo tálgaður að minnti helst á beinagrind, réði ekki við að taka þau inn hjálparlaust. Frekar en að biðja húsfólk sitt hjálpar sendi hann eftir leigusala sínum Páli á Kjarna sem brást vel við og kom þegar niður á Akureyri að aðstoða Svein við meðalainntökuna. En skottulækningarnar tóku ekki fram aðferðum Finsens og 17. mars skrifaði Sveinn: „Eg lá með sömu

þrautum ... Afmæli mitt var í dag með lítilli dýrð, og vona eg nú bráðlega eptir dauða mínum.“ Daginn eftir henti hann homopatiska sullinu og hóf aftur að taka verkjastillandi lyf og Finsen byrjaði enn að reyna ný meðöl á skrifaranum. Stöðugar áhyggjur Sveins af fjárhag sínum urðu ekki til að draga úr vanlíðan hans. Í þrjá mánuði hafði hann ekkert getað sinnt skrifarastörfum og amtmaðurinn því neyðst til að fá sér nýjan skrifa-ara. Þrátt fyrir erjur og misklíð bar Sveinn hag fjölskyldunnar fyrir brjósti og undir lok mars bað hann Pál á Kjarna, Stefán Thorarensen sýslumann og Eggert Gunnarsson, bróður Tryggva ljósmyndara, fyrir konu sína og börn kæmi til sölu á búinu fyrir skuldum. Kvíksögur, að mestu runnar undan rifjum Þorsteins á Skipalóni, um gjaldþrot Sveins voru þegar byrjaðar að ganga um kaupstaðinn. Honum var skapraun að slúðrinu og reyndi að breiða yfir raunverulegt ástand sitt þegar fundum þeirra Þorsteins bar saman. Dagbókinni treysti hann hins vegar fyrir sannleikanum. Skuldásúpan var slík að hún „virðist nóg tilefni fyrir mig til að stytta mér aldur, ... hvíla nú á mér allt að 3000 rd. skuldir sem eg ekki sé nein ráð til að borga.“

Sumardagurinn fyrsti rann upp með 19. apríl. Þessi dagur hafði lengi verið í hávegum hafður hjá Íslendingum, jafnvel umfram sjálf jólin. Á hátíð frelsarans var það siður landsmanna, einkum við börn, að gefa þeim einhver fataplögg til að þau færu ekki í jólaköttinn en miklu almennara var að gjafir væru gefnar á sumardaginn fyrsta. Húsbændur færðu þá öllum heimilis- mönnum eitthvað, börn gáfu oft foreldrum sínum gjafir og vinnufólk stundum húsbændum. Vonin eftir sunnanvindum, sól og gróanda létti mönnum lund. Eftir langan og oft strangan vetur varð loks von á kaup- skipum með matvöru og fréttir frá útlandinu. Og brátt byrjaði mjólkinn að aukast í kúnum og ærnar að bera. „Vorboðinn ljúfi“ kom í tún og hrossa- gaukurinn hneggiði og spáði fyrir um sumarið. Það voru þó engir hlývind- ar í sálu Sveins sumardaginn fyrsta 1866.

„Hér í húsi var eingin gleði á ferðum nema hvað börnin voru að gefa hvort öðru og móður sinni eitthvert glingur í sumargjafir. Eg var að öðru leyti eins- og dauður fyrir heiminn og heimurinn dauður fyrir mig. Annað fólk hér í bænum skemti sér með ýmsu móti, en slíkt náði ekki til míns eynda heim- kynnis.“

Veturinn hafði verið geysilega kaldur og ís lengstum hamlað siglingum. Í febrúar hafði Sveinn gripið til þess ráðs að láta moka snjó að hýbýlum sín-

um til skjóls. Mánuði síðar varð hann aftur að fá mann til þess að moka snjó með vinnustúlkunum, en í þetta skiptið frá húsinu til að verja það vatns-gangi. En sunnan hlákan stóð ekki lengi. Það kólnaði aftur. Maímánuður byrjaði með norðan kafalds stórhrið og frostgrimmð. Hafsinn fyllti Eyja-fjörð inn á Poll. Sveinn var orðinn eldiviðarlaus og Friðrik litli orðinn veikur af kulda. Allt lagðist þetta með ofurþunga á húsbóndann, hann var þungsinna og þjáðist af „ógurlegum lífsleiða“. Og nú byrjaði Sveinn að leita leiða til að koma börnum sínum á betri stað. Hann skrifaði kunningja sínum Indriða Þorsteinssyni á Viðivöllum í Fnjóskadal og bað hann að taka Nonna litla, sem þá var á níunda ári, í fóstur en svar lét á sér standa. Sullurinn gerði ýmist að herða eða lina tökin á fórnarlambi sínu. Sveinn var stundum rólfær en oftar þó við rúmið. Í júlíbyrjun lá hann sem oftar rúmfastur.

„Eg var veikur mjög af allskonar eymd, velgu, matarólist, hægðateppu og affleysi í endaparminum, samt stanslausum hósta, lifrabólgu og lungnatæring, graptrar og blóðuppgangi; er tóm beinagrind óttaleg að sjá held við lífinu með Morphini og Laudanum.“

Þegar tíu dagar voru af júlí kom gufuskip inn á fjörðinn sem var þó ennþá fullur af hafis inn að Oddeyri. Sveinn var þá með frískasta móti, klæddist og fór með nágrönnum sínum út á skipið og skoðaði þar allt. Sama dag keypti hann efni í treyjuföt handa Ármanni. Hann var hættur að taka meðöl önnur en laudanum og morfín. Upp úr þessu byrjaði tíðin að batna og 13. júlí var ísinn að mestu horfinn. Jafnskjótt lagði kaupskipið Hertha upp til Kaupmannahafnar. Um borð var Jón Finsen læknir og fjölskylda hans. Finsen gerðist eftir þetta læknir í Danmörku og átti ekki afturkvæmt til Íslands.

Sveinn saknaði vinar í stað. Hann var ergilegur og kvartaði yfir því að hafa „hvorki svefn né ró fyrir krakkaargi og óreglu í húsinu“ er færi jafnt og þétt vaxandi. Í júlílok var Sveinn orðinn sannfærður um að bú hans stjórnaðist alltaf ver og ver. Kartöflugarðurinn fyrir utan húsið var orðinn grænn af arfa og „í stöku ólagi fyrir klaufalega niðursetningu“. Þetta fór í taugararnar á Sveini. Hann var þó á róli en með stöðugan graftraruppgang og þrautir fyrir bringspöllum „með bólgu og fylli“. Sex morfínpillur á dag héldu honum á fótum. Mánuði síðar hafði þeim fylgjað í 8 og Sveinn treysti dagbókinni fyrir því að hann gæti ekki án þeirra verið. Fjölskyldan bjó þegar við krappan kost og hann varð að neyta allra ráða til að halda sér

frá rúminu. Í ágústbyrjun hafði hann fengið tímabundna vinnu hjá lausa-kaupmanni og í lok mánaðarins kom upp sundurlyndi milli Péturs amtmanns og hins nýja skrifara hans sem endaði með því að skrifarinn sagði upp vistinni og amtmaður bað Svein að taka sitt gamla starf aftur. Sveinn hafði því skyndilega nóg að gera. Hann var með besta móti til heilsunnar og þegar gerði bjart og gott veður í byrjun september gat hann jafnvel róði út á Pollinn með Nonna. Það var heldur að rofa til í sál Sveins. Hinn 20. september var hann viðstaddur uppboð á búi Finsens læknis og þrátt fyrir að honum þætti „allt gífurlega dýrt“ keypti skrifarinn harmoníku, enda mikill tónlistarunnandi, og lítið leikfang, kannski handa Friðriki litla sem átti tveggja ára afmæli 4. nóvember. Sláturtíðin var nú að ganga í garð og bændur byrjuðu að reka búfénað sinn í kaupstaðinn. Göturarnar fylltust af jarmandi sauðfé og fjaran út af kaupstaðnum varð löðrandi í blóði, gorhaugum og innvolsi sláturdýranna sem slegin voru af úti undir beru lofti.

Í endaðan nóvember skrifaði Sveinn: „Heilsufar mitt er nú með skásta móti.“ Hann hafði litlar þrautir, góðar hægðir og ágæta matarlyst en var engu að síður máttlítill og þollaus. Honum hafði tekist að draga úr pillu-átinu, gleypti aðeins þrjár morfintöflur á morgnana og tvær á kvöldin. Hann hafði jafnvel reynt að hætta alveg við morfínið en ekki tekist, „því gjöri eg það, verð eg strax alveikur líkt og eptir mikin drykkjuskap“. En þrátt fyrir að heilsa Sveins batnaði um hríð sat margt annað um hann og fældi alla lífsánægju frá. „Eg finn að óánægja, leiðindi, gremja, Næringsssorger, viðhalda veiki minni.“ Sveinn endaði dagbókina fyrir árið 1866 á því að undirstrika enn vesöld sína og lífsleiða:

„Af langsömum og þungum veikindum, áhyggjum, bágindum og ýmsum hretviðrum lífsins er eg orðin mjög svekktur á sál og líkama, og þoli nú hvorki heitt né kalt, er mig því farið að langa eptir að losast við lífsins þungu byrði.“

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2025

Kæru félagsmenn

Aðalfundur Sögufélags Eyfirðinga var haldinn á Amtsbókasafninu á Akureyri 14. maí 2024. Fundurinn var með hefðbundnu sniði að vanda. Að loknum aðalfundarstörfum flutti Arnór Bliki Hallmundsson erindið: Um byggingarársins óvissan tíma. Upprunasaga nokkurra elstu húsa á Akureyri. Erindið féll í góðan jarðveg, enda viðfangsefni þess úr okkar nærsamfélagi. Það er gömul saga og ný, í safna-, og sagnaheiminum, að einstaklingar verða fyrir meiri áhrifum af því sem þeir ná tengingu við, því sem er kunnuglegt. Það verður minnisstæðara og upplifunin sterkari. Það sannaðist þegar Arnór Bliki flutti erindi sitt og sýndi myndir af nokkrum gömlum og kunnulegum húsum á Akureyri, að efnið átti óskipta athygli fundar gesta.

Skipan stjórnar Sögufélags Eyfirðinga er óbreytt milli ára. Fundir voru ekki margir á árinu 2025. Ein ástæða þess er að stjórnin hefur nú svæði í netheiminum þar sem haldið er utan um hin ýmsu mál sem tengjast félaginu. Þar eru fundargerðir vistaðar og umræðuþræðir sem flokkaðir eru eftir málum, svo ekki er eins brýnt að hittast á formlegum fundum. Tekið skal fram að fundargerðir verða þó áfram samviskusamlega handskrifaðar í fundargerðabókina góðu en eru einnig færðar á rafrænt form.

Vert er að minna á heimasíðuna okkar: [https://www.sogufelageyfir-
ingna.is/](https://www.sogufelageyfir-
ingna.is/) og einnig á íslensku: [https://www.sogufelageyfir-
ingna.is/](https://www.sogufelageyfir-
ingna.is/), en þar má nálgast töluvert af útgefnu efni Sögufélags Eyfirðinga, sögu félagsins, fréttir og vísi af myndasafni sem mun vaxa og dafna á komandi árum.

Að lokum skal nefnt að öllum hugmyndum um efni til birtingar í Súlum yrði vel tekið. Það er Jón Hjaltason, ritstjóri Súlna, sem tekur við slíkum ábendingum. Netfangið hans er jonhjalta@simnet.is

Bestu þakkir fyrir samstarfið og kveðjur góðar,
stjórn Sögufélags Eyfirðinga

